

2022 - 2023

Skýrsla kennsluteyma



Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. bekkur	3
2. bekkur	11
3. bekkur	16
4. bekkur	23
5. bekkur	26
6. bekkur	32
7. bekkur	41
8. bekkur	49
9. bekkur	55
10. bekkur	62
Íþróttir og sund	69
List- og verkgreinar	72
List- og verkgreinakennsla í 1., 2. og 3. Bekk, heimilisfræðival á unglíngastígi, umsjón með ræktunarverkefnum í skólanum.	73
Hönnun og smíði	77
Heimilisfræði	80
Myndmennt	82
Textílmennt	85
Listasmiðjur og samþætting námsgreina	87
Sérkennsla	90
Sérkennsla á miðstígi - 4. 5. og 6. bekkur	92

Inngangur

Í skýrslunni fara teymin í gegnum það sem verið er að gera í hverjum árgangi allt skólaárið. Markmiðasetningu, skipulagi á kennslu og námsmati og framkvæmd á þessum þáttum. Með vinnunni er markvisst tekið saman og ígrundað hvað er gert, hvernig bjargir eru nýttar og hvernig teymin vilja halda áfram. Teymin skoða kennsluáætlanir í öllum fögum, bera saman námsmarkmið í kennsluáætlunum og Mentor og vinna að samræmingu og lagfæringum sem þarf. Einnig ígrunda þau hvernig skráningarkerfi í Mentor er notað og þá möguleika sem þar eru til staðar í formi lotu- og verkefnaskráninga.

1. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Umsjónarkennarar: Ólöf María og Arna Benný báðar í 100% stöðu. Arna Benný vann fram að páskafrí þegar hún fór í fæðingarorlof en þá tók Halla Soffía Tulinius við sem leiðbeinandi með umsjón fram að sumarfríi. Sérkennari var Margrét I. og Rósa Mjöll kom að nokkrum nemendum yfir veturinn. Nemendur voru 29 í upphafi skólaárs, einn nemandi bættist við í október og voru því 30 nemendur í 1. bekk í lok skólaárs.

Stuðningsfulltrúar voru: Sigríður Hinriksdóttir og Kolbrún Ósk Eðvarðsdóttir.

Námsumhverfi og skipulag:

Nemendum var skipt í fjóra hópa (hjarta, spaði, tígull, lauf), tveir hópar voru í hvorri stofu fyrir sig og hóparnir voru síðan færðir til á milli stofa með nokkuð reglulegu millibili (3-5 vikna millibili). Í mentor var nemendum skipt á umsjónarkennarana tvo og unnið út frá því að það væru þeir hópar sem mættu í samtöl til við komandi kennara að hausti og í janúar.

Nemendum var síðan skipt í þrjá hópa í sundi (sæhestar, selir og höfrungar) og sú skipting var einnig notuð í hringekju á föstudögum þar sem skiptust á föndur og ýmis verkefni í kennslustofum á mótí tónmennt hjá Hirti tónmenntakennara.

Kennslustofurnar voru báðar með sjónrænt skipulag á töflu fyrir daginn sem og eitt og annað sjónrænt til upplýsinga og áminningar fyrir nemendur. Námsveggir voru gerðir fyrir íslensku og stærðfræði með lituðu teipi og undir hvorum námsvegg var borð með tilheyrandi hjálpargögn fyrir viðkomandi námsgrein.

Uppröðun borða var að mestu leiti með þeim hætti að borðum var raðað í U og starfsfólk átti þá auðvelt með að fara á milli á kollum á hjólum en húsgögn í 1. bekk eru mjög lág. Nemendur voru síðan færðir til í sætum eftir þörfum, bæði þegar hópaskipti voru milli stofa sem og þegar sambýlið var ekki að ganga upp af einhverjum ástæðum.

Einn nemandi var með einstaklingsnámskrá en aðrir nemendur unnu eftir hæfniviðmiðum árgangsins.

Hlíðarfjall – Rósa Mjöll

Alls var gert ráð fyrir 3 - 4 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennara í námsverinu Hlíðarfjalli. Nemendur fengu bæði einstaklingskennslu eða að vinna í litlum hópi inni í námsverinu. Sérkennari fór einnig inn í bekkinn. Í Hlíðarfjalli var lögð áhersla á að vinna með félagsfærni, samskipti, styrkleika, þætti úr Uppbyggingarstefnunni og CAT-kassanum ásamt námsmarkmiðum bekkjarins. Sérkennari aðstoðaði einnig við að undirbúa nemendur fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbrot í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru.

Sjónarhóll – Margrét Ingimundard.

Alls var gert ráð fyrir 5 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Einn hópur úr 1. bekk kom í Sjónarhól í vetur þ.e. 5 nemendur í hópi. Einnig fer sérkennari inn í bekki þegar það á við. Hópar breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá Lesskimun í okt. og lesfimiþrófum. Nemendur fylgdu námsefni bekkjarins. Lögð var áhersla á að nemendur lærðu stafina og hljóð þeirra. Eins var unnið með hljóðgreiningu, hljóðtengingu, orðaforða og hugtakaskilning. Allir nemendur metnir út frá viðmiðum árgangsins. Umsagnir sérkennara vistaðar á Mentor, undir Námsmappa.

Íslenska:

Í íslensku var unnið með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum byrjendalæsis. Einnig var unnið með bækurnar Lestrarlandið vinnubók 1+ og 2+. Gerð var ítarleg vetraráætlun fyrir byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hver markmiðin voru. Markmið með hverri áætlun tengdust markmiðum á hæfnikorti og voru alltaf sýnileg nemendum á námsvegg.

Aðaláherslan í vetur var á lestur, stafainnlögn ásamt allri vinnu sem henni viðkom og hljóðkerfisvitund. Við reyndum eftir bestu getu að samþætta íslensku við aðrar námsgreinar eins og myndmennt, textíl og samfélagsfræði. Lögðum áherslu á fjölbreytt verkefni þar sem notast var t.d. við leir, Ipad, svampstafi og ritun í myndum og orðum. Samstarf við sérkennara var afar gott og við skipulögðum allar kennslustundir í samráði við þá með ákveðin námsmarkið að leiðarljósi. Tekin voru lesfimispróf, lesskimun og einnig fór hluti nemenda í stafakönnun og hljóðgreiningu. Íslenskukennslan í vetur gekk mjög vel og var markviss. Góðar og markvissar vetraráætlanir í byrjendalæsi hjálpa mikið til að léttu skipulagið þar sem við gátum haft fyrri áætlanir til hliðsjónar og nýtt það sem hentaði fyrir okkar kennslu. Leiðsagnarnámið studdi einnig vel við íslenskukennsluna þar sem við meðal annars innleiddum sjálfsmat nemenda eftir vinnu við hverja bók. Við settum upp námsvegg fyrir íslensku í báðum kennslustofunum og þar voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni og sjálfsmatið var unnið út frá markmiðunum.

Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn, fyrst og fremst með því að fylgjast með nemendum í kennslustundum en einnig út frá niðurstöðum lesfimi, orðakannana og með því að fara yfir verkefni nemenda bæði jafn óðum og í lok skólaárs.

Stærðfræði

Við unnum með grunnþætti stærðfræðinnar. Viðfangsefnin voru tölurnar 1-20, samlagning, frádráttur, flokkun, mælingar, form og mynstur. Notaðar voru Sprotabækurnar 1a og 1b, bæði nemendabækur og æfingahefti. Einnig æfðum við sömu þætti í Stærðfræðispæjara 1. Nemendur voru einnig með einstaklingsmiðaðar námsbækur sem ítarefni. Í tengslum við stærðfræðileiðtogann glímdu nemendur við opin dæmi og þrautir voru lagðar fyrir nemendahópinn. Sú vinna var unnin í hópavinnu og áhersla lögð á að nemendur æfðu sig í að tala saman um stærðfræðina, finna lausn í sameiningu og æfðu sig í að útskýra fyrir öðrum hvernig lausnin var fundin. Nemendur æfðu líka stærðfræði með vinnu í Ipad, bæði í hringekju og sem aukaefni. Einnig fengu nemendur að glíma við að leysa ýmis verkefni á göngum skólans sem og úti.

Stærðfræðikennslan gekk vel. Við lögðum áherslu á að útskýra vel fyrir nemendum við upphaf hverrar aðferðar hvað við værum að fara að gera og hvernig hægt væri að nýta sér ýmis hjálpargögn við vinnuna. Við hvöttum nemendur til að æfa sig við að nota bjargir við vinnuna: sýna þrautseigju og skoða sýnidæmi, reyna betur, spyrja sessunaut og svo biðja kennara um aðstoð. Við lögðum líka áherslu á það að nemendur hjálpuðu hverjum öðrum á réttan hátt, það er með því að útskýra aðferðina eða leiðina að svarinu en ekki segja þeim svarið.

Til að æfa einingar og tugi töldum við skóladagana frá upphafi vetrarins með því að telja rör. Hvert rör táknaði þá eina einingu og síðan voru sett saman 10 rör í búnt til að tákna tug. Þegar fyrsti bekkur hafði lokið 100 dögum í skólanum héldum við hundrað daga hátíð þar sem nemendur meðal annars töldu 10 x 10 stykki af góðgæti í poka sem þau máttu gæða sér á yfir mynd (101 dalmatíuhundur). Samþætt verkefni við íslensku var síðan stærðfræðisaga eða stærðfræðiþraut sem hver nemandi samdi sjálfur og skrifaði á blað með tilheyrandi myndskreytingu. Umfjöllunarefnið var talan 100 en útfærslan var þeirra.

Námsmatið var unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Kennarar fylgdust með og spurðu nemendur út úr í kennslustundum en fylgdust einnig með vinnulagi nemenda og merktu við hjá sér. Nemendur tóku eitt próf um vorið til að hægt væri að meta kunnáttu hvers og eins án þátttöku annarra varðandi nokkur atriði í námsmatinu. Við settum upp námsvegg fyrir stærðfræði í báðum kennslustofunum og þar voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni og sjálfsmatið var unnið út frá markmiðunum.

Samfélagsfræðigreinar

Í samfélagsfræði voru unnin verkefni út frá byrjendalæsisverkefnum sem unnið var með hverju sinni, til dæmis lærðum við um íslensku húsdýrin í tengslum við bókina Íslensku húsdýrin og Trölli. Meðal þess sem við gerðum var að skoða vef mms þar sem fjallað er um íslensku húsdýrin í máli og myndum og síðan gerðu nemendur bók um húsdýrin. Við lærðum um skordýr út frá bókinni Skordýraþjónusta Málfríðar. Nemendur fræddust enn frekar um skordýrin á vef mms og gerði hver nemandi sitt verkefni um eitt þeirra, en upplýsingaleitin var unnin í samvinnu við nokkra aðra bekkjarfélag.

Við tókum fyrir fræðslu um fyrstu landnámsmenn í Eyjafirði og tengdum þá vinnu við vettvangsferð að styttnni af Helga magra og Þórunni hyrnu. Við lærðum um árstíðirnar og hvað einkennir hverja þeirra, umferðarreglur og umferðarmerki, hollustu og endurvinnslu og rýndum aðeins í kort af Íslandi og glugguðum í kortavefsjá á vef mms. Einnig ræddum við þjóðsönginn okkar, þjóðhátíðardaginn, íslenska fánann og forsetann. Við ræddum einnig mikilvægi fjölskyldu og vina, ýmsar fjölskyldugerðir og tókum fyrir stutta hinsegin fræðslu.

Vinnan í samfélagsfræði var mikið til unnin út frá þeim hæfniviðmiðum sem meta þurfti í 1. bekk sem og annarri vinnu eins og skordýravinnan í tengslum við byrjendalæsi þar sem við nýttum tækifærið til að fræðast meira um leið og við unnum með markmið byrjendalæsis.

Námsmat fór fram jafn óðum meðfram þeirri vinnu sem við unnum hverju sinni.

Enska

Unnið var með nokkur létt viðfangsefni, tölurnar 1-20, litir, dýr af ýmsu tagi. Innlegg var gjarnan myndband og/eða lag með viðfangsefninu. Verkefnin voru ýmis konar, stundum föndur, stundum ritun

og stundum söngur eða leikur. Enskan var kennd að jafnaði einu sinni í viku og aðal áherslan á leik og gleði. Námsmat í ensku í 1. bekk var unnið út frá þátttöku nemenda í kennslustundum þar sem við vorum eingöngu að meta hvernig þeim gekk að fylgjast með og fylgja því sem fram fór.

Verk- og listgreinar

Markmið í textílmennt í 1. bekk, samkvæmt námsframvindumarkmiðum í mentor, voru að nemendur gætu haldið rétt á skærum og beitt skærum á pappír, gætu þrætt spor í stífan pappa, gætu þæft einfaldan hlut og gætu þrætt saman tvo efnisbúta með þræðispori.

Verkefnin sem nemendur unnu voru ýmist tengd byrjendalæsisverkefnum eða árstíðabundnum verkefnum s.s. jólum eða páskum. Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga. Einnig voru efni úr náttúrunni nýtt svo sem afklippur af runnum, trjágreinar og fleira.

Verkefni vetrarins voru: saumuð mynd í pappa, ofin fígúra, þæfður túlípani, saumaður páskaungi með þræðispori og klippiverkefni.

Það gekk vel að vinna verkefnin og voru nemendur glaðir að fást við verklega vinnu. Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau, nemendum leiðbeint eftir þörfum og leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

Nemendur unnu eitt lítið smíðaverkefni í jólaþema. Verkefnið var jólaköttur og unnið í tengingu við byrjendalæsisvinnu með bókina Jólakötturinn tekinn í gegn. Nemendur fengu litla trékubba sem þau þússuðu til, lituðu jólakött og klipptu út úr pappa og límdu á prik sem voru fest á trékubbinn.

Myndlistarverkefni voru gjarnan unnin í hringekju á móti tónmennt en einnig í öðrum kennslustundum. Við æfðum okkur að vinna með vatnsliti, þekjumálningu sem og tré-, túss- og vaxliti. Nemendur unnu haustmynd með því að líma á karton þurrkuð laufblöð sem þau höfðu sjálf tínt úti. Við notuðum einnig laufblöðin til að gera myndir þar sem nemendur notuðu liti til að fá mynstrið í laufblöðunum til að koma fram á blaði sem lagt hafði verið yfir laufblöðin. Nemendur unnu verkefni þar sem þau klipptu niður pappír og límdu saman, t.d. til að búa til h-hest og B-býflugur. Einnig teiknuðu nemendur nokkur þekkt hús og staði í Reykjavík, klipptu út og límdu á stóran maskínupappír. Önnur klippiverkefni voru unnin eins og til að gera mósaík-i og v-vasa.

Upplýsingatækni

Við unnum með ipada í hringekju og stundum í stöðvavinnu. Markmið upplýsingatækni í 1. bekk snúa aðallega að því að þau kunnir að kveikja á tækjunum og slökkva, að þau getið opnað öpp og lokað en einnig æfðum við þau lítils háttar í að fara í leit á leitarvef.

Uppbygging sjálfsaga / Lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Auk þess settu verkfæri og gildi uppbyggingarstefnunnar mark sitt á margar

kennslustundir. Ákveðnir tímar voru síðan eyrnamerkir uppbyggingu þar sem unnið var með Y-kort á vegg (heyri, sé og finn), bekkjarsáttmála, hlutverkin, gildin og litahegðun. Bekkjarfundir voru haldnir vikulega þar sem mikil áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Við kynntum þarfirnar fyrir nemendum og þeir mátuðu sig við lýsingarnar á hverri fyrir sig. Unnið var með litahegðun bæði á bekkjarfundum og í almennum umræðum í kennslustundum þegar tækifæri gafst. Einnig var unnið með litahegðun í byrjendalæsi. Við notuðum efni og glærur á samgögnum um uppbyggingarstefnuna. Við notuðumst líka við vináttubangsann Blæ á bekkjarfundum og í kennslustundum þegar við átti. Við tengdum vinnuna með Blæ bangsa inn í uppbyggingu og lífsleikni. Þar unnum við mest með vináttu og jákvæð samskipti. Í tengslum við Leiðsagnarnámið fórum við í vinnu með Hugarfar vaxtar. Notuðum Class Dojo myndböndin sem grunn og síðan tókum við umræður og hengdum ýmis hvatningarorð og verkfæri upp í kennslustofu (pytturinn, GÆS, mistök og fl.).

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Við unnum með hugarfrelsi einu sinni til tvisvar í viku. Nemendur komu sér fyrir, ýmist á gólfi eða í sæti og hlustuðu á sögu á meðan þau einbeittu sér að öndun og slökun.

Heilahvöld var nær daglega á dagskrá. Þar var unnið með alls kyns hreyfingarleiki, svo sem Just dance, höfuð herðar hné og tær, teygjur og þrekæfingar og ýmislegt fleira. Stundum var meiri þörf á slökun og þá teknar öndunaræfingar eða stuttar hugarfrelsisæfingar.

Á útivistardegi í september fórum við í gönguferð í Lystigarðinn þar sem við lékum okkur um stund og borðuðum nesti. Síðan héldum við gönguferðinni áfram á leikvöllinn í Suðurbyggð og lékum okkur þar í dágóða stund áður en gengið var aftur í skólann. Fínn dagur og skemmtileg ferð þó veðrið hafi ekki alveg leikið við okkur.

Þann 14. október var haldin brunaæfing í skólanum. Hún gekk mjög vel fyrir sig þó vart yrði við smá kvíða hjá einstaka nemanda. Við ræddum þess vegna sérstaklega við nemendur hversu örugg við værum í skólanum og að svona æfing væri bara öryggisatriði.

Á árshátíðinni í nóvember söng 1. bekkur þrjú lög: Dýravísur, Tröllalagið og Tröllafjör og stóðu nemendur sig stórvel.

Þann 14. Desember hittu 1. bekkur vinabekkin sinn í tónmenntastofunni í söngstund og sungu saman jólalög. Söngstundin var skemmtilegt uppbrot í jólaundirbúningnum og nemendur og kennarar skemmtu sér vel.

Í jólaþemavinnu 16. desember vann 1.-3. bekkur á 6 stöðvum en allir með sama verkefni. Nemendur gerðu jólaköttinn eins og áður hefur verið lýst (list- og verkgreinar) og fengu síðan jólamyndir eða jólamandölu til að lita.

Samkvæmt venju hélt 1. bekkur upp á daginn þegar þau höfðu verið 100 skóladaga í grunnskóla en þann dag bar upp á 1. febrúar þetta árið. Við fönnduðum kórónu fyrir daginn og æfðum 100 daga hátíðarlagið. Á deginum fórum við síðan í skruðgöngu um skólann og sungum fyrir alla. Nemendur fengu að velja sér góðgæti í poka (10x10 – sjá stærðfræði) og í lok dags gæddu þau sér á því yfir myndinni 101 dalmatíuhundur.

Í mars voru þemadagar þar sem áherslan var á fjölþjóðameningu í Brekkuskóla. Þar var unnið að ýmsum verkefnum innan hvers stigs fyrir sig. 1. – 3. bekkur vann á fjórum stöðvum þar sem þau gerðu ýmsa þjóðfána, kynntust hefðum, tungumáli og tónlist frá ýmsum löndum og fóru í ratleik. Þessi vinna gekk vel og var mjög skemmtileg.

Brekkuskólaleikar voru haldnir 26. apríl. Þar voru vinarbekkirnir saman á stöðvum sem sló aldeilis í gegn. Bekkirnir fóru saman á fimm stöðvar alls, listastöð þar sem þau teiknuðu og lituðu mandölur á steina, útileikjastöð, dansstöð, stórfiskaleik og ratleik. Vinabekkirnir borðuðu svo saman í hádeginu sem þótti ekki síður skemmtilegt.

Vorgrillið fór fram í fínu veðri þann 2. júní. Fyrsti bekkur fór í tveim hópum á milli stöðva, annar með Ólöfu og hinn með Höllu. Samtals fóru krakkarnir á 13 stöðvar, 5 mínútur á hverri stöð og var sá tími dálítið knappur fyrir 1. bekk sérstaklega á Pókó-völlunum þar sem þau hafa flest ekki lært þann leik áður.

Skólaslitin fóru fram mánudaginn 5. júní. Við hittumst inni í stofu, ræddum saman um skólalokin, nemendur fengu verkefnapakka eftir veturinn afhentan sem og sumarbingó og fengu síðan að dunda við að lita og teikna þar til kominn var tími til að fara út að syngja. Við sungum úti í tröppum með 2. og 3. bekk. Hjörtur tónmenntakennari spilaði undir á gítar. Við sungum lögin Skýin, Sól sól skín á mig, Í síðasta skipti og Í-larí-ei. Við fengum fínasta veður þó það blési smá á okkur. Krakkarnir sungu hátt og skýrt og höfðu gaman af. Eftir sönginn fórum við aftur inni í stofu og krakkarnir fengu ís. Í lok dags komu foreldrar og skoðuðu ferilmöppur barna sinna áður en við kvöddumst og nemendur fóru í sumarfrí.

Vettvangsferðir / Grenndarkennsla

Við byrjuðum skólaárið á því að kynnast nærumhverfinu og strax í fyrstu kennsluviku í ágúst fórum við öll saman út til að fara yfir mörk skólalóðar og skoða það sem skólalóðin hefur upp á að bjóða. Við fórum líka út á skólalóð og að andapollinum til að tína lauf fyrir haustverkefni og aftur til að tína reyniber fyrir föndur í september.

Yfir veturinn fórum við af og til í leik út á skólalóð eða fengum okkur göngutúr til að skoða skemmtileg svæði í nærumhverfinu. Við heimsóttum leikvelli í Helgamagrastræti, Vanabyggð og Suðurbyggð auk þess sem við fórum á Hamarskotstún í leiki.

Nemendur 1. bekkjar fengu að heimsækja skautahöllina tvisvar sinnum í vetur. Í fyrra skiptið þann 23. nóvember og í seinna skiptið þann 18. janúar. Við tókum strætó í skautahöllina en í fyrri ferðinni ákváðum við að ganga til baka í skólann til að gefa krökkunum aðeins meiri tíma á skautunum. Í seinni ferðinni tókum við strætó til baka í skólann enda krakkarnir orðnir vanari öllu fyrirkomulagi og því fljótari að klæða sig í og úr. Þessar ferðir voru mjög vinsælar og skemmtilegar og nokkrir nemendur fóru að æfa skauta eftir þær.

Gönguferðin að stytta landnámsmanna Eyjafjarðar (farin 24. maí) er liður í að kynna nemendum nærumhverfið um leið og söguna. Flest barnanna koma af Hólmasól og höfðu því eitthvað heyrt af þeim hjónum Helga og Þórunni en aðrir vissu ekkert um þau. Á leiðinni var líka rætt um umhverfið, umferðarreglur og hættur í umferðinni.

Á vordögum fórum við með nestið okkar í Lystigarðinn og lékum okkur þar í góða stund og nutum góða

veðursins.

Þegar tilvonandi 1. bekkur kom í heimsókn og fékk að nota íþróttatíma núverandi 1. bekkjar í Íþróttahöllinni notuðum við tækifærið og lékum okkur úti. Á mánudeginum voru nemendur í frjálsum leik úti á skólalóð en á þriðjudeginum fórum við öll saman á túnið við heimavist MA og lékum okkur þar í boðhlaupi, stórfiskaleik, hlaupa í skarðið og fleiri leikjum.

Þessar útivistar- og samverustundir eru skemmtilegar og þroskandi í senn. Nemendur læra að vera í röð og passa upp á félagann í ferðunum. Auk þess læra nemendur ýmsa leiki, æfa sig í samskiptum og við starfsfólkið sjáum oft eitthvað í hegðun og samskiptum í þessum ferðum sem er gagnlegt fyrir okkur að vita af og sumt sem þarf að vinna með í framhaldinu.

Samvinna nemenda

Nemendur æfðu sig í samvinnu með fjölbreyttum verkefnum í ýmsum námsgreinum. Við unnum með hópaverkefni í stærðfræði og byrjendalæsi. Nemendur unnu ýmist í pörum eða í smærri og stærri hópum, á stöðvum eða í einstökum verkefnum. Við notuðum einnig spil og leiki til að þjálfra samvinnu. Nemendur fengu þjálfun í að vinna saman og hjálpast að. Í stærðfræðileiðtogaverkefnum æfðu nemendur sig í að skipta með sér verkum í kynningum. Samvinna verður síðan æfð meira í næstu bekkjum.

Samvinna við aðra

Við hittum vinabekkin okkar þrisvar sinnum og sú vinna gekk mjög vel og nemendur 1. bekkjar eru mjög spenntir fyrir frekari samstarfi við þau. Vinabekkirnir komu saman í söngstund í desember og voru saman í vinnu á Brekkuskólaleikum í apríl. Við hittum síðan vinabekkin úti í leik hluta úr kennslustund í maí en þá voru nemendur 6. bekkjar að kynna ýmsa leiki fyrir 1. bekk.

Við kynntumst bókasafninu strax í upphafi skólaárs í lok ágúst. Nemendur fengu stutta kynningu á safninu og fengu að skoða bækur og velja svo í lesbókakassana okkar í kennslustofunum. Við fórum tvisvar aftur í slíkar heimsóknir til að skipta út bókum en ætlunin er að gera það oftár á næsta ári með þeim hætti. Einnig hefðum við mátt taka part úr kennslustund nokkrum sinnum yfir veturinn til að heimsækja bókasafnið og eiga þar stund.

Teymi 1.-3. bekkjar eru í góðu sambandi og samvinnu sem meðal annars kemur fram í því að við erum í sama takti með vinnulag, kennslufyrirkomulag og mat á náminu. Nemendur þessara bekkja eru saman í frímínútum og umgangast því þó nokkuð þar. Einnig vinnum við saman með blöndun á bekkjunum meðal annars í jólaþema. Teymisfundir hafa styrkt þessa samvinnu mikið og nýtast vel til að deila skoðunum og hugmyndum í kennslunni. Stærðfræðileiðtuginn ýtir sömuleiðis undir þessa samvinnu og samstöðu á yngsta stigi. Traustið á milli þessara teyma er líka gott og við eigum auðvelt með að leita til hvers annars þegar á þarf að halda.

Við höfum verið í góðum samskiptum við bókasafnið, meðal annars vegna vinnunnar í byrjendalæsi þar sem við þurfum 2-3 eintök af hverri bók í þeirri vinnu. Í vetur var ekki farið í sérstök lestrarátök í samvinnu við bókasafnið þar sem nemendur voru flestir mjög stutt komnir í lestri fyrir jól þegar jólalestrarátak fór í gang. Við þekkjum samt þá vinnu vel af fyrri reynslu og samskiptum við safnið og munum nýta okkur það fyrir hópinn í næstu bekkjum.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs komu foreldrar með börnum sínum í samtöl til umsjónarkennara. Í þessum samtölum skráðu foreldrar sig á lista fyrir foreldrasamstarf til að hittast þrisvar yfir skólaárið utan skólans, foreldrar og börn. Við sátum fundi með foreldrahópnum og stjórnendum í foreldrasamstarfinu 1-3-5-8 í september og var vel mætt á þessa fundi. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra auk félagsfærnisögu þegar uppbrót voru framundan.

Um mánaðarmót nóvember/desember tókum við milliviðtöl við nemendur og sendum viðtalsblöðin heim. Foreldrar fengu útskýringar í tölvupósti, lásu yfir viðtalsblöðin með sínu barni heima og ræddu við þau um það sem þar kom fram, kvittuðu síðan fyrir að hafa lesið upplýsingarnar og sendu svo aftur í skólann. Foreldrar gátu þá haft samband við okkur ef eitthvað var óljóst eða ef eitthvað kom upp í samtali þeirra við barnið heima fyrir sem við þurftum að vita.

Í lok janúar komu foreldrar aftur í skólann í samtöl en í þetta skiptið voru þau nemendastýrð að miklu leiti. Fyrir samtölin fórum við yfir matsblað með hverjum nemanda og ræddum við þau til að undirbúa þau. Í samtalinu sátu þau við hlið umsjónarkennara og stýrðu fundinum sjálf, lásu upp spurningu (með hjálp kennara ef þurfti), sögðu foreldrum frá svarinu sínu og útskýrðu af hverju þau völdu þann svarmöguleika. Einnig völdu nemendur verkefni til að sýna foreldrum í samtalinu og gátu þá valið eitthvað sem þau voru stolt af eða hafði fundist merkilegt eða skemmtilegt að vinna á þeim tíma. Foreldrar fengu að sjálfsögðu líka tækifæri til að spyrja eða koma einhverju á framfæri sem þeir þurftu að ræða í lok samtalsins.

Yfir veturinn voru teknar upp samskiptabækur fyrir tvo nemendur og í þær skrifað nær daglega af bæði foreldrum og umsjónarkennurum. Tilgangurinn var að miðla upplýsingum um líðan og atvik til að hægt væri að stilla saman strengi með viðbrögð á báðum stöðum. Þessi vinna hafði mikið að segja fyrir annan nemandann og gjörbreytti viðmóti og hegðun hins nemandans. Við gerum ráð fyrir að halda þessum samskiptamáta áfram næsta vetur.

Í heildina var samstarf við foreldra gott.

2. bekkur

Teymi 2.bekkar samanstóð af tveimur umsjónarkennurum í 100 % starfi. Í teyminu var einn stuðningsfulltrúi sem fylgdi árganginum í öllum kennslustundum og frímínútum, í febrúar bætist við annar stuðningsfulltrúi sem kom inn í bekkinn alla daga á milli kl. 8:00 og 12:00. Nemendur voru 37 talsins. Árgangurinn hafði tvær kennslustofur til umráða.

Hlíðarfjall - sérkennsla

Alls var gert ráð fyrir 3-4 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennara í námsverinu Hlíðarfjalli. Nemendur unnu í stærðfræðiefni bekkjarins í litlum hópi í námsverinu og reynt að mæta þeim einstaklingslega. Eins var reglulega farið í hlutbundið efni sem tengdist námsefninu og unnið með upprifjun. Sérkennari fór einnig inn í bekkinn í lestrarstund 2x í viku. Sérkennari aðstoðaði einnig við að undirbúa nemendur fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbrot í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru.

Sjónarhóll - sérkennsla

Alls var gert ráð fyrir 6,5 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Nokkrir nemendur úr 2. bekk sóttu námsverið í Sjónarhól í vetur. Einnig fór sérkennari inn í bekkinn þegar það átti við. Kennt var í námskeiðum og voru hóparnir breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin var metin meðal annars út frá, stafabekkingu að hausti, lesfímiprófum og Aston Index stafsetningarhluta. Í Sjónarhóli var lögð áhersla á að nemendur náðu tókum á lestri, auknum leshraða, eflast í réttritun og ritun auk ýmissa þátta í málfræði. Eins var unnið með tjáningu, orðaforða og hugtakaskilning. Unnin ýmis lestrartengd verkefni í tengslum við Byrjendalæsis-bækur sem unnið var með hverju sinni. Allir nemendur voru metnir út frá viðmiðum árgangsins. Umsagnir sérkennara voru vistaðar á Mentor, undir námsmappa hjá nemendum.

Nokkrir nemendur sóttu tíma til sérkennara sem tók á móti börnum með íslensku sem annað tungumál. Umsagnir voru vistaðar inn á Mentor, undir námsmappa hjá nemendum. Einnig var bekkurinn í samstarfi við þroskaþjálfara sem kom og fylgdist með nokkrum nemendum í leik og starfi, til þess að vinna með ákveðna þætti hjá þeim.

Lífsleikni - Uppbyggingarstefnan

Til að ná markmiðum í lífsleikni var unnið samkvæmt aðferðum uppbyggingarstefnunnar þ.e. um hlutverk nemenda og kennara, bekkjarsáttmála, að við stjórnnum okkur sjálf og höfum val um lita hegðun. Haldnir voru fastir bekkjarfundir vikulega og samverustundir voru reglulega þar sem unnið var með málefni líðandi stundar, sjálfsstyrkingu, hugleiðslu og eineltishring Olweusar. Einnig var stuðst við námsefni Hugarfrelsis, aðferðir til að efla börn og unglínga. Á bekkjarfundum var bekknum skipt upp í tvo hópa. Setið var í hring á gólfinu og sköpuðust oft góðar umræður um viðfangsefni fundarins.

Notast var við símat, sjálfsmat, leiðbeinandi mat og Mentor. Þessi vinna gekk vel og hafði góð áhrif á samskipti og líðan nemenda.

Íslenska

Markmið íslensku kennslunnar í 2. bekk voru að geta lesið auðveldan texta sér til gagns og ánægju, að geta lesið texta sér til skilnings, að geta tjáð sig með texta, að geta lesið upphátt og í hljóði, að geta lesið 85 orð á mínútu að vori og að geta miðlað innihaldi texta til annara. Einnig að geta þekkt hugtökin samsett orð, málsgrein, sérnöfn og samnöfn ásamt að þekkja uppbyggingu sögu auk markmiðana að geta skrifað málsgreinar með hæfilegu bili á milli orða, þekkja há og lág stafi, geta látið stafi sitja rétt á línu, að geta skrifað frásögn a.m.k fjórar málsgreinar, að geta tjáð sig með framsögn, að geta greint á milli fræði- og sögutexta, að geta unnið með stafrófið og að geta leitað sér upplýsinga um námið á ólíkum miðlum.

Til að þess að nemendur gætu náð þessum markmiðum var lögð áhersla á samþættingu íslenskunnar við aðrar námsgreinar. Nemendur lásu daglega fjölbreyttar bækur í yndislestri að morgni og stundum eftir hádegi. Í íslenskukennslunni var stuðst við aðferðir Byrjendalæsis þar sem unnið var markvisst með alla þætti íslenskunnar. Unnið var með sögu- og fræðibækur og verkefnaáætlanir unnar út frá þeim einnig var farið var í nokkrar vettvangsferðir í tengslum við námsefnið og samþætt við aðrar námsgreinar.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, leiðbeinandi mat og kannanir. Kennarar völdu sýnishorn af vinnu nemenda í ferilmöppu.

Á heildina litið gekk þessi vinna mjög vel. Markmið kennslunnar voru sýnileg nemendum í skólastofunni, sett á töflu í upphafi hvernar viku og þau rifjuð reglulega upp á meðan markmiða vinnunni stóð. Góður árangur náðist í lestrarfærni hjá flestum nemendum eftir lestrarátak sem sett var á í október. Einnig eftir að ný fyrirmæli voru gefin út varðandi skráningu heimalesturs og hann skráður markvisst inn í Mentor. Skráning heimalesturs birtist á mætingarskýrslu nemenda.

Stærðfræði

Markmið stærðfræði kennslunnar í 2. bekk voru að nemendur gætu unnið með öðrum að lausn þrauta, geta lagt saman og dregið frá tölum frá 0-100. Þekkja hugtökin samhverfa, spegilás, tvöfalt meira, helmingi minna og hugtakið flatarmál. Einnig áttu nemendur að þekkja hugtökin samlagning og frádráttur og kunna að nota hugtökin. Þekkja algeng rúmfræðiform, geta mælt og borið saman stærðir mismunandi hluta með mismunandi hjálpar- og mæliaðferðum, geta notað talnalínu við útreikning ásamt því að geta nýtt sér einingu og tug við reikningsaðgerðir, að geta útskýrt lausnarferli sitt fyrir öðrum og að geta lesið úr einföldum myndrænum niðurstöðum. Til að ná þessum markmiðum voru bækurnar Sproti 2a og 2b notaðar sem grunnefni og ýmis önnur fjölbreytt verkefni þar sem tekið var á öllum grunnþáttunum. Jafnframt voru fleiri stærðfræðibækur og verkefni valin fyrir nemendur með tilliti til einstaklingsmiðunnar.

Kennarar í 1.–3. bekk skipulögðu „opin“ stærðfræðiverkefni sem unnið var með út frá „Leiðtogastærðfræði“ sem nemendur spreyttu sig á og unnu í litlum hópum. Lögð var áhersla á hlutbundna vinnu með verkefnum og hjálpargögnum sem kennarar útbjuggu.

Til þjálfunar voru stundum notaðir Ípadar í stærðfræðikennslu. Þar var stuðst við ýmis öpp s.s. Multi og leiki sem efla rökhugsun og rýmisgreind.

Stærðfræðikennslan í 2. bekk var mjög krefjandi í vetur en gekk töluvert betur þegar annar stuðningsfulltrúi bætist í hópinn.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat nemenda, leiðbeinandi mat, kannanir og próf.

Markmið kennslunnar voru alltaf sýnileg nemendum í skólastofunni. Nemendur nutu sín vel í stærðfræði kennslustundum og voru „opnu“ og hlutbundnu stærðfræðiverkefni sérstaklega lærdómsrík og skemmtileg.

Samfélags- og náttúrugreinar

Sérkennarar kenndu bekkjarkennslu í þessum árgangi, 2 kennslustundir á viku. Bókin Halló heimur 1, les- og verkefnabók, var kennd í þeim tímum. Þar lærðu nemendur meðal annars um sjálfsmyndina, fjölskylduna, trú og þjóðtrú, húsdýrin, mannlíkamann, umhverfismál, umferðarmál og árstíðir.

Til að ná þessum markmiðum voru samfélagsgreinar samþættar öðrum námsgreinum og tengdust iðulega Byrjendalæsi.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat og leiðbeinandi mat.

Enska

Ákveðið var að leggja enskuna til hliðar þennan veturinn til að einblína á íslensku- og lestrarkennslu nemenda í samráði við stjórnendur.

List- og verkgreinar

Í hverri viku var hringekja þ.e. stöðvavinna til að uppfylla og ná markmiðum list- og verkgreina. Árganginum var skipt í 2-4 hópa eftir verkefnum.

Myndmennt

Markmið kennslunnar í myndmennt voru að nemendur gætu beitt skærum, gætu skapað sögu og myndskreytt, að þekkja grunnliti og grunnform, geta unnið með mismunandi liti og efni, að geta unnið þrívíddar verkefni úr endurnýtanlegu efni ásamt því að geta gengið vel um áhöld, efni og stofu. Til að ná markmiðum myndmenntar var hún samþætt við aðrar námsgreinar þar sem unnin voru fjölbreytt og skemmtileg verkefni út frá bók vikunnar í Byrjendalæsi.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, jafningjamat og leiðbeinandi mat. Þessi vinna gekk vel og nutu nemendur sín í skapandi vinnu.

Textílmennt

Markmiðin í textílmennt, samkvæmt námsframvindumarkmiðum í Mentor, voru að nemendur gætu klippt pappír eftir línunum og eftir grófum formum, gætu saumað þræðispor í efni, saumað hálf trossaumsspor og gengið frá endum í útsaum. Jafnframt að nemendur gætu þæft einfaldan hlut og þrjónað puttaprjón.

Verkefnin sem nemendur unnu voru útsaumað bókamerki þar sem útsaumssporin voru krosssaumur og þræðispor, þæfður páskaungi, fleiri gerðir af klippimyndum og þrjónaðar puttaprjónslengjur þar sem gerð voru armbönd eða hálsfestar.

Lögð var áhersla á að nemendur völdu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga.

Textílmenntaverkefnin gengu vel og voru nemendur yfirleitt glaðir í þessari vinnu. Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau. Nemendur fengu aðstoð og leiðbeiningar við vinnuna eftir þörfum og var leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Oft var stuðningsfulltrúi til aðstoðar og var það mjög gott. Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í Mentor.

Íþróttir

Í íþróttum voru tveir íþróttakennarar með nemendahópinn. Hópurinn fór tvisvar í viku í íþróttir, mánudaga og þriðjudaga milli kl: 10:40-11:20. Íþróttakennslan fór bæði fram inni og úti.

Sund

Einn sundkennari var með hópinn. Sundkennsla var á miðvikudögum og var hópum skipt niður í þrjá hópa, sundkennslan fór fram milli kl: 8:00-10:00. Sundkennslan fór að mestu leyti fram í innilauginni í Sundlaug Akureyrar. Af og til var farið með hópinn í sundkennslu í úti..

Upplýsingatækni

Markmið kennslunnar í upplýsingatækni voru að þekkja umgengnisreglur sem gilda um spjaldtölvur í skólanum, að geta opnað vafra og farið inn á nams.is, að geta kveikt og slökkt spjaldtölvu og að geta opnað og lokað forritum. Samþætt var við aðrar námsgreinar og þá helst íslensku og stærðfræði með notkun á forritum þeim tengdum.

Notast var við símat í Mentor og leiðbeinandi mat. Nemendur voru móttækilegir og áhugasamir við vinnu sína.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Ýmis uppbrot voru í skólastarfinu. Þar má nefna að í desember var unnið jólaþema á yngsta stigi út frá bókinni Jólakötturinn tekinn í gegn. Á vorönn var unnið þema í 1.–10. bekk. Yfirskrift þemadaganna var Fjölmening í Brekkuskóla. Í þessari vinnu kynntust nemendur á yngsta stiginu betur á milli árganga.

Útivistardagar voru haldnir að hausti og á miðjum vetri. Að hausti fór 2.bekkur í strætó - og gönguferð í Naustaborgir þar sem farið var í ratleik. Ratleikurinn tengdist bókinni Ada og afmælisgjöfin sem unnið var með í Byrjendalæsi á þeim tíma. Þar fengu nemendur að kynna blómum í nærumhverfi sínu.

Í mars var farið í Kjarnaskóg með sleða. Þar voru börn í 1.-6.bekk að renna sér og leika í um þrjá tíma. Ferðin gekk vel fyrir sig og allir sáttir og kátir með daginn.

Í byrjun nóvember var haldin árshátíð í Brekkuskóla. 2. bekkur fór á sal og sagði frá sögunni um Emil í Kattholti. Börnin stóðu sig með þrýði og sungu fjögur lög fyrir bæði nemendur, starfsfólk og foreldra sína. Æfingar og sýningar gengu glimrandi vel.

Páskabingó var haldið í heimastofum 2.bekkjara.

Brekkuskólaleikar voru haldnir á vorönn með fjölbreyttum og skemmtilegum stöðvum.

Á skólaslitum hittust nemendur og kennarar inn í heimastofum. Síðan var farið út á skólalóð þar sem allt yngsta stigið hittist og sungin voru nokkur vel valin lög. Í lok söngstundar fóru nemendur aftur inn í sínar heimastofur þar sem var góð samvera og þeim afhentur íspinni áður en haldið var út í sumarfrí.

Vettvangsferðir

Farnar voru nokkrar vettvangsferðir yfir skólaárið. Farið var á skauta tvisvar sinnum yfir veturinn og eftir páska var okkur boðið á tvo viðburði í tengslum við Barnamenningarhátíð sem fram fór hér á Akureyri, sýninguna “Lítill saga frá Orgelhúsi” í Akureyrarkirkju. Einnig var okkur boðið á Dvalarheimilið Hlíð þar sem íbúar og starfsfólk var búið að undirbúa sýningu þar sem verið var að segja frá leikjum frá því í gamla daga. Á vordögum var farið í vettvangsferð í tengslum við bókina Ófriður í grænmetisgarðinum en þá var farið í Matjurtagarða Akureyrar og settar niður kartöflur í öllum regnbogans litum. Nemendur voru með nesti í poka og var það borðað úti í náttúrunni. Vettvangsferðirnar tókust vel og voru góð viðbót við skólastarfið.

Samvinna við aðra

Samvinna við bókasafnið var mjög góð. Nemendur fóru til að velja sér bækur í bókavagna. Starfsfólk bókasafnsins var einstaklega hjálplegt varðandi bækur fyrir Byrjendalæsi.

2. bekkur hitti vinabekkin sinn þrisvar yfir skólaárið og gekk sú samvinna mjög vel. Fyrsti hittingurinn var í desember þar sem vinabekkurinn kom og sótti nemendur í 2. bekk. Gengið var saman upp í tónmenntastofu þar sem vinabekkirnir áttu góða jóla-söngstund saman. Á Brekkuskólaleikunum voru vinabekkirnir saman á fimm leikja- og dans stöðvum. Þriðji og síðasti hittingurinn fór fram í heimastofum vinabekkjara. Þar spiluðu börnin saman og fannst öllum mjög gaman. Spilastundinni lauk með afmælisöng fyrir afmælisbörn í 2. bekk.

Samvinna nemenda

Samvinna nemenda var fjölbreytt í vetur. Samvinna nemenda fólst m.a. í bekkjarfundum þar sem málin voru rædd, í hringekju þar sem nemendur unnu suma daga í hópum/paravinnu að fjölbreyttum verkefnum og í þemavinnu. Eins voru „opin“ stærðfræðiverkefni sem nemendur spreyttu sig á og unnu þá í litlum hópum eða tvö og tvö saman. Á þemadögum var nemendum á yngsta stigi var blandað þvert á árganga og unnu börnin saman í hópum sem krafðist mikillar samvinnu á flestum stöðvum. Einnig krafðist það mikillar samvinnu á milli nemenda í 2. bekk þegar árshátíðin var haldin í

nóvember. Til að slík sýning geti farið fram þarf góða og skilvirka samvinnu milli nemenda. Börnin stóðu sig virkilega vel.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var milli heimila og skóla. Við upphaf haustannar voru samtöl milli umsjónarkennara, foreldra og nemenda. Það voru einnig samtöl í lok janúar. Mikið, fjölbreytt og gott samstarf var milli foreldra og umsjónarkennara þeirra nemenda sem þurftu á einhverskonar auka úrræði að halda. Mánaðarlegir fundir, tölvupósta samskipti og símtöl yfir allt skólaárið. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum voru sendir vikulega heim til foreldra ásamt ýmsum áminningum þegar þess þurfti.

3. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Gerður Geirsdóttir í 100 % starfi og Jónasína Lilja Jónsdóttir umsjónarkennarar í 83 % starfi, umsjónarkennarar. 42 nemendur og 2 sérkennarar, Margrét og Rósa Mjöll. Sigríður R. og Sólrún Eyfjörð stuðningsfulltrúar fylgdu nemendum í allar kennslustundir. Sigríður Brynjarsd. fylgdi einum nemanda meiri hluta vetrar.

Námsumhverfi og skipulag:

Unnið var með árganginn sem eina heild. Hópnum var skipt í fjóra grunnhópa sem voru tveir og tveir saman í sitthvorri skólastofunni og skipt var um hópa reglulega. Þannig var blöndun hópa fjölbreytt. Í sundi og í list- og verkgreinum var skipt í þrjá hópa. Þessi hópaskipting var líka notuð á tímabili í hringekju.

Lögð var áhersla á að hafa skólastofurnar hlýlegar og snyrtilegar. Gott og skýrt skipulag. Uppröðun borða var breytileg í allan vetur. Sjónræn stundatafla sett upp á töflu fyrir hvern dag og auk þess á borði hjá einstaka nemendum. Tímavaki var notaður fyrir allan hópinn.

Lestrarbækur, kennslugögn og hjálpargögn voru sýnileg og aðgengileg nemendum. Félagsfærnisögur voru talsvert notaðar fyrir allan hópinn og einstaka nemendur. Þær voru líka sendar heim til foreldra.

Sérkennsla

Námsver: Hlíðarfjall – Rósa Mjöll

Alls var gert ráð fyrir 8 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennara í Hlíðarfjalli. Nemendur fengu einstaklingskennslu eða að vinna í litlum hópi inni í námsverinu. Sérkennari fór einnig inn í bekkinn til að aðstoða í nestinu 3x í viku. Í Hlíðarfjalli var lögð áhersla á að vinna eftir einstaklingsnámskrám. Áherslur í kennslu voru m.a. að læra bókstafina og hljóðin þeirra t.d. með Lubba táknum, einnig var unnið með þætti hljóðkerfisvitundar, orðaforða, hugtakaskilning, málörvun, lestur, ritun, félagsfærni og grunnþætti stærðfræðinnar. Sérkennari aðstoðaði einnig við að undirbúa nemendur fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbrot í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem

Þess þurftu, sú fyrri í september og endurmetin í janúar og seinni í febrúar og endurmetin í júní. Námskrárnar og endurmat var svo sett í námsmöppu nemandans á mentor.

Sjónarhóll – Margrét Ingim.

Alls var gert ráð fyrir rúmum 6 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi. Nokkrir nemendur úr 3. bekk komu í námsverið Sjónarhól í vetur. Einnig fór sérkennari inn í bekki þegar það átti við. Kennt var í námskeiðum og hópar voru breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá lesfímiprófum, stafsetningarhluta Aston Index og lesskilningi, Orðarún. Í Sjónarhóli hefur verið lögð áhersla á að nemendur auki leshraða, eflist í réttritun og ritun auk ýmissa þátta í málfræði. Eins hefur verið unnið með tjáningu, orðaforða og hugtakaskilning. Unnin ýmis lestrartengd verkefni í tengslum við Byrjendalæsis-bækur sem unnið var með hverju sinni. Nemendur metnir út frá viðmiðum árgangsins. Umsagnir sérkennara vistaðar á Mentor, undir Námsmappa.

Námsgreinar

Innlagnir reglulegar þar sem nýir námsþættir voru kynntir og útskýrðir. Áhersla var lögð á umræður og tengingu við reynslu nemenda og daglegt líf. Fjölbreyttir kennsluhættir fylgdu í kjölfarið í öllum námsgreinum. Í hverri námsgrein var unnið út frá markmiðum og áætlunum. Markmið kennslunnar hverju sinni voru sýnileg nemendum á töflu og rætt um þau. Stuðst var við ýmsar kennslubækur og verkefni tekin af netinu. Oft einstaklingsmiðað eftir getu hvers og eins.

Íslenska

Í íslensku var unnið með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum byrjendalæsis. Gerð var ítarleg vetraráætlun fyrir byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hver markmiðin voru. Markmið með hverri áætlun tengdust markmiðum á hæfnikorti og voru alltaf sýnileg nemendum á töflu. Nemendur voru með eina stílabók í byrjendalæsi fyrir hverja önn þar sem þeir unnu flest verkefni í. Þar að auki voru unnin málfræði- og þematengd verkefni, einstaklingsmiðuðum heftum og unnið í eftirfarandi bókum: Ritrún 1, Litla Lesrún og Lesrún.

Aðaláherslan í vetur var á lestur, orðaforða, lesskilning og ritun. Við samþættum íslensku við aðrar námsgreinar eins og myndmennt, samfélagsfræði, ensku, stærðfræði og náttúrufræði. Í íslenskukennslunni nýttum við meðal annars ípad, fræðibækur, litlar tússtöflur og ýmis byrjendalæsisverkfæri s.s. hlutverk, hugtakakort, lykilorðavinnu, myndasögur, venn-kort, kvl og krossglímur. Samstarf við sérkennara var gott og við skipulögðum flestar kennslustundir tengdar byrjendalæsi í samráði við hann með ákveðin námsmarkið að leiðarljósi.

Lestur og lesskilningur: Megin markmið okkar var að efla læsi nemenda og lögðum við mikla áherslu á lestrarstundir í um 20 mínútur í upphafi dags, þar sem þeir fengu að velja sér bækur undir leiðsögn kennara. Á meðan fóru kennarar og stuðningsfulltrúar á milli nemenda og hlustuðu á þá lesa. Auk þess var unnið með paralestur, kórlestur o.fl. Lesskilningur var kenndur í gegnum aðferðir byrjendalæsis með lestri á gæðatexta, hann ræddur og farið í orðskýringar. Unnið var með bæði sögubækur og fræðibækur. Unnin voru ýmis lesskilningsverkefni skriflega og munnlega. Á haustönn

var farið í lestrarátak þegar við fengum aukakennara til liðs við okkur nokkra tíma í viku sem studdi sérstaklega við börn í lestrarerfiðleikum.

Heimalestur: Nemendum var gert að lesa heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku. Flestir sinntu því vel en einhver misbrestur var þó þar á. Um áramót var farið að skrá ástundun heimalesturs í Mentor og fundir haldnir með foreldrum ef heimalestri var ekki sinnt ítrekað.

Skrift: Markmiðið var að nemendur skrifuðu vandaða og læsilega skrift bæði í byrjendalæsisvinnubókinni og öðrum verkefnum. Einnig unnu nemendur í bókinni Ítalíuskraft.

Ritun: Markmiðið í ritun var að læra að skrifa fyrirmyndar málsgreinar og að hafa upphaf miðju og endi í sögugerð. Unnið var með ritun á ýmsa vegu eins og frásagnir, endursagnir og sögugerð. Nemendur gerðu til dæmis sína eigin Herra eða Ungfrúar bók þar sem þeir bjuggu til sögu og myndskreyttu auk þess að búa til kápu utan um hana. Síðan lásu nemendur söguna sína fyrir bekkinn.

Framsögn: Markmiðið var að þjálfar nemendur í að tala fyrir framan aðra. Þau kynntu verkefni sín og lásu upp. Einnig var þetta þjálfað á bekkjarfundum. Á árhátíðinni fengu nemendur góða reynslu í því að koma fram og fara með texta og syngja lög. Árhátíðarverkefni nemenda var Kárius og Baktus í Sælgætislandi og voru unnin mörg íslensku verkefni í tengslum við það. Vel tókst til og börnin sýndu mikinn áhuga.

Námsmat: Tekin voru lesfimiþróf, Orðarún, Aston Index og einnig fór hluti nemenda í stafakönnun og hljóðgreiningu sem og aukapróf með Lesfimi.

Námsmatið var árangur nemenda úr könnunum, vinna og virkni nemanda í kennslustundum, vinnubrögð og frágangur í stílabók, sjálfstæði og frumkvæði sem og samvinna nemenda. Á vorönn fótum við að vinna með meira sjálfsmat nemenda. Nemendur voru metnir jafnt og þétt yfir skólaárið.

Íslenskukennslan var vel skipulögð, fjölbreytt og markviss. Við lögðum mikla vinnu í að vanda vetraráætlunina, höfðum verkefnin fjölbreytt um leið og við aðlöguðum þau að þörfum nemenda. Gott var að vera í samstarfi við sérkennara sem er leiðtogi okkar í byrjendalæsi. Á heildina litið erum við ánægðar með íslenskukennsluna en gott ef fleiri hefðu notið stuðnings.

Í íslensku hefur gengið vel að hafa grunnþætti menntunar að leiðarljósi þar er læsi aðal viðfangsefnið og áhersla á sköpun í verkefnum. Við samþættum mikið og grunnþættirnir koma mjög oft við sögu í verkefnum okkar. Til dæmis unnum við með bókina Láttu mig vera! Áhyggjupúkar og tengist hún grunnþættinum heilbrigði og velferð.

Í íslensku erum við að þjálfar alla þætti lykilhæfninnar. Eins og komið hefur fram var unnið með tjáningu og miðlun, við höfum aukið sjálfsmat nemenda til að stuðla að ábyrgð og mati á eigin námi.

Stærðfræði

Markmiðin í stærðfræði voru að ráða við samlagningu og frádrátt í tölum upp að 1000. Dýpka skilning á hundruðum, tugum og einingum. Kynnast útreikningum á uppsettum dæmum þar sem þarf að taka til láns og geyma. Einnig að vinna með margföldun, deilingu, tölfræði, mælingar, flatarmál,

rúmfræðiform, samsíða línur, horn, klukkuna, orðadæmi og almenn brot. Auk þess að þjálfast í að vinna með stærðfræðiþrautir og geta útskýrt lausnaleyðir sínar. Auka hugtakaskilning í stærðfræði.

Sproti 3a og 3b voru grunnbækur og kennarastýrðar. Innlagnir voru alltaf með sama sniði í vetur. Þá var samtalsmynd við hvern kafla/námsþátt varpað upp. Allir nemendur voru með í þessari innlögn, líka þeir sem voru lengra eða styttra komnir. Kennari skoðaði síðan verkefnið í kaflanum í kjölfarið með nemendum. Rýnt var í fyrirmæli og þau tengd við verkefnið. Staldrað var við erfið dæmi þau útskýrð betur. Nemendur voru mjög virkir í þessum tímum.

Eftir hvern kafla tóku nemendur kaflapróf. Ef nemandi kom ekki vel út þá fékk hann endurinnlögn á námsþáttunum og vann verkefni – æfingasíður.

Á yngsta stigi vorum við með lærdómssamfélag stærðfræði kennara í samstarfi við HÍ. Áherslan í vetur var á talna- og aðgerðaskilning á yngsta stigi. Oft unnu börnin í þörum eða hópum og þurftu síðan að útskýra sínar lausnaleyðir fyrir samnemendum.

Í stærðfræði hefur gengið vel að hafa grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Áhersla hefur verið lögð á gott læsi stærðfræðihugtaka og að geta lesið fyrirmæli og að nemendur noti sköpun þegar þeir sýna niðurstöður sínar.

Í stærðfræði erum við að þjálfra flesta þætti lykilhæfninnar. Eins og komið hefur fram var unnið með tjáningu og miðlun, við höfum reynt að gera nemendur sjálfstæðari í vinnubrögðum og þjálfra þau í samvinnu til dæmis í verkefnum stærðfræðileiðtogans.

Samfélagsgreinar

Markmiðin í samfélagsgreinum, samkvæmt námsframvindumarkmiðum í Mentor, voru að nemendur þekktu að sérhvert mannlegt samfélag setur sér lög og reglur og að til eru landslög og alþjóðareglur. Þekki að börn búa við ólíkar efnahags- og félagslegar aðstæður í heiminum og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Geti greint algeng fyrirbæri á loftmynd, geti fundið heimabæinn sinn á korti í stórum mælikvarða og Ísland á heimskorti. Geti teiknað tímaás og raðað nokkrum þáttum á hann. Þekki pláneturnar, þekki til lífríki hafsins og mikilvægi þess og þekki ýmsar hringrásir, orkugjafa og endurvinnslu.

Oft var námsefninu fléttað saman við aðrar námsgreinar svo sem íslensku, stærðfræði og tónlist.

Í samfélagsgreinum var Halló heimur 2 aðal kennsluefnið. Unnið var bæði með nemendabók og vinnubók. Auk þess voru verkefni unnin í verkefna- og úrklippubók til að hafa sem fjölbreyttust verkefni.

Bækurnar Komdu og skoðaðu hringrásir og Komdu og skoðaðu himingeiminn voru notaðar sem ítarefni í samfélagsgreinakennslunni.

Komdu og skoðaðu hafið og Hrafninn (Milli himins og jarðar) voru teknar og samþættar byrjendalæsis vinnu.

Rætt var um markmið hvers kafla þegar byrjað var að vinna með hann. Kennslufnið Halló heimur 2 virtist höfða vel til nemendanna og voru þeir yfirleitt áhugasamir í þessari vinnu. Reynt var að hafa skapandi útfærslur í sem flestum verkefnum.

Námsmatið var símat yfir allan veturinn og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í Mentor.

Í samfélagsgreinum hefur gengið vel að hafa grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Áhersla hefur verið á sköpun í verkefnum. Við samþættum mikið og grunnþættirnir koma mjög oft við sögu í verkefnum. Til dæmis lærðu nemendur um hringrásir í náttúrunni og hringrásarhagkerfið en það tengist sjálfbærni.

Í samfélagsgreinum erum við að þjálfra marga þætti lykilhæfninnar og má þar nefna skapandi og gagnrýna hugsun í tengslum við náttúruna og umhverfið.

Enska

Markmið enskukennslunnar voru að nemendur geti skilið einföld fyrirmæli kennara og spurningar um ákveðin viðfangsefni, tekið þátt í einföldu samtali, spurt, svarað og tekið þátt í samskiptaleikjum. Einnig að nemendur geti fylgt eftir einföldum texta með hljóði eða myndum til stuðnings og þekkt einföld orð og málsgreinar.

Unnið var út frá samþættingu við aðrar námsgreinar. Námsfni notað bæði af veraldarvef og einnig útbúin verkefni í tengslum við viðfangsefni hverju sinni.

Notast var við símat í Mentor og leiðbeinandi mat.

Nemendur voru jákvæðir og lögðu sig fram við verkefnin hverju sinni.

Í ensku hefur gengið vel að hafa grunnþætti menntunar að leiðarljósi þar er læsi aðal viðfangsefnið og áhersla á sköpun í verkefnum.

Einnig erum við að þjálfra ýmsa þætti lykilhæfninnar og má þar helst nefna tjáningu.

Upplýsingatækni

Í upplýsingatækni var unnið með Fingrafimi 1, leitarvefir notaðir auk þess sem unnið var í þjálfunarforritum í iPad í stærðfræði, íslensku og ensku. Nemendur þjálfuðust í að afla sér upplýsinga í iPad í ýmis konar verkefnavinnu.

Áhersla var lögð á hvernig umgangast á tækin, vinnustellingar og teygjuæfingar.

Notast var við símat í Mentor og leiðbeinandi mat.

Nemendur voru móttækilegir og áhugasamir við vinnu sína.

Í upplýsingatækni er einna helst læsi sem tengist grunnþáttum menntunar og í lykilhæfninni erum við helst að þjálfra nýtingu miðla og upplýsinga.

Uppbygging sjálfsgaga / lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Verkfæri og gildi uppbyggingarstefnunnar settu mark sitt á margar kennslustundir. Auk þess voru teknir ákveðnir tímar í uppbyggingu þar sem unnið var með eftirfarandi:

Bekkjarsáttmáli: Í upphafi vetrar gerðum við bekkjarsáttmála. Nemendur unnu þarfagreiningu og fundu þannig hvert og eitt sína sterkustu þörf. Þau útbjuggu táknið sitt með nafni og undirrituðu sáttmálann með því að setja það á tré sem bekkurinn útbjó. Í vetur var bekkjarsáttmálinn oft rifjaður upp og mikilvægi hans rætt.

Hlutverk kennara og hlutverk nemenda: Þessi hefðbundna vinna fór fram með nemendum snemma á skólaárinu, var sýnileg og reglulega rætt um hlutverkin.

Y-spjald: Spjaldið var unnið út frá því hvað nemendur vildu sjá, heyra og finna í skólstofunni. Hópurinn kom sér saman um nokkur atriði sem þeim fannst mikilvæg. Spjaldið var sýnilegt nemendum í vetur.

Uppbygging: Reglulega í vetur var litahegðun rædd bæði á bekkjarfundum og í almennum umræðum í kennslustundum og eins að vera góður bílstjóri í eigin lífi. Litahegðun var einnig tengd inn í byrjendalæsi. Farið var í þarfir Uppbyggingarinnar og verkefni unnin því tengdu. Við notuðum efni og glærur á samgöngnum um uppbyggingarstefnuna.

Bekkarfundir: Voru oftast haldnir vikulega þar sem mikil áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Ýmis mál rædd og leitað lausna. Nemendur mátuðu sig inn í eineltishring Olweusar eftir fræðslu og umræður um hann. Við unnum með þarfirnar á ýmsan hátt, meðal annars samþætting við byrjendalæsi. Hróshringir voru reglulega notaðir í lok bekkjarfunda. Verkefni voru unnin þar sem nemendur fundu styrkleika sína og hvernig vinir þeir vildu vera. Í námsmati var meðal annars tekið mið af þátttöku á bekkjarfundum og hvort bekkjarsáttmáli og hlutverk voru virt. Lífsleikni og uppbygging gekk vel í vetur. Nemendur eru að læra betur á verkfærin og þjálfast í að tala um tilfinningar sínar og líðan. Lögð var áhersla á að efla áfram þrautseigju nemenda.

Í þessum greinum hefur gengið vel að hafa grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Á bekkjarfundum höfum við rætt mikið um að allir hafi jafnan rétt og einnig um mannréttindi og lýðræði. Í samræðum á fundunum erum við líka að efla skapandi og gagnrýna hugsun og hvetja nemendur til að tjá sig.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Á útivistardaginn á haustdögum fórum við og tókum upp kartöflurnar sem við settum niður síðasta vor. Það var vel heppnuð ferð í Matjurtargarða Akureyrar þar sem nemendur tóku upp kartöflur, borðuðu nesti og léku sér saman. Á útivistardegnum á vorönn fórum við með rútu í Kjarnaskóg með nesti og sleða og áttum góðan dag við að renna okkur í snjónum og leika saman í skóginum.

Á yngsta stigi vorum við með jólaþema. Allir unnu með sömu jólabókina og í lok vinnunnar unnu allir saman þvert á árganga. Á vorönn vorum með þemað fjölmening. Þá blönduðust 1. til 3. bekkur og unnu saman.

Árshátíðarverkefni nemenda var Kárius og Baktus í Sælgætislandi og voru unnin mörg verkefni í tengslum við það. Vel tókst til og börnin sýndu mikinn áhuga.

Vorgrillsdagurinn í júní gekk vel, skemmtilegt uppbrot og nemendur höfðu gaman af. Skólaslit voru 5. júní, skipulagið var vel heppnað og skemmtilegt að syngja saman úti með yngsta stigi.

Vettvangsferðir

Á útvistardaginn að hausti fórum við í matjurtagarðinn til að taka upp kartöflur, tókum strætó báðar leiðir og spjölluðum við nemendur um nánasta umhverfi. Á útvistardaginn á vorönn fórum við í Kjarnaskóg. Við fórum síðan í vorferð í Innbæinn, borðuðum nesti í Minjasafnsgarðinum, lékum okkur í fjörunni og á leikvellingum. Yfir veturinn fórum við nokkrum sinnum í styttri göngu- og útvistarferðir í Lystigarðinn og nærumhverfi skólans. Farið var á Listasafnið og okkur var boðið á vísindadag sem nemendur í sálfræðideild HA höfðu útbúið fyrir nemendur 3. bekkjar. Þetta voru lærdómsríkar ferðir sem studdu við lærdóm vetrarins og styrktu nemendur í samskiptum og umburðarlyndi.

Samvinna nemenda

Við lögðum mikla áherslu á samvinnu í vetur. Við reyndum að þjálfa hana á ýmsa vegu með fjölbreyttum verkefnum í sem flestum námsgreinum. Nemendur unnu í þörum og hópum, á stöðvum eða í einstökum verkefnum. Við notuðum einnig spil og leiki til að þjálfa samvinnu. Nemendur lærðu að allir hafa hlutverk í samvinnu, þjálfuðust í að deila verkefnum og skipuleggja hvernig þau ætluðu að vinna og skila verkefninu.

Samvinna við aðra

Á brekkuskólaleikunum fórum við á nokkrar stöðvar með vinabekknunum okkar sem er 8. bekkur og höfðu nemendur mjög gaman af því.

Við áttum gott samstarf við starfsfólk á bókasafninu. Fórum með bekkina upp til að velja lestrarbækur fyrir stofurnar. Starfsfólk bókasafnsins var hjálplegt varðandi að finna bækur fyrir byrjendalæsið. Við tókum jólalestrarátak fyrir jólin í samstarfi við bókasafnið.

Samvinna á yngsta stigi er góð og við erum dugleg að leita til hvers annars. Stærðfræðileiðtogið hefur gengið vel, hópurinn samstilltur og jákvæður. Teymisvinnan hefur gengið mjög vel og skilað okkur mörgu í skipulagi og kennsluháttum. Yngsta stigið er að samnýta meira af gögnum og góð samfella frá 1.-3. bekkjar í náminu. Við sem teymi vinnum svo saman Leiðsagnarnámið og nýtum það með teymisvinnunni.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var við foreldrahópin. Foreldrar og nemendur mættu í samtali í skólabyrjun og aftur í janúar. Að hausti komu foreldrar á fund er nefnist 1-3-5-8 þar sem rædd voru ýmis málefni sem snerta starfið í skólanum.

Í tengslum við árshátíðina aðstoðuðu foreldrar við að finna búninga og mættu vel á árshátíðarsýninguna. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra.

Grenndarkennsla

Við nýttum vettvangsferðirnar mikið til grenndarkennslu. Nýttum tækifærið þegar við vorum að fara út með hópinn til þess að fræða og skoða umhverfið okkar. Við blönduðum grenndarkennslu einnig inn í kennslustofuna og notuðum til dæmis tæknina til að sýna þeim nánasta umhverfi á google maps.

4. bekkur

Námsumhverfi og skipulag

Í vetur voru þrjár umsjónarhópar, sem allir voru nýir. Þegar mest voru 56 nemendur, 26 drengir og 30 stúlkur. Í teyminu voru þrjár umsjónarkennarar, allir í 100% starfshlutfalli. Tveir sérkennarar og einn stuðningsfulltrúi komu að kennslu og daglegu starfi nemanda í árganginum. Kennt var í þremur samliggjandi stofum sem buðu upp á að opnað væri á milli.

Sérkennari, stuðningsfulltrúi og umsjónarkennarar unnu í sameiningu við að undirbúa nemendurna fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbroti í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Alls nutu 23 nemendur í 4. bekk stuðnings eða sérkennslu í vetur. Sumir nemendur komu daglega í námsver allan veturinn, aðrir nokkrum sinnum í viku og svo komu hópar á stutt námskeið til þess að þjálfra færni í sérstöku þáttum. Einn stuðningsfulltrúi var til aðstoðar í árganginum sem nýttist mest inni í hópnum þar sem er nemandi með sykursýki. Skipt var um stuðningsfulltrúa um áramót.

Hver umsjónarhópur hafði sína heimastofu og flestir dagar byrjuðu þar. Mikið var lagt upp úr að vinna með árganginn sem heild t.d. voru allir verklegir tímar með blöndu úr öllum stofum og unnið var í hringekjum þar sem hópnum var blandað, tvo daga í viku. Í þemaverkefnum var opnað á milli stofa og unnið þvert á umsjónarhópa. Þetta reyndist flestum vel félagslega. **Samfélags- og náttúrufræði**

Markmið aðalnámskrár voru höfð að leiðarljósi þegar farið var í efnisþætti í samfélags- og náttúrufræði. Byrjað var að skoða fugla og nemendur unnu verkefni, hver um sinn fugl. Farið var út og nemendur söfnuðu mismunandi plöntum sem þeir þurrkuðu og bjuggu síðan til bókamerki. Bekkurinn tók þátt í fræsöfnun Landverndar og safnaði birkifræjum. Unnið var með örnefni og næsta nágrenni í tengslum við verkefnið Náttúrufræðingur Brekkuskóla.

Við upphaf annar fengu nemendur bókina Könnum Kortin 2 sem var unnið með í gegnum allt skólaárið. Mikið var unnið með landafræði með stórum landakortum, Íslandskortum og kortabókum.

Næsta viðfangsefni var landnám Íslands, þar sem farið var í námsefnið Komdu og skoðaðu landnámið og lesbókina Litlu landnemarnir. Nemendur settu upp leikþátt sem byggður var á þessu efni og sýndur var á árshátíð skólans. Stutt upprifjun var á sólkerfinu og nemendur unnu veggspjald. Íslensku dýrin, bæði villt og húsdýr var næsta viðfangsefni. Sú vinna byggði á hópvinnu þar sem hver hópur fékk úthlutað dýri sem hann átti að kynna sér og kenna síðan hinum. Nemendur gátu bæði stuðst við ritaðar heimildir og upplýsingar á vef. Trúarbrögð voru líka unnin í hópvinnu. Byrjað var á að lesa með aðferðum PALS bókina Trúarbrögðin okkar og nemendum síðan skipt í hópa þar sem hver hópur

vann veggspjald um hver trúarbrögð. Þessi vinnubrögð hentuðu nemendum vel og námsmatið byggði á samvinnu, vinnubrögðum og kynningu. Stytttri þemu voru einstaklingsverkefni um árstíðir og annað um sjálfbærni. Í lok skólaárs voru farnar vettvangsferðir í Minjasafnið á Akureyri og að Laufási til að kynna fyrir nemendum Ísland áður fyrr. Nemendur kynntust mun á lífi í sveit og borg með heimsókn í Daladýrð.

Stærðfræði

Meginnámssefni í stærðfræði voru bækurnar Sproti 4a og 4b, auk samsvarandi æfingahefta og aukaefnis. Markmið voru gerð nemendum sýnileg ýmist á töflu, í innlögn og á könnunum. Einnig voru ýmis önnur verkefni notuð til að koma betur til móts við hæfnimarkmið eða þar sem þurfti frekari umfjöllun/dýpka skilning. Til dæmis unnu nemendur með stærðfræðivefinn Multi. Almenn var farið í markmið út frá þeirri röð sem sett er upp í bókunum. Byrjað var á að vinna með hnitakerfi og síðan tölur upp í 10.000 og tugakerfið, neikvæðar tölur, námundun, og svo samlagningu og frádrátt. Næst var tími og klukkan tekin fyrir og þá margföldun og deiling. Hliðrun og snúningur, ummál og flatarmál voru næstu verkefni áður en haldið var áfram með margföldun og deilingu. Í framhaldi af því voru teknar fyrir mælingar, tugabrot og almenn brot. Endað með umfjöllun um tölfræði.

Við upphaf hvers kafla var innlögn en einnig voru innlagnir innan kafla ef þörf var á. Í hringekjum var unnið með verkefni til að dýpka frekari skilning. Við upphaf margföldunarþáttarins fengu nemendur margföldunartöflur sem þeir gátu nýtt við vinnuna.

Við lok hvers kafla tóku nemendur kannanir til að meta hæfnimarkmið inn á Mentor. Kannanirnar voru einnig hafðar til hliðsjónar til að sjá hverjir þyrftu frekari stuðning með t.d. innkomu sérkennara. Í tengslum við þróunarverkefnið Stærðfræðileiðtogið fóru nemendur í kennslu í forritun. Í þá fræðslu var nýtt efni af vefnum Code.org og Scratch.mit.edu þar sem nemendur geta forritað með einföldum hætti. Þeir lærðu að forrita stafrænar persónur og stýrðu þeim í gegnum þrautir og bjuggu til einfalda leiki sem þau gátu svo spilað.

Íslenska

Í upphafi hvers dags var 20 mínútna yndislestur þar sem nemendur ýmist lásu hver fyrir sig í hljóði eða hafður var hóplestur þar sem allir lásu upphátt saman í sömu bókinni. Nemendur áttu að lesa heima á hverjum degi og á vorönninni var byrjað að merkja lestrarástundun inn í Mentor. Unnið var jöfnum höndum að öllum þáttum íslenskunnar í gegnum skólaárið en á haustönn voru flest hugtök og viðfangsefni kynnt fyrir nemendum og haldið áfram að vinna með þau allan veturinn. Byrjað var á Ritrún 3 til að kynna nemendum þau málfræðiatríði sem gerð er krafa um að þau kynnist á fjórða námsári. Lesrún 1 var notuð í lesskilningi og aðeins byrjað á Lesrún 2 að auki ýmsir aðrir textar og verkefni. Áhersla var lögð á ritun á haustönninni og lögð fyrir ýmis ritunarverkefni sem tengdust yfirleitt þemum sem unnið var með. Síðan var farið í grunnþætti stafsetningar.

Lesfimiþróf voru lögð fyrir þrisvar, í september, janúar og maí og niðurstöður skráðar í Mentor. Orðarún var lögð fyrir tvisvar, einu sinni að hausti og einu sinni að vori. Aston Index var einnig lagt fyrir tvisvar, bæði að hausti og vori. Niðurstöður þessara kannana voru ræddar og sýndar sérkennurum til athugunar.

Á vorönn var PALS lestraraðferðin kynnt fyrir nemendum. Farið var í gegnum kynningarferlið eftir leiðbeiningum í handbókinni sem fylgir lestraraðferðinni og svo var aðferðin notuð í lestri bóka tengdum þemaverkefnum (Trúarbrögðin okkar). Þessi tilhögun gafst vel, að nota PALS aðferðina strax eftir að hún var kynnt.

Nemendur tóku þátt í Litlu Upplestrarkeppninni (Upplestrarhátíð) í apríl. Foreldrum var boðið til hátíðarinnar sem byrjaði á tónlistaratriðum. Síðan lásu allir nemendur upphátt og í lokin voru veitingar.

Enska

Byrjað var að vinna með stutt þemahefti en síðan unnið með bækurnar Work Out og Speak Out, þar sem lögð er áhersla á hlustun og skilning. Við jól, áramót og aðrar hátíðir voru notuð þemaverkefni sem tengdust þeim. Bókin Hickory var nýtt fyrir tvítyngda nemendur sem hafa ensku sem annað mál. Hlustað var á tónlist á ensku og unnið með texta og verkefni tengd þeim.

Uppbygging sjálfsaga/lífsleikni

Bekkjargundir voru hafðir reglulega einu sinni í viku þar sem farið var í samskipti, vináttu, heilbrigðan lífstíl, eineltishringinn og bekkjarreglur. Við upphaf skólaársins mátu nemendur sig inn í þarfahring samkvæmt þarfagreiningu Uppbyggingarstefnunnar og hver nemandi gerði sitt tákni sem hengt var upp á vegg. Sameiginlegur bekkjarsáttmáli var gerður fyrir allan fjórða bekk og var hann sýnilegur bæði á ganginum og inn í stofum. Nýttar voru bækurnar Samvera til að ræða um ýmsa þætti skólastarfsins og samskipti yfirleitt. Hjúkrunarfræðingur kom með fræðslu inn í bekkinn þar sem farið var yfir mismunandi tilfinningar og kvíða.

Grenndarkennsla – vettvangsferðir og uppbrotsdagar

Haustútivistardagur (Golfferð) – Fræsöfnun – Blakmót – Heimsókn að styttu Helga magra – Árshátíð – Tónleikar í Hofi – Aðventuheimsókn á Amtsbókasafnið – Gönguferð í innbæinn – Þemadagar – Vorútivistardagur (Kjarni, Fjallið, Braggapark) – Brekkuskólaleikar – Frjálsíþróttamót – Heimsókn á Minjasafnið – Vorferð í Laufás og Daladýrð – Heimsókn á Flugsafnið – Vorhátíð Brekkuskóla

Við upphaf skólaársins var útivistardagur þar sem farið var með bekkinn á golfvöllinn og nemendur fengu að prófa að slá nokkrar kúlur. Í október fóru nemendur út og söfnuðu birkifræi í tengslum við verkefnið Vistheimt með skólum sem stýrt er af Landvernd. Nemendur tóku þátt í blakmóti í Boganum. Fyrir árshátíð æfðu nemendur leikrit byggt á þemavinnu þeirra um landnám Íslands en einnig var farið í ferð með þeim að Hamarkotsklöppum að skoða styttu af Helga magra og Þórunni hyrnu. 4. bekk var boðið á leiksýninguna Sögur af draugnum Reyra í Hofi í nóvember. Á aðventunni heimsóttum við Amtsbókasafnið og hlustuðum á upplestur úr nýjum bókum. Í tengslum við grenndarkennslu skoðuðum við gamlar myndir frá Akureyri og gengum síðan um innbæinn til að sjá breytingar sem hafa orðið á síðustu hundrað árum. Í tengslum við það lærðu nemendur að þekkja nokkur markverð hús í bænum. Á þemadögum í mars unnu nemendur ásamt 5. og 6. bekk á fimm mismunandi stöðvum þar sem þeir fengust við ýmis verkefni tengd fjölmenningu og þeim löndum sem tengjast Brekkuskóla. Á vorútivistardeggi fengu nemendur val um þrjár mismunandi staðsetningar: Kjarnaskóg, Hlíðarfjall og Braggaparkið. Brekkuskólaleikar voru í apríl og fóru þá nemendur með vinabekk sínum (9. bekk) á ýmsar íþróttatengdar stöðvar. Nemendur tóku þátt í

frjálsþróttamóti í Boganum í maí þar sem keppt var við aðra fjórðubekkinga úr skólum Akureyrar. Þar gerðu nemendur sitt besta og enduðu í 1. sæti í heildarstigakeppni mótsins. Til að undirbúa vorferð 4. bekkjar var Minjasafnið heimsótt og þar fengu nemendur fræðslu um Akureyri áður fyrr. Vorferðin sjálf var að Laufási og á leiðinni þangað hlýddu nemendur á leiðsögn um Eyjafjörð. Í Laufási var gamli bærinn skoðaður og nemendur náðu þannig samanburði á hóbólum fólks í sveit og bæ við upphaf 20. aldar. Síðan var ekið í Daladýrð í Fnjóskadal þar sem nemendur sáu margvísleg dýr og fengu að leika sér frjálst bæði úti og inni. Vorhátíð Brekkuskóla var haldin föstudaginn 2. júní. Þar var farið í leiki á skólalóðinni og grillað að lokum.

Upplýsingatækni

Markvisst var unnið með upplýsingatækni með vikulegum tímum í tölvustofunni þar sem nemendur kynntust því að vinna með Google umhverfið en þeir fengu verkefni í gegnum Google Classroom sem þeir unnu ýmist með Docs, Slides og Sheets út frá hæfnimarkmiðum. Einnig kynntust nemendur forritinu Málun (e. Paint) og teiknuðu þar myndir. Nemendur voru líka þjálfaðir í vélritun með ýmsum síðum og leikjum á netinu.

Foreldrasamstarf

Skólaárið byrjaði á foreldraviðtölum í skólanum þar sem kennarar hittu foreldra og nemendur í fyrsta skipti. Farið var yfir skipulag skólafarsins og væntingar nemenda. Foreldrar komu aftur í viðtöl í janúar þar sem farið var yfir námsframvindu, samskipti og líðan nemenda og önnur mál eftir þörfum. Í hverri viku var sendur póstur heim á alla foreldra þar sem farið var yfir hvað gerðist í vikunni og skipulag næstu viku. Auk þess voru sendir póstar heim aukalega ef þörf var á vegna sérstakra viðburða. Foreldrum var boðið á árshátíð skólans og eins á Upplestrarhátíð í apríl og ítrekað var við foreldra að þeir eru alltaf velkomnir í skólann.

5. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Í vetur voru nemendur alls 43 talsins, 24 drengir og 19 stúlkur. Í teyminu voru tveir umsjónarkennarar, báðir 100% starfshlutfalli. Tveir sérkennarar og einn stuðningsfulltrúi. Sérkennarar og umsjónarkennarar komu að skipulagi þeirra nemenda sem voru í námsveri. Alls nutu 15 nemendur í 5. bekk stuðning- eða sérkennslu í vetur. Einhverjir nemendur fóru fjórum sinnum í viku, aðrir fóru einu sinni til þrisvar sinnum í viku og svo komu hópar á stutt námskeið til þess að þjálfa færni í sérstökum þáttum. Af þessum 15 nemendum var einn nemandi sem var með fékk ellefu tíma fasta í sérkennslu þar var unnið eftir námsmarkmiðum í Mentor. Áhersla í kennslunni voru m.a. að læra bókstafina og hljóðin þeirra. Sérkennari, stuðningsfulltrúi og umsjónarkennarar unnu í sameiningu við að undirbúa nemendurna fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbroti í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru.

Einstaklingsnámskrár voru tvær, sú fyrri í september og endurmetin í janúar og seinni í febrúar og endurmetin í lok maí. Námskrárnar og endurmat voru settar í námsmöppu nemanda á Mentor. Aðrir nemendur sem þurftu námslega aðstoð fengu aðstoð stuðningsfulltrúa sem skipti sér á milli stofa. Vikulegir samráðsfundir voru með sérkennurum sem voru skilvirkir og góðir og mikið traust ríkjandi,

farið var yfir námsmarkmið og kennsla stuðningsnemenda aðlöguð sem mest viðfangsefnum inn í bekkjum. Flestir nemendur sem sóttu tíma í námsveri voru með skilgreinda námsörðugleika, dyslexíu, einhverfu, ADHD eða málþroskaröskun. Auk nemenda með annað móðurmál en íslensku. Áhersla var lögð á lestrarþjálfun hjá þessum hópi og passað upp á að nemendur hefðu aðgang að Hljóðbókasafni Íslands.

Litið var á hópinn sem eina heild til að auðvelda ákvarðanir eða taka á málum einstakra nemenda ef á þurfti að halda. Árganginum var skipt upp á 8-10 vikna fresti og er það að reynast vel. Félagsfærnisögur voru gerðar og notaðar fyrir einstaka nemendur sem einnig voru sendar heim til foreldra.

Námsumhverfi og skipulag:

Samfélags- og náttúrugreinar

Samfélags- og náttúrugreinar var unnið í 4 þemum yfir veturinn þar sem unnin voru fjölbreytt og skapandi verkefni með afmörkuðum efnispáttum og þeim samþætt við aðrar námsgreinar eins og til dæmis íslensku og upplýsingatækni. Nemendum var gerð grein fyrir þeim markmiðum sem unnið var með í upphafi hvers þema. Vinan var skapandi og tengd áhugasviðum nemenda og höfðu þeir of val um hvernig þeir vildu skila verkefnunum. Kennarar lásu fyrir hópinn og notuðu umræðu- og spurnaraðferðina sem þjálfar samræðu og gagnrýna hugsun samhliða lestrinum. Leitaraðferðir voru notaðar þar sem nemendur þurftu að finna ýmsar upplýsingar og tengd efninu og þjálfast þar með að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti t.d. með bókum af bókasafninu, leita eftir upplýsingum í kennslubókum eða jafnvel af netinu. Við lok lesturs voru unnin mismunandi verkefni. Oftast voru þau unnin í hópvinnu sem getur fengið nemendur til að ræða saman, dýpka skilning ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra.

Í þema eitt var unnið með námsefnið Ísland – hér búum við. Unnið var með markmið sem tengdust náttúruöflum, atvinnugreinum og náttúruauðlindum Íslands ásamt því að nemendur kynntust legu landsfjórðungana, stærstu þéttbýlisstöðum, helstu ám, jöklum, fjörðum, flóum og fjöllum. Nemendur unnu ýmis verkefni í einstaklings, para og/eða hópavinnu.

Þema tvö var landnám og rómaveldi og unnið var með námsefnið frá Róm til Þingvalla. Unnið var með markmið sem tengdust sögu af fundi Íslands, nokkrum landnámsmómmum, trú og siði á Íslandi fyrir kristnitöku. Nemendur áttu líka að fræðast um nokkur kennileiti rómverska ríkisins s.s. byggingar og borgir og að geta sett sig í spor þeirra sem þurfa að hverfa frá heimili sínu. Í þema þrjú var Íslams trú kynnt fyrir nemendum. Unnið var út frá markmiðinu að þekkja sögu og menningu Íslams. Nemendur horfðu á fræðslumyndband og unnu síðan verkefni út frá myndbandinu. Einnig máttu þeir sem vildu nýta sér ýmsar netsíður við verkefna vinnuna eins og trúbragðavefinn. Í fjórða þemanu var stuðst við nýtt námsefni frá mms.is, Náttúrulega 1 ásamt fuglavefnum, 3D myndböndum og myndböndum sem finna má með bókinni Náttúrulega. Farið var á Hamarkotstún nærliggjandi götur og þar áttu nemendur að finna mismunandi trjátegundir. Unnið var út frá markmiðunum: að þekkja helstu trjátegundir, mismunandi gróðurlendi og hvernig gróður hefur breyst í aldanna rás, hvaða spendýr lifa villt á Íslandi, helstu fuglategundir og þekkja ljóstillífum. Þessu þema var skipt niður í minni lotur s.s. út um mela og móa, fuglar, gróðurlendi, mannlíkaminn og nýjustu tækni og vísindi.

Öllum nemendum gafst kostur á að nýta sér hljóðbækur í samfélags- og náttúrugreinum. Í þemunum unnu nemendur fjölbreytt verkefni meðal annars hugtakakort, teiknuðu eða máluðu myndir, gerðu teiknimyndasögur, kynningar o.fl. Nemendur unnu ýmist einir eða tveir til þrjár saman og leituðu upplýsinga í lesbók. Nemendur öfluðu upplýsinga í gegnum Ipad, bækur eða úr vinnuheftinu.

Námsmat í samfélags- og náttúrugreinum byggðist upp á símati, könnunum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Verkefnavinna var að miklu leiti skapandi vinna. Með því var leitast við hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir og virkja þannig áhuga nemenda auk þess gafst þeim nemendum sem voru með aðlagað námsefni tækifæri á að taka meiri þátt í verkefna vinnu í samfélags- og náttúrugreinum.

Stærðfræði

Vetrinum var skipt í fjórar lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Áætlun var gerð fyrir hverja lotu sem var svo skipt niður á vikur. Ef nemendur náðu ekki að klára sína vikuáætlun var gert ráð fyrir að hún væri kláruð heima. Hver námsþáttur byrjaði á innlögn og unnið út frá henni, oftast einstaklingslega eða í þörum en stundum í hópum. Eftir hverja lotu tóku nemendur kaflapróf og markmiðin metin. Þeir nemendur sem ekki náðu 80% markmiða á hverju prófi fengu endurinnlögn á námsþáttunum og unnu æfingasíður eða fengu auka verkefni í þeim þáttum sem ekki komu nægilega vel út. Lagt var upp með að stærsti hluti hópsins byrjaði á nýjum námsþáttum á sama tíma. Stika 1a og Stika 1b voru nýttar sem grunn námsefni í stærðfræði ásamt samsvarandi æfingaheftum og aukaefni. Í fyrstu lotu var unnið með samlagningu, frádrátt og sætiskerfið á tölum stærri en 100 og minni en 0 (negatífar tölur), unnið var með margföldun og flóknari deiling lögð inn. Nemendur æfðu sig einnig í gera einfaldar kannanir með því að safna upplýsingum og finna miðgildi og tíðasta gildi og að lokum unnið með tímamann og klukkuna. Í lotu tvö var unnið með gráðuboga og stærð horna mæld, námundun að heilli tölu, tug, hundraði og þúsundi, tugabrot og að lokum speglun, hliðrun og snúning. Í þriðju lotu var unnið með ummál, flatarmál, almenn brot, tugabrot og breyta úr einni mælieiningu í aðra ásamt því að nemendur fengu að kynna % merkinu. Í fjórðu og síðustu lotunni var aftur unnið með margföldun og deilingu, óþekktar stærðir og hliðrun, snúning og speglun. Nemendur unnu einnig ýmis verkefni í stærðfræði öppum. Classkick var notað í stærðfræði þar sem öll dæmi voru sett inn og settu nemendur inn svörin og fengu þau að vita strax hvort svarið væri rétt reiknað eða ekki. Með þessu fengu nemendur stöðuga endurgjöf. Námsmat í stærðfræði fór fram í kaflaprófum og verkefnavinnu. Einstakir nemendur tóku munnleg próf og fengu að nota hjálpargögn.

Íslenska

Lögð var áhersla á lestur, lesskilning, ritun, málfræði og stafsetningu. Nemendur unnu verkefni einir, í þörum, litlum og/eða stærri hópum. Námsmat var fjölbreytt og áhersla lögð á leiðsagnar- og símat s.s. munnlegar umsagnir, stuttar kannanir, skrifleg verkefni og hópverkefni. Skriflegt próf var unnið út frá markmiðum vetrarins og lagt fyrir nemendur í maí. Orðspor 1 var grunnefni þar var nemendum var kynntur uppruni íslenskunnar, þeir fengu að grúska og grafa upp fróðleik um hitt og þetta ásamt því að æfast í framsögn, tjáningu, ritun, hlustun og lestri. Málrækt 1 var unnin samhliða Orðspori 1. Áhersla var lögð á lestur allan veturinn, námsbókin Fyrsti Smellur var notuð til að þjálfa lesskilning. Nemendum var gert að lesa heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku og skrá heimalesturinn sem var skilað til kennara í hverri viku. Eftir áramótin skráðu kennarar í lok hvers mánaðar hvernig nemendum gekk að sinna heimalestri sem var skráð inn á Mentor. Yndislestur var í lok hvers dags í

20 mínútur í senn og lásu flestir nemendur upphátt fyrir kennara 2 sinnum í viku. Þeir nemendur sem ekki náðu lágmarks lestrarviðmiðum fengu auk þess auka lestrarþjálfun hjá sérkennara. Lagt var fyrir nemendur lesfímipróf þrisvar yfir veturinn þar sem leshraði var mældur ásamt orðleysu- og nefnuhraðaprófi. Tvisvar var farið í lestraraðferðina PALS sem kennt var í átta vikur. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í nóvember og apríl.

Kennarar lásu upphátt fyrir nemendur, nemendur lásu punktalestur eða sjálfstætt auk þess sem nafnaspýtur voru notaðar í lestur og kennslu. Nemendur unnu mikið með ritun allan veturinn þar sem unnin voru margskonar ritunarverkefni s.s. hvernig á að byggja upp mismunandi texta, persónusköpun, upplýsandi ritun, sannfærandi ritun, frjálsa ritun og ritun í tengslum við þemu. Nemendur fengu munnlega og/eða skriflega umsögn fyrir ritunarverkefnin sín ásamt því að fá leiðbeiningar jafnóðum og ritun fór fram. Til að auka tjáningu og framsögn lásu nemendur ritun sína upp fyrir samnemendur.

Unnið var með markmið í málfræði og stafsetningu á fjölbreyttan hátt og samþætt samfélags- og náttúrugreinum. Stuðst var við námsefnið Málrækt, valin verkefni úr Skinna 1 og 2 og Mál til komið, lesbók. Sóknarskrift og upplestur voru einnig nýtt í stafsetningarkennslu. Námsmat í íslensku byggðist upp á símati, könnunum og verkefna vinnu.

Enska

Áhersla var lögð á lesskilning, ritun, hlustun og málnotkun. Til að ná markmiðum í ensku voru verkefni unnin á fjölbreyttan hátt t.d. með því að nemendur spurðu hvort annað spurningar á ensku, skriflegum verkefnum og umræðum. Nemendur unnu verkefnin einir, í pörum eða í hópum. Námsefnið Yes we can lesbók, vinnubók og námsvefur var nýtt sem grunnefni. Unnið var eftir námsmarkmiðum í ensku og voru nemendur metnir jafnt og þétt yfir veturinn með ýmsum hætti t.d. munnlega og skriflega.

Í allan vetur voru markmið í hverju fagi sýnileg í skólastofu auk þess sem markmið hvernar kennslulotu var upp á töflu og farið yfir þau með nemendum jafnt og þétt. Einnig fórum við yfir með nemendum hvaða markmiðum væri lokið og þeir fengu tækifæri til að rifja upp námsmarkmið áður en námsmat var lagt fyrir. Nemendur unnu á mismunandi hátt leiðina að markmiðunum. Stundum stýrt og stundum ákveða þeir sjálfir hvernig þeir ætla að ná markmiðunum. Ýmis öpp voru notuð í kennslu t.d. Classkick. Vel gekk að halda dampi í öllum námsgreinum nema í stærðfræði. Í stærðfræði þurfti að eyða meiri tíma í einhverja kafla en gert var ráð fyrir. En þó náðist að klára námsefni vetrarins. Í hugarfar vaxtar voru við mikið að æfa nemendur í þrautseigju og ræddum mikið um sjálfsmyndina.

Uppbygging sjálfsga / lífsleikni

Unnið var með Uppbyggarstefnuna í vetur og lagt var áhersla á grunnþætti hennar. Nemendur kynntust grunnþörfum sínum og hvernig vinna mætti með sínar sterku þarfir. Í kjölfarið var farið í bekkjarsáttmálann og T- spjöld og Y-spjöld ásamt verkefnum um skýr mörk. Bekkjarfundir voru reglulega yfir veturinn þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá skoðanir sínar og koma hugmyndum sínum á framfæri. Umræðuefni fundanna var stundum stýrt af kennurum eða málefni sem nemendur höfðu óskað eftir að ræða. Stundum var farið í að rifjað upp hlutverk kennara og

nemenda og farið var í lausnaleit; hvað hægt er að gera til að æfa okkur betur í að passa orðin, framkomu, góð samskipti, að setja sig í spor annarra og að við berum ábyrgð á okkar hegðun og framkomu. Einnig var unnið með ákveði umræðuefni sem skipt var niður í fjórtán bekkjafundi ásamt spurningum. Ákveðin umræðuefni höfðu ákveðin boðskap. Umræðuefnin voru t.d. vinátta, leiðtogar, hópprýstingur, bekkjarandinn, reglur, að velja hegðun, að bera ábyrgð á sjálfum sér, eigin námi og lífi, hvernig tökum við á móti nýjum skóla- eða bekkjarfélögum, hvað erum við hrædd við, orðspor, samvinna og fordómar. Nemendur höfðu gaman af vinnu tengdri uppbyggingastefnunni og voru áhugasamir.

Hjúkrunarfræðingur skólans kom og var með fræðslu um sjálfsmynd og í kjölfarið kom fræðsla frá Heilsulausnum þar sem var rætt um sjálfsmynd ungmenna og hvernig er hægt að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Farið var yfir hugtökin sjálfsmynd, sjálfstraust og líkamsmynd. Eftir fræðsluna var unnið verkefni um styrkleika.

Farið var í gegnum námsefnið Krakkaspjall sem er samræðu- og samskiptaverkefni ætlað nemendum á yngsta- og miðstigi grunnskóla. Verkefnið samanstendur af 10 samræðu- og samskiptafundum og er hvert fundur 40-60 mínútna langur. Markmið Krakkaspjalls er að nemendur þjálfist í og læri að taka þátt í samræðum og byggji undir hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum. Á fundunum gilda ákveðnar reglur sem farið er yfir áður en fundinn byrjar. Að sýnum hvert öðru virðingu, grípum ekki fram í, sendum ekki svipi eða hlægjum. Nemendur þurfa að tjá sig á ýmsan máta eins og t.d. segja öðrum nemendum frá einhverju eða með leikþætti. Eftir hvern fund fengu nemendur heimaverkefni sem þeir unnu heima með foreldrum. Með því fengu foreldrar tækifæri til þess að fylgjast með viðfangsefnum sem tekin voru fyrir og rædd heima með barninu.

Það sem betur mætti huga að er að hafa hugmyndabanka þar sem hægt er að nálgast verkefni tengd stefnunni sem kennarar geta nálgast hverju sinni.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Í skólabyrjun fór árgangurinn í gönguferð ásamt 6. bekk upp að Hraunsvatni. Nokkrum fannst þessi ganga erfið á köflum en margir komust þó á leiðarenda. Litlu jólin voru haldin 21. desember, nemendur fengu kakó og smákökur í heimastofu. Seinni útivistardagurinn var í mars þá fengu nemendur val um að fara í Kjarnaskóg, á skíði eða á Braggaparkið. Mikil ánægja var með að fá val um hvað hægt var að gera. Árs hátíðin var á sínum stað og var 5. bekkur með Disney þema. Undirbúningur gekk vel, nemendur jákvæðir og spenntir. Búningar og leikmunir komu frá nemendum sjálfum og lögðu foreldrar sig fram um að aðstoða við að skaffa það sem þurfti. Foreldrum var sent skjal þar sem óskað var eftir ákveðnum búningum eða leikmunum og þeir fylltu inn í skjalið hver kæmi með hvað.

Fjölmening var þemað í Brekkuskóla þetta skólaár. Miðstigið vann saman og fóru nemendur á milli fimm stöðva. Unnið var með lönd nemenda á miðstigi. Það voru löndin Ástralía, Bandaríkin, Danmörk, Kína, Rússland, Úkraína, Pólland, Þýskaland, Írland, Litháen, Austurríki, Nýja Sjáland, Perú, England og Indland. Á stöð eitt var myndskreið frá hverju landi til fróðleiks og gerðar kynningar, á stöð tvö bjuggu nemendur til kahoot um löndin, á stöð 3 voru búnir til fánar og þeir perlaðir á stöð 4 var stopmotion og grímugerð, stöð 5 var búið til endurunnar fígúrur sem síðan var sett í kringum hnött hengdur var í gluggann á miðhæð skólans. Brekkuskólaleikar voru á sínum stað. Vinabekkir

fóru á milli fimm 40 mínútna stöðva. Nemendur byrjuðu í heimastofum áður en haldið var út í leiki. Á vorhátíðinni fóru nemendur á milli 13 stöðva.

Vettvangsferðir

Hraunsvatn – nemendur gengu upp að vatninu. Áður en farið var í ferðina fengu nemendur kynningu á svæðinu, frægu skáldi og þjóðsögu.

Hamarkotstún - Farið var á Hamarkotstún og nærliggjandi götur. Markmiðið var að nemendur áttu að finna mismunandi trjategundir í umhverfinu. Var þetta partur af þema í 5. bekk þar sem unnið með náttúruna.

Hamarkotsklappir - Styttu af Helga magra og Þórunni hyrnu skoðuð. Áður en lagt var af stað fengu nemendur fræðslu um landnámsnema sem höfðu numið land í Eyjafirði.

Hvað var gefandi við ferðirnar?

Útivistardagur að hausti: Nemendur voru mjög jákvæðir bæði fyrir ferðina og á meðan henni stóð. Mjög stór hluti árgangsins náði toppnum og það var mikill sigur fyrir þann hóp. Öll lögðu þau af stað þó nokkur þeirra færu ekki ýkja langt.

Ferðin á Hamarkotstún: Nemendum fannst áhugavert að fræðast um trjategundir í umhverfinu og veltu fyrir sér hvaða tré eru í þeirra garði og sköpuðust skemmtilegar samræður út frá því.

Ferðin á Hamarkotsklappir: Nemendum fannst gaman að ganga að styttni og leika sér í klöppunum. Þeim fannst mjög áhugavert að leikskólinn Hólmasól er nefndur eftir dóttur Helga magra og Þórunni hyrnu.

Vorferð: Góð samvera og hreyfing í frábæru veðri. Almenn gleði með ferðina.

Samvinna nemenda

Nemendur unnu saman að ýmsum verkefnum í vetur, saman í þörum og almennt reyndi á samskipti í mörgum þeim verkefnum sem lögð voru fyrir. Samvinna kom einnig fram í árshátíðarvinnu, þemadögum og jólaföndri miðstigs. Í vetur höfum við lagt áherslu á að nemendur nýti sér námsfélaga og hugsi um það sem þeir eru að læra og spjalli saman um það sem þeir eru að læra. Nemendur nýta sér oftast þann sem þeir sitja hjá og því eru ekki alltaf vinir sem aðstoða hvorn annan, stundum tveir, þrír eða fleiri.

Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu sinni og leikni og flytja mál sitt skírt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum. Skólaþingið t.d.

Samvinna við aðra

Vinabekkur, bókasafn, aðrir árgangar, nærsamfélag

Á vordögum voru Brekkuskólaleikarnir haldnir. Þá hittust vinabekkirnir og fóru þeir á milli fimm 40

mínútna stöðva. Nemendur byrjuðu í heimastofum og þeim skipt í fimm hópa sem síðan blönduðust. Fyrir jólin fönnduðu 5. og 6. bekkur saman fyrir jólin. Nemendum var skipt í hópa þvert á árganga og fóru nemendur á þrjár stöðvar. Föndrað var jólakötturinn, jólastjarna og jólakort.

Foreldrasamstarf

Skólaárið byrjaði með foreldrasamtölum. Farið var yfir hver markmið vetrarins væri, foreldrum sagt frá að nemendur eru smátt og smátt að fá þjálfun í að bera ábyrgð á eigin námi og skipuleggja sig. Vikupóstar voru sendir heim með upplýsingum um líðandi viku, verkefni og markmið komandi viku. Einnig var haft samband við foreldra þegar ástæða þótti til. Janúarviðtölin voru nemendastýrð. Nemendur undirbjuggu sig fyrir samtalið í skólanum þar sem nemendur sögðu frá markmiðum sem þeim hefur gengið vel að ná í vetur, hvernig gekk með heimalestur og hvaða markmið þeir ætluðu að setja sér þar til skóla lýkur. Nemendur fóru einnig yfir aðra þætti sem sneri að þeim og þeim þótti skipta máli.

Grenndarkennsla

Í samfélags- og náttúrufræði var unnið með heimabyggðina mína og umhverfið næst okkur. Nemendur skoðuðu og merktu inn á kort ár, firði og fjöll. Þeir máluðu mynd af sínu uppáhalds fjalli í heimabyggð. Nemendur áttu að finna þjóðsögu úr þeirra landshluta og búa til myndasögu út frá sögunni. Einnig var farið í ferð að Hamarkotsklöppum þar sem nemendur skoðuðu stytta af Helga margra og Þórunni hyrnu og unnu verkefni tengd landnámi Íslands. Farið var í vettvangsleiðangur á Hamarkotstún og nærliggjandi götur þar sem nemendur áttu að finna ákveðnar trjátegundir í umhverfinu. Eins var farið í Lystigarðinn og týndir könglar fyrir jólaföndur. Í stærðfræði fóru nemendur og leituðu að formum í umhverfi Brekkuskóla og unnu nemendur listaverk út frá formunum sem þeir fundu.

Skólalóðin og nærumhverfi skólans var einnig nýtt í styttri ferðir og ýmis útiverkefni. Þessar ferðir voru nýttar til þess að benda nemendum á áhugaverða hluti í umhverfinu s.s. stytturnar, byggingar, örnefni, þjóðsögur, gróður og merkilegar staðreyndir. Unnin voru ýmist verkefni fyrir ferðirnar eða að þeim loknum sem tengdust umhverfi okkar og náttúru.

6. bekkur

Íslenska

Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, ritun, málfræði og stafsetningu. Unnið var út frá grunnþáttunum **læsi**, þar sem áherslan var á að nemendur næðu góðum leshraða, að þeir gætu lesið af öryggi og góðum skilningi, **lýðræði og mannréttindi**, þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun við lestur fjölbreyttra texta og lýðræðisleg vinnubrögð voru viðhöfð bæði við verkefnaval og námsat, **sjálfbærni**, þar sem nemendur tókust á við ýmis álitamál og ágreiningsefni við lestur fjölbreyttra texta, **jafnrétti** þar sem nemendum var gert ljóst að alleir eigi jafnan rétt til náms og umburðarlyndi skuli viðhafast gagnvart mismunandi getu og framförum og **sköpun** þar sem nemendur túlkuðu á persónulegan hátt framsögn, ritun, í ljóðum og umræðum. Nemendur unnu verkefni einir, í pörum, litlum og/eða stærri hópum. Námsmat var fjölbreytt og áhersla lögð á leiðsagnar- og símat s.s. munnlegar umsagnir, stuttar kannanir, skrifleg verkefni og hópverkefni. Skriflegt próf var unnið út frá

málfræði markmiðum vetrarins og lagt fyrir nemendur í maí. Orðspor 2 var grunnefni og var nemendum kynntur uppruni íslenskunnar, þeir fengu að grúska og grafa upp fróðleik um hitt og þetta ásamt því að æfast í framsögn, tjáningu, ritun, hlustun og lestri. Mikil áhersla var lögð á lestur og lesskilning allan veturinn og var nemendum gert að lesa heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku og skrá heimalesturinn sem var svo skilað til kennara mánaðarlega allt skólaárið. Yndislestur var á hverjum morgni í 20 mínútur í senn og lásu nemendur upphátt fyrir kennara 2-3 sinnum í viku. Þeir nemendur sem ekki náðu lágmarks lestrarviðmiðum fengu auk þess lestrarþjálfun hjá sérkennara. Lagt var fyrir nemendur lesfimiþróf þrisvar yfir veturinn þar sem leshraði var mældur auk þess voru orðleysu- og nefnuhraðapróf lagt fyrir þá sem þess þurftu. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í nóvember og apríl. Kennsluaðferðin PALS var kennd í átta vikur á vorönn. Aston Index stafsetningarprófið var lagt fyrir tvisvar sinnum yfir veturinn.

Lestur og lesskilningur: Unnið var með námsmarkmiðin í lestri- og lesskilningi á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að hlusta á lestur annarra og lesa fyrir aðra, taka þátt í samræðum um lesin texta, spyrja spurninga við lestur og íhuga innihald texta. Nemendur æfðu sig í að taka **ábyrgð og meta eigið nám** á eigin yndislestri og meta hvernig þeir nýttu tímann sinn til lesturs, nemendur æfðu **nýtingu miðla og upplýsinga** og leituðu upplýsinga á ólíkum miðlum við úrlausna lesskilningsverkefna og í samþættingu við aðrar námsgreinar s.s. samfélags- og náttúrugreinar og tölvu- og upplýsingamennt ásamt því að nemendur nýttu einnig tölvutæknina til að hlusta á texta og svara spurningum á google eyðublöðum. Til að þjálfra **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur einstaklingslega, í þorum og í stórum og litlum hópum. Til að þjálfra **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökræðum, æfðu sig í standa fyrir máli sínu og gagnrýna verk annarra á uppbyggilegan hátt ásamt því að tileinka sér gagnvirkan lestur og fást við aðferðir leitarnáms við úrlausnir lesskilningsverkefna.

Námsbókin Annar smellur var nýtt sem grunnefni ásamt Orðspori 2. Hlutverk námsefnis er að hjálpa nemendum að auka færni sína til að tjá sig bæði munnlega og skriflega, auka við orðaforða þeirra og kenna þeim að lesa á milli lína. Lögð var áhersla á að nemendur væru samhliða í námsefninu til að hægt væri að hafa sameiginlega innlögn fyrir allan hópinn. Kennarinn las upphátt fyrir nemendur, nemendur lásu punktalestur eða sjálfstætt. Nemendum var skipt upp í þrjá misstóra hópa við þjálfun lesskilnings eftir niðurstöðum Orðarúnar. Á vordögum var lögð enn meiri áhersla á lesskilning þar sem niðurstöður Orðarúnar var ekki nægilega góð heilt yfir. Nemendur lásu/hlustuðu vikulega á misþunga texta og svöruðu spurningum á google eyðublöðum og þurftu síðan að vinna ritunarverkefni út frá textanum. Til að auka orðaforða og lesskilning unnu nemendur verkefni um föst orðasambönd s.s. leggja árar í bát, að brynna músum, allt gengur á afturfótunum, bregða undir sig betri fætinum o.s.frv.

Framsögn, ritun og ljóð: Unnið var með námskarmið í framsögn, ritun og ljóðum á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að koma fram og segja frá, lesa og flytja ritunarverkefni, ljóð og ýmsar tegundir texta ásamt því að kynna skáldsögu sem þeir höfðu lesið. Nemendur tjáðu sig á myndræna, skriflegan og starfrænan hátt með hjálp tölvu- og upplýsingatækni. Nemendur æfðu sig í að taka **ábyrgð og meta eigið nám** með að skoða fyrir fram hvað þeir ætluðu að gera, setja sér viðmið, og vinna út frá því og að lokum skoðuðu þeir hvernig til tókst. Nemendur æfðu **nýtingu miðla og upplýsinga** með því að skila ritunarverkefnum á ýmsu rafrænu formi í google umhverfinu s.s. skjöl og glærur og myndrænar

framsetningar eins og föstudagsfréttir. Til að þjálfa **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur einstaklingslega, í þörum og í stórum og litlum hópum. Til að þjálfa **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökræðum, þurftu að standa fyrir máli sínu og gagnrýna verk annarra á uppbyggilegan hátt ásamt því að æfa sig í að taka gagnrýni.

Námsefnið Orðspor 2 var nýtt að hluta til sem grunnámsefni en mest var unnið út frá áhugasviði nemenda og samþættingu við aðrar námsgreinar s.s. samfélags- og náttúrugreinar og tölvur- og upplýsingamennt og reynt að tengja við heildstæð verkefni. Fjölbreytni var höfð að leiðarljósi þegar kom að kennslu ritunar og var kynnt fyrir nemendum mismunandi ritunarverkfærum s.s. hvernig á að byggja upp mismunandi texta, persónusköpun, upplýsandi ritun, sannfærandi ritun, frjálsa ritun, ritun í tengslum við lesskilning og ritun í tengslum við þemu. Nemendur fengu munnlega og/eða skriflega umsögn fyrir ritunarverkefni og ljóð sín ásamt því að fá leiðbeiningar jafnóðum og ritun fór fram. Ritun var sérstaklega samþætt við lesskilning seinni hluta vetrar og þurftu nemendur að gera ritunarverkefni sem uppfylltu ritunarmarkmið vetrarins í tengslum við lestur og lesskilning.

Málfræði og stafsetning: Unnið var með markmið í málfræði og stafsetningu á fjölbreyttan hátt og með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að taka þátt í samræðum um málfræði og spyrja spurninga við úrlausn verkefna. Nemendur æfðu sig í að taka **ábyrgð og meta eigið nám** á eigin málfræði og stafsetningarþjálfun með því að sýna fram á hvernig þeir ætluðu að ná þeim markmiðum sem fyrir lágu og að lokum að sýna fram á að markmiðinu hafi verið náð. Nemendur æfðu sig í **nýtingu miðla og upplýsinga** og leituðu upplýsinga um málfræði og stafsetningarreglur ásamt því að staðfesta að þeir væru að gera rétt með t.d. íslenskri orðabók Árnastofnunnar. Til að þjálfa **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur einstaklingslega, í þörum og í stórum og litlum hópum. Til að þjálfa **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökræðum um málfræði og stafsetningu og þurftu að standa fyrir máli sínu og sýna fram á framgang í málfræði- og stafsetningarnáminu ásamt því að æfa sig í að taka gagnrýni.

Ekki var stuðst við neitt námsefni en nemendum var kynnt fyrir málfræðireglum og æfðu þeir sig svo í að nýta þær í gegnum sjálfstæða vinnu. Nemendur þurftu að sýna fram á á sinn hátt hvernig þeir uppfylltu málfræðimarkmiðin og var það gert á ýmsa vegu. Sóknarskrift og upplestur voru einnig nýtt í stafsetningarkennslu.

Við teljum að íslenskukennslan hafi gengið vel í vetur. Við lögðum aukna áherslu á lesskilning og teljum að það sé vinna sem gott er að halda áfram með. Við nýttum google umhverfið og gátum þá deilt mismunandi textum með nemendum eftir því hvar þeir voru staddir hvað varðar lesskilning. Textarnir voru þó flokkaðir í þemu þannig að allir nemendur voru að lesa og vinna með sambærileg viðfangsefni og tengdum við síðan ritunarverkefni við lesskilning sem allir unnu. Við teljum að auðveldara hafi verið að halda utan um bæði lesskilningsverkefnin og ritunarverkefnin í google umhverfinu en í stílabókum. Við prufuðum í fyrsta sinn námsefnislausu málfræðikennslu og teljum við að vel hafi tekist til og við teljum nemendur hafi meira verið að velta fyrir sér hvernig málfræðin virkaði en að klára blaðsíður og áætlanir. Nemendur virtust líka verða ábyrgari fyrir því að ná markmiðum sínum.

Stærðfræði

Vetrinum var skipt í átta lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Unnið var út frá grunnþáttunum **læsi** þar sem nemendum gafst tækifæri á að æfast í lestri ýmissa stærðfræðilegra hugtaka og orðadæma ásamt því að lesa í stærðfræðitákn, **lýðræði og mannréttindi** þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, unnu með mismunandi einstaklingum að mismunandi verkefnum með umburðarlyndi að leiðarljósi, **sköpun** þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt ýmsar aðferðir, skissur, myndir, töflur og myndrit, **jafnrétti** þar sem nemendum er mætt við getustig hvers og eins, **heilbrigði og velferð** þar sem unnið var að því að skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til stærðfræðináms.

Unnið var með markmið Aðalnámskrár í stærðfræði á fjölbreyttan hátt og með lykilhæfni að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að fylgjast með hvernig aðrir leysa dæmi og sýna eigin aðferðir, taka þátt í samræðum um stærðfræði, tjá sig á myndræna hátt bæði með hjálp tölvutækni og án hennar, nýta tölvutækni til að leysa dæmi eða átta sig á framkvæmd við úrlausn. Nemendur æfðu sig í að taka **ábyrgð og meta eigið nám** með því að fylgja vikuáætlunum, skipuleggja tíma sinn og meta hvort þeir hafi náð þeim markmiðum sem unnið var að hverju sinni. Nemendur æfðu sig í **nýtingu miðla og upplýsinga** og nýttu sér kennslumyndbönd á netinu, ýmis stærðfræði öpp og síður. Til að þjálfa **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur einstaklingslega, í pörum og í stórum og litlum hópum. Til að þjálfa **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökraðum um stærðfræði og úrlausn verkefna og þurftu að standa fyrir máli sínu og sína fram á framgang í stærðfræðináminu ásamt því að æfa sig í að taka gagnrýni.

Í fyrstu og annarri lotu var unnið með grunnaðgerðirnar fjórar, margföldun og deilingu með tölum yfir 100, hlutfall og hluta af heild ásamt því að nemendur æfðu færni sína við lausn orðadæma. Í lotu þriðju og fjögur var unnið með tugabrot, ummál og flatarmarmál marghyrninga, hornasummu, yfirborðsflatarmál og mismunandi horn. Í fimmtu og sjöttu lotu var unnið með rúmmál, algebru, metrakerfið, prósentur og almenn brot. Í síðustu tveimur lotunum var aftur unnið með grunnaðgerðirnar fjórar og hlutfall ásamt því að nemendur æfðu sig í að setja tölustaf í stað bókstafs, umreikna gjaldmiðla og hliðruðu, sneru og spegluðu í hnitakerfi.

Stika 2a og Stika 2b voru nýttar sem grunn námsefni í stærðfræði ásamt ýmsum aukaefni tengt efni bókana og þá sérstaklega í margföldun og deilingu. Nemendur unnu einnig ýmis verkefni í stærðfræði öppum og síðum s.s. Geogebra, mathplayground.com og fleiri slíkum síðum. Nemendur voru einnig duglegir að æfa sig í að kóða og nýttu til þess ýmsar vefsíður og öpp s.s. code.org, python.org og scratch.mit.edu. Einnig gerðu nemendur kennslumyndbönd og nýttu sér Flipgrid til að taka þau upp. Nemendur unnu einstaklingslega, í pörum eða hópum eftir því sem við átti. Lotuskipulagið og áætlanagerð í stærðfræði reyndist vel. Áhersla á töflukennslu í upphafi hvers lotu og efnispátta og innlögn frá töflu virtist henta nemendum vel. Umsjónarkennarar tóku þátt í þróunarvinnu með HA/HÍ, Menntafléttunni, þar sem áhersla var lögð á breytta kennsluhætti og innleiðingu á kóðun. Í tengslum við það verkefni var augin áhersla lögð á að nýta kóðun, könnun stærðfræðinnar í umhverfinu og æfingar í stærðfræðilegri tjáningu.

Áætlun var gerð fyrir hverja lotu sem var svo skipt niður á vikur. Ef nemendur náðu ekki að klára sína vikuáætlun var gert ráð fyrir að hún væri kláruð heima. Hver námsþáttur byrjaði á innlögn og unnið út frá henni, oftast einstaklingslega eða í pörum en stundum í hópum. Eftir hverja lotu áttu

nemendur að meta sjálfir hvort þeir hefðu náð markmiðum lotunnar. Ef þeir töldu sig hafa náð þeim var lagt fyrir kaflapróf og markmiðin metin. Þeir nemendur sem ekki náðu 80% markmiða á hverju prófi fengu endurinnlögn á námsþáttunum og unnu æfingasíður eða fengu auka verkefni í þeim þáttum sem ekki komu nægilega vel út. Lagt var upp með að stærsti hluti hópsins byrjaði á nýjum námsþáttum á sama tíma. Við lok hvorrar annar voru lögð fyrir skrifleg próf sem meta áttu þau markmið sem unnið hafði verið með á tímabilinu.

Við teljum að sú nýbreytni að hafa markmiðin á stærðfræðiaætlunum þannig að nemendur þurftu að fara yfir þau og meta sig sjálf hafi borið árangur og nemendur ábyrgari í námi sínu og betur meðvitaðir um hverju þeir náðu og hvað þeir áttu að vera að læra. Eins teljum við að það hjálpi nemendum mjög mikið að hafa hvert markmið sýnilegt á hverju námsmati og var það upplifun okkar að nemendum væri orðið þjálfa að tala um hvaða markmið þeir ættu eftir að ljúka og hvaða markmið þeir þyrftu að æfa sig í.

Samfélags- og náttúrufræðigreinar

Markmiðum aðalnámskrár í samfélags- og náttúrugreinum var skipt upp í þemu þar sem unninn voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðum efnisþáttum og samþætt við aðrar greinar en þó sérstaklega íslensku og tölvu- og upplýsingatækni. Valin voru saman áþekk markmið og unnið út frá þeim. Unnið var út frá grunnþáttunum **læsi** þar sem nemendum gafst tækifæri á að efla samfélags-, umhverfis- og kortalæsi, þjálfala lestur fræðirita og greina aðalatriði frá aukaatriðum og rýna hugtök sem tengjast markmiðum greinanna, **lýðræði og mannréttindi** þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, skoða sögu okkar og þróun sem hefur verið á lýðræði og mannréttum frá miðöldum til dagsins í dag og hvernig lýðræði og mannréttindum er háttað hjá nágrannalöndum okkar og í öðrum trúarbrögðum, **sköpun** þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt vinnu sína að markmiðunum með frumleika, frumkvæði og ímyndunarafli, **jafnrétti** þar sem nemendur skoðuðu þróun jafnréttis frá miðöldum til dagsins í dag og hvernig staða jafnréttis er í nágrannalöndum okkar, **sjálfbærni** þar sem nemendur fengu tækifæri til að ræða sögu okkar og móta framtíðarsýn um verndun umhverfis út frá henni, **heilbrigði og velferð** þar sem unnið var með upplýsingar um líkamlegt atgervi, hjúkrunarfræðingur hitti nemendur ásamt hreyfistundum.

Unnið var með markmið Aðalnámskrár í samfélags- og náttúrugreinum á fjölbreyttan hátt og með lykilhæfni að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu **tjáningu og miðlun** með því að kynna verkefni sín og ræða saman um lausn verkefna, tjá sig myndrænt og nota tölvu- og upplýsingatækni, spyrja spurninga og segja frá, **ábyrgð og meta eigið nám** með því að taka ábyrgð á því hvernig markmiðum skyldi ná, skipuleggja tíma sinn og meta hvort þeir hafi náð þeim markmiðum sem unnið var að hverju sinni. Nemendur æfðu sig í **nýtingu miðla og upplýsinga** með leitaraðferðum á netinu, heimildavinnu og tölvu- og upplýsingatækni. Til að þjálfra **sjálfstæði og samvinnu** unnu nemendur einstaklingslega, í þörum og í stórum og litlum hópum. Til að þjálfra **skapandi og gagnrýna hugsun** tóku nemendur þátt í rökræðum um þemu og úrlausn verkefna og þurftu að standa fyrir máli sínu og sína fram árangur í náminu ásamt því að æfa sig í að taka gagnrýni.

Stundum var námsefni notað sem grunnefni en sjaldnast. Nemendum var gerð grein fyrir þeim markmiðum sem unnið var með í upphafi hvers þema. Stundum lögðu kennarar línurnar um hvernig vinnu skyldi háttað en stundum gátu nemendur valið hvernig unnið yrði að því að ná markmiðunum og var sú vinna stundum sameiginleg ákvörðun fyrir allan hópinn en stundum unnu nemendur

sjálfstætt að því að ná þeim markmiðum sem unnið var með hverju sinni. Lagt var upp með að vinnan væri skapandi og tengd áhugasviðum nemenda ásamt því að nemendur ynnu í hópum þannig að þeir gætu þjálfað samkennd, samræður, tjáningu og dýpri skilning, ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. Leitaraðferðir voru mikið notaðar þar sem nemendur þurftu að finna ýmsar upplýsingar og fróðleik tengt efninu og þjálfast þar með í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti. Í þemu var lagt upp með að nemendur hefðu nokkuð frjálsar hendur um úrvinnslu og skil á verkefnum. Nemendur unnu meðal annars hugtakakort, skrifuðu fræðitexta, teiknuðu skýringarmyndir, gerðu stór samvinnuverkefni ásamt því að viðfangsefnið var nýtt í ýmsa ritun. Tölvur og tölvutækni var mikið nýtt s.s. til heimildavinnu, gerð stuttmynda, bókagerð, gerð kynninga o.fl. Lagt var upp með að nemendur kynntu verkefni sín fyrir samnemendum en einnig hengdu þeir þau upp víðsvegar um skólann öðrum til gleði og fróðleiks. Námsmat í samfélags- og náttúrugreinum byggðist upp á símati, könnunum, sjálfstæðum vinnubrögðum og skipulagi. Verkefnavinna í samfélags- og náttúrufræði var að miklum hluta skapandi vinna. Með því var leitast við að hafa fjölbreyttar kennsluáðferðir og virkja þannig áhuga nemenda.

Veturinn byrjaði á þema um **Himintunglin** þar sem unnið var með reikistjörnur, sólina og fjarlægð þeirra frá jörðu. Við þá vinnu var sambætt með íslensku, lífsleikni og uppbyggingarstefnunni. Bekkjarsáttmálinn sem nemendur gerðu var meðal annars byggður á þeirri hugmyndafræði sem nemendur höfðu aflað sér um sólkerfið. Nemendur byggðu sitt eigið sólkerfi með öllu því sem huga þarf að þegar nýtt sólkerfi verður til og var það hengd upp í loft sem undirskrift í bekkjarsáttmálanum. Næsta þema var um **Norðurlöndin** og var stuðst við kennslubókina *Norðurlönd*. Kennarar útbjuggu verkefni þar sem staðreyndir um Norðurlöndin þurftu að koma fram og voru síðan útfærð enn frekar í samvinnu við nemendur. Nemendum var skipt upp í hópa og dróg hver hópur eitt land sem gera átti skil á og kynna fyrir samnemendum sýnum ásamt því að gera veggspjöld sem hengd voru upp öðrum nemendum skólans til fróðleiks. Nemendur öfluðu upplýsinga um landshætti og veðurfar, atvinnuvegi og náttúruauðlindir, stjórnarfar, tungumál og fleiri áhugaverða þætti sem tengdust því landi sem þeir unnu með. Þriðja þemað fjallaði um **flóð og fjöru**. Markmið sem tengdust fjörunni og tengsl tungls við sjávarföll voru tengd saman í þema. Nemendur horfðu á myndbönd, öfluðu sér upplýsinga á netinu og unnu verkefni bæði á pappír og tölvur. Þema númer fjögur fjallaði um **fiska og umhverfi þeirra**. Fjallað var um lífríkið í sjó, fæðukeðjur hafsins og þær fisktegundir sem helst eru veiddar við Íslandsstrendur, vinnuferlið sem á sér stað frá fiskveiðum að fiskvinnslu, mikilvægi hafsins fyrir Ísland og hvernig maðurinn getur haft áhrif á lífríkið með umgengni sinni. Nemendur drógu fisk sem þau öfluðu sér upplýsinga um og kynntu fyrir nemendum og foreldrum. Nemendur bjuggu til líkan af fiskinum sínum ásamt veggspjöldum með fróðleik og ritunarverkefnum. Trúarbragðafræði var fimmta þemað og snerist að þessu sinni um **hindú**. Nemendur fræddust um Hindúatrú og helstu atriði sem tengjast siðum, helgiritum, guðum og hátíðum hindúatrúar. Unnin voru verkefni um hindú, lífsviðhorf og áherslur ólíkra trúarbragða. Sjötta þemað fékk nafnið **Gásagáta**. Þegar kom að því að vinna að markmiðum um; miðaldir á Íslandi, að þekkja líf fólks á Íslandi á miðöldum, stjórnarfar, menntun, höfðingja ættir og aðstæður barna á miðöldum var ákveðið að nemendur fengju að ráða hvernig unnið yrði með þemað. Nemendur völdu að hlusta á söguna, Gásagátan og voru verkefni tengd markmiðunum fléttað saman við söguna af þeim bræðrum Kolsveini og Kálfi. Nemendur þurftu að leita upplýsinga frá fleiri stöðum s.s. öðrum bókum og netinu. Gerður var stór myndaveggur þar sem landakort af Eyjafirði var sett upp, stór mynd af Gásam á miðöldum, ýmsar upplýsingar um þá bræður, hvernig vopn nemendur myndu velja ef þeir ættu að hefna föðurs síns ásamt upplýsingum um það hvernig

Það var að vera barn á miðöldum, hver var munruinn á lífi drengja og stúlkna á miðöldum og hvernig skólaganga fólks var á þessum tíma. Nemendur kynntu verkefni sín með hjálp rafrænna miðla. Úrvinnslan varð fjölbreytt og skemmtileg. Nemendur enduðu á að meta vinnu hópanna sinna og afrakastur. Sjöunda þemað var seinna trúarbragðabemað og fjallaði um **páskahátíðina**. Þar voru unnin verkefni með námsmarkmiðum tengd páskahátíðinni, tákna, frásagna og siða í kristni trú. Nemendur fengu kynningu og unnu svo sýnar útskýringar hátíðsdögum tengdum páskahátíðinni, hver með sínum hætti. **Samsetning jarðarinnar, niðurbrot og náttúruhamfarir** voru áttunda þemað. Nemendur lærðu um náttúruhamfarir sem geta orðið á Íslandi og viðbrögð við þeim, þær breytingar sem verða á yfirborði jarðar við náttúruhamfarir, veðrun og rof, hvaða áhrif innræn og útræn öfl jarðar hafa á mótun landsins og helstu einkenni jarðsögutímabíla og mikilvægi lofthjúps fyrir jörðina. Nemendur horfðu á myndbönd, ræddu mikið í hópum um þessi markmið, öfluðu sér upplýsinga á netinu og skiluðu síðan rafrænu verkefni þar sem nemendur sýndu fram á skilnings sinn á þessu málefni. Síðasta þema vetrarins fjallaði um **lífríki fjörunnar**. Nemendur unnu með áhrif mannsins á umhverfið, bæði sjó og landi og kynntu sér sjó fugla og það líf sem er í fjörun landsins. Kennslan var sett upp sem ratleikur á skólalóð þar sem nemendur öfluðu sér upplýsinga og þurftu síðan að kynna fyrir samnemendum sínum.

Við teljum að samfélags- og náttúrugreinakennslan í vetur hafi gengið vel. Það sem við teljum að hafi heppnast best var sú vegferð að láta nemendur stjórna að einhverju leiti hvaða leiðir þeir fara að settum markmiðum ásamt því að gera nemendur ábyrgari fyrir því að vinna að markmiðum sínum. Með þessu móti var afraksturinn fjölbreyttari og upplifun okkar var sú að nemendur höfðu meira gagn og gaman.

Enska

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár í ensku með grunnþætti menntunar og lykilhæfni að leiðarljósi. Enska hjá 6. bekk var kennd á þriðjudögum, þrjú samfelldir tímar á viku. Unnið var með markmið í orðaforða, tjáningu, ritun, samvinnu og málfræði. Nemendur lásu enskar bækur í yndislestri á þriðjudögum sem var liður í að ná góðum leshraða og skilningi á ensku. Nemendur unnu í hópa-, para- og einstaklings vinnu að ýmsum verkefnum þar sem nemendur ræddu og unnu með ýmiss álitamál og ágreiningsefni. Þjálfuðust í að hlusta og taka þátt í samræðum. Nemendur þjálfuðust í framsögn og að nýta stafræna miðla. Nemendur lærðu að spyrja og svara spurningum um sjálfan sig, áhugamál, lífið og fleira. Til að vinna með markmiðinn var stuðst við námsefnið *Yes we can* 6 bæði lesbók vinnubók og vef ásamt myndböndum og leikjum. Þar sem tímarnir voru samfelldir þá náðist mjög gott vinnulag og var hægt að vinna með mörg markmið í einu.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár í lífsleikni með grunnþætti menntunar og lykilhæfni að leiðarljósi. Haustið hófst á vinnu þar sem Uppbyggingarstefnan og lífsleiknimarkmið vetrarins voru tekin fyrir. Fyrst var **Uppbyggingarstefnan** kynnt fyrir nýjum nemendum og rifjuð upp fyrir hinum. Talað var almennt um Uppbyggingarstefnuna og hvernig hún virkar. Því næst var unnið með **bekkjarsáttmálann**. Notuð var púslaðferð þar sem nemendur voru settir í hópa af handahófi þar sem þeir ræddu um hvað þeir töldu að þyrfti að vera í bekkjarsáttmálanum. Hópunum var síðan skipt upp nokkrum sinnum þar til nemendur höfðu farið hring og rætt um bekkjarsáttmálann við nánast alla bekkjarfélaga sína. Kennarar töku síðan saman umræðupunkta og var kosið lýðræðislega um hvað

bekkjarsáttmálinn átti að innihalda. Nemendur voru að vinna með himingeiminn á þessum tíma og því var ákveðið að samþætta við þá vinnu. Árgangurinn bjó til sitt eigið sólkerfi og hver og einn nemandi bjó til sinn hnött. Sólkerfið og hnötturinn var síðan nýtt í ýmis ritunarverkefni og samþættingu við samfélags- og náttúrugreinar. Því næst var unnið með **T - spjöld** og að lokum **Y - spjöld** þar sem bekkjarsáttmálinn var greindur. Nemendur unnu því næst með **hlutverk** sitt og annarra í skólanum. Að þessu loknu var unnið með **þarfirnar**. Nemendum var kynnt vel hvernig þarfirnar virka og greindu síðan sjálfa sig og unnu með sína þörf. Nemendur gerðu sitt tákni og var hengt upp á vegg svo hægt væri að sjá sterkustu þarfir bekkjarfélaga. Nemendur unnu einnig verkefni um **skýr mörk**. Lífsvagninn var nýttur til að kynna nemendum að hver og einn hefur stjórn á eigin hegðun og geti valið viðbrögð sín. **Bekkjargundir** voru vikulega þar sem nemendur gátu rætt mál sem lá þeim á hjarta og/eða kennarar nýttu fundina í fyrirfram ákveðin málefni. Einnig voru reglulega bekkjargundir þar sem lífsleikni markmið voru tekin fyrir. Þá voru markmiðin rædd og útskýrð og nemendur komu með hugmyndir að útfærslum eða frekari vinnu. Áhersla var lögð á að nemendur tækju afstöðu og hefðu sjálfstæðar skoðanir á bekkjargundunum og trúnaður væri virtur. Bekkjargundirnar voru einnig nýttir til að benda nemendum á hvernig hægt er að setja sig í spor annarra og hvernig maður getur tekið málefnalega afstöðu til eigin hegðunar og annarra. Árgangurinn var ýmist allur saman á bekkjargundum eða honum skipt upp eftir málefnum sem um þurfti að ræða. Undirbúningur fyrir **árshátíð** og árshátíðarvinna mætti flokka sem lífsleikni þar sem sú vinna krefst mikillar samvinnu, skipulagshæfni, setja sig í spor, koma fram og spá fyrir um óvæntar aðstæður. Á vordögum hófst vinna með stúlkunum í árganginum þar sem unnið var með samskipti í samstarfi við námsráðgjafa, deildarstjóra og sérfræðing frá Háskólanum á Akureyri.

Við teljum mjög mikilvæg að haustdagur fari í að rifja upp og vinna með Uppbyggingarstefnuna en aftur á móti má ekki gleyma að halda þeirri vinnu áfram allan veturinn. Við teljum einnig að sú útfærsla að nota bekkjargundi til að ræða lífsleikni markmiðin hafi komið vel út.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Fyrsta vettvangsferðin sem farin var á skólaárinu var um borð í Húna þann 30. ágúst. Þar var tekið vel á móti okkur og fengum við veitingar og fræðslu. Nemendur fengu að veiða á sjóstöng. Það var gott veður og hnísur svömluðu á pollinum sem gaman var að fylgjast með. Þann 7. september var svo útivistardagur. Þá var farið var með rútu inn í Hörgárdal að Hálsi og þaðan var gengið upp að Hraunsvatni. Þegar upp var komið var nestispása og af því loknu var farið meðfram vatninu og valinn önnur leið til baka. Leiðin sem farinn var til baka var undir hraundrangann og niður að Hrauni. Nemendum í 6. bekk var boðið að koma í Bogann og fá fræðslu og spila blak þann 26. okt. Nemendur voru glaðir með þessa ferð. Árshátíðin var haldin þann 10. nóvember. Þar var 6. bekkur með Ævintýraveröld og skipulögðu þau sig vel. Smíðuðu meðal annars nýtt spil og voru með æfingar fyrir spákonuna og fleira. Mjög vel gekk að safna fyrir hlutaveltuna og varð hún stór og vegleg. Á aðventunni var föndrað jólaföndur með 5. bekk sem tókst mjög vel. Allir nemendur í 5. og 6. bekk hönnuðu, smíðuðu og máluðu jólaköttinn sinn. Litlu jólin voru haldin 21. desember, nemendur fengu piparkökur, kakó og mandarínur í heimastofur. Þá var dansað og sungið í kringum jólatréð áður en haldið var í jólafrí. Seinni útivistardagurinn var þann 23. mars og þar höfðu nemendur í 6. bekk val um þrennt. Að fara í fjallið á skíði, Braggapark eða Kjarnaskóg. Nemendur voru ánægðir með að geta haft val um hvað þeir gerðu. Brekkuskólaleikarnir voru haldnir þann 26. apríl. Þar voru vinabekkirnar 1. og 6. bekkur saman á stöðvum. Þetta var ánægjulegur dagur og óska börnin eftir meira samstarfi

með vinabeknum. Á nýju ári tóku nemendur meðal annars þátt í frjálsíþróttarmóti. Fór keppnin fram í Boganum þann 10. maí þar sem keppt var við aðra skóla á Akureyri. Mikil ánægja var með reypitogið sem vannst. Nemendum var boðið að koma á Hælið, Kristnesi 12. maí til að taka þátt í verkefninu *Sultuplástur*. Farið var með rútu og þegar á Hælið var komið var nemendum skipt upp í tvo hópa. Farið var í leiki, gönguferð og berklasafnið á Hælinu skoðað. Þemadagar með áherslu á fjölmenningu skólans voru þann 15. og 16. maí. Þar unnu nemendur ýmis verkefni í blönduðum hópum 4., 5. og 6. bekk með þeim fjölbreytileika sem tilheyrir hópnum. Á vordögum hittu 6. bekkur fyrsta bekk og kenndi þeim nokkra leiki sem hægt er að leika á skólalóðinni í frímínútum. Farið var í vettvangsferð upp í VMA þar sem tekið var á móti nemendum og þeim sýndur partur af skólanum. Fengu nemendur grillaðar pylsur og svala. Árgangurinn fór í golf upp á Jaðarsvöll þar sem þeir fengu leiðsögn í golfsveiflunni og tækifæri til að æfa sig. Nemendur fóru í vettvangsferð á Flugsafnið þar sem þeir fengu fræðslu um flugsögu Íslands ásamt því að skoða safnið. Skólaárið endaði á vorhátíð á skólalóð þar sem nemendur fóru á milli mismunandi leikjastöðva og fengu grillaðar pylsur og svala. Við teljum að vettvangsferðir séu nauðsynlegur þáttur í skólastarfi. Vettvangsferðir styðja við allt nám og uppfylla alla grunnþætti menntunar og auka fjölbreytileikann í skólastarfinu. Vettvangsferðir geta einnig þjappað hópum betur saman og gefið kennurum aukið tækifæri til að kynnst nemendum sínum.

Upplýsinga-og tæknimennt

Markmið var að nemendur gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og gætu nýtt sér mismunandi tæknibúnað á fjölbreyttan, skapandi og skýran, hátt við gerð ritunarverkefna ásamt því að beita réttu fingrasetningu. Kennsla fór fram á borðtölvur í tölvustofu. Verkefni voru sett upp í lotur: upplýsingaleit, hreyfimyndagerð, tölvusamskipti og fingrasetning. Hugbúnaður sem notaður var til að ná markmiðum var Google-umhverfið (Gmail, Earth, Map, Drive, Forms, Slides, Classroom) og Typing.com. Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í pörum og var lögð áhersla á að nemendur hjálpuðust að við verkefnavinnuna. Nemendur fengu munnlega og skriflega leiðsögn í gegnum námsferlið. Námsmat var birt í Mentor.

Samvinna nemenda

Lagt var upp með að nemendur æfðu sig í samvinnu við allan veturinn og til að þjálfa það var nemendum skipt upp í mismunandi hópa eftir verkefnum. Einnig var skipt um borð reglulega þannig að nemendur æfðust í að vinna með mismunandi námsfélögum. Mikið reynir á samvinnu í PALS og allri þemavinnu.

Samvinna við aðra

Vinabekkjastarfið fór hægt af stað og hittust bekkirnir tvisvar yfir veturinn. Allir aðilar voru sammála um að vinabekkjastarfið sé mikilvægt og að gott sé að gera ráð fyrir því í skipulagi strax að hausti. Vinabekkjastarfið stuðlar meðal annars að betri skóla, auknu umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum. Samvinna við aðra árganga var meðal annars á þemadögum þar sem 4. 5. og 6. bekk var blandað saman og skipt upp í hópa. Unnið var með fjölmenningu innan árganganna. Þá var unnið jólapema með 5. bekk þar sem nemendur fóru á milli stofa og unnu ýmis jóltengd verkefni saman. Samvinna við bókasafnið gekk mjög vel og nýttu nemendur sér safnkost og starfsfólk safnsins við fölbreytta vinnu.

Foreldrasamstarf

Til að upplýsa foreldra um gang mála í skólanum voru sendir út föstudagspóstar hvern föstudag frá umsjónarkennurum. Nemendur sáu einnig um að senda út föstudagspósta í formi myndbanda hvern föstudag. Umsjónarkennarar höfðu sérstakt samband við foreldra þegar þurfa þótti. Til að auka sýnileika skólastarfsins var foreldrum boðið upp á að tengjast appinu „Class dojo“ þar sem myndum, myndböndum og verkefnum var deilt beint til foreldra, bæði sem hóps og einstaklinga. Kennarar voru nokkuð virkir í að deila verkefnum og myndum til foreldra ásamt hluta nemenda. Foreldrasamtöl voru boðuð með formlegum hætti tvisvar sinnum yfir veturinn. Fyrri samtalið var við upphaf skóla og var með hefðbundnum hætti þar sem nemendur, foreldrar og umsjónarkennari settust niður og ræddu um markmið og skipulag vetrarins. Seinna samtalið fór fram með öðrum hætti. Nemendur undirbjuggu sig fyrir samtalið í skólanum þar sem þeir skoðuðu þau markmið sem búið var að vinna með það sem af var vetri og völdu sér markmið sem hafði gengið annars vegar vel að vinna með og hins vegar ekki gengið eins vel að vinna með. Nemendur skoðuðu einnig aðra þætti sem sneri að þeim og skólanum og þeim þótti skipta máli. Nemendur æfðu sig í þörum í skólanum og settu á svið foreldrasamtöl. Nemendur nýttu síðan upplýsingarnar sem þeir höfðu skráð hjá sér og stýrðu foreldrasamtalinu þegar að því kom. Umsjónarkennari var viðstaddur og aðstoðaði ef þurfti og svaraði síðan spurningum foreldra þegar við átti.

7. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stuðningsaðila og starfshlutfall , fjöldi nemenda

- 2 umsjónarkennarar í 100% stöðu
- 1 sérkennari
- 1 upplýsingatæknikennari
- 1 tónmenntakennari
- 2 íþrótt- og sundkennarar
- 5 list- og verkgreinarkennarar
- 1 þroskaþjálfari
- 1 námsráðgjafi
- 2 stuðningsfulltrúar frá nóvember, 1 frá ág. – nóv.
- 7. GHS 22 nemendur - stofa 306
- 7. HK 22 nemendur - stofa 307

Kennsluhættir: Innlögn/töflukennsla, einstaklingsmiðuð kennsla, leiðsagnarnám, samvinnunám t.d. hópavinna, paravinna.

Sérkennsla og stuðningur í 7. bekk

Í vetur var stoðkennari í 35,6% stöðu í sérkennslu í 7. bekk. Vikuskipulag var gert þar sem fram kom hvernig stuðningi var háttað sem var að meðaltali 9 kennslustundir á viku. Stuðningur og sérkennsla fór fram ýmist inn í bekkjarstofum eða sérkennari vann með einum eða fleiri nemendum í litlum hópum í öðrum stofum. Nokkrir nemendur unnu reglulega í litlum hóp en aðrir sjaldnar allt eftir þörfum og verkefnum hverju sinni.

Markmið með stuðningi sérkennara inn í bekk var að styðja við nám nemenda í bekkjarumhverfi, sjá til þess að nemendur viti hvað þeir eiga að gera og hvernig, en um leið efla þá í sjálfstæði og samvinnu við skólafélaga. Stuðningur nýttist einnig fleiri nemendum í stofunni. Stundum þurftu nemendur að vinna í rólegra umhverfi, einstaklingslega eða í minni hópum. Átti það t.d við um innlagnir, þjálfun, samræður, lestrarþjálfun og vinnu við námsmatsverkefni. Einnig átti sérkennari samræðu við nemendur í kringum námstækni, einbeitingu, vinnusemi og hegðun.

Stoðkennari fundaði með umsjónarkennurum vikulega til að fara yfir stöðu nemenda og skipulag kennslu. Samvinna var einnig á milli kennara og sérkennara um einstaklingsnámskrágerð, aðlögun á námsefni og leiðum í kennslu. Stoðkennari lagði einnig fyrir öll lesfímiprófin og Aston Index réttitunarpróf.

Umhverfi, lýsing á stofum - námsumhverfi

Tvær kennslustofur

Jákvætt:

- Bjartar og rúmgóðar stofur
- Hægt að opna milli stofa 306 og 307
- Gott að hafa tölvu merкта fyrir hvern nemanda
- Gott veggpláss
- Allt fyrir flokkun í stofum nema dallar fyrir lífrænt, hann hvarf úr stofu 307.
- Frábært útsýni

Neikvætt:

- Óþægilegir nemendastólar og kennarastólar og kennaraborð
- Óþægileg staðsetning á sjónvarpi í stofu 307
- Þyrfti að vera hægt að lofta betur.
- Vantar hillu undir töflu fyrir tússpenna alla leið í stofu 306 og 307.

Lífsleikni

Vinna samkvæmt Uppbyggingarstefnu byrjaði strax í skólabyrjun með gerð bekkjarsáttmála og greiningu á þörfum. Við tókum fyrir Félagaspjall, námskeið í samstarfi við HA. Við kláruðum ekki allan pakkann vegna tímaskorts. Við unnum mikið með samskipti, bekkjarfundir voru reglulegir einu sinni í viku eða oftár. Sáttaleiðin var notuð og Hamingjuformúla Seligman var kynnt og hengd upp. Unnið var með ýmis gildi og krakkarnir æfðir í að nota aðra valkosti en prinsessa eða fallegust þegar hrósað er. Milliviðtöl voru tekin í nóvember til desember en ekki náðist að klára þau. En reglulegt samtal við nemendur allan veturinn um samskipti og líðan. Við fengum líka ýmsa fræðslu frá Félak og lögreglunni s.s. um Hinsegin fræðslu, nikótínfræðslu og birtingarmyndir ofbeldis. Ýmsar kannanir voru einnig lagðar fyrir á vegum Brekkuskóla og stór könnun sem heitir Íslenska æskulýðsrannsóknin. Við tókum þátt í jóladagatali SOS-Barnaþorpanna. Nemandi í bekknum kynnti einnig fyrir hópnum hvað það þýðir að vera kynsegin. Vinna við val á fulltrúum í nefndarstörf t.d. á skólapingið og þingið í Hofi. Við fórum í heimsókn í VMA og fengum kynningu á því fjölbreytta starfi sem þar fer fram.

Námsmat var óformlegt út frá þátttöku á bekkjarfundum.

Við sáum framfarir í hegðun og framkomu og erum þakklátar fyrir aðkomu þroskaþjálfra, námsráðgjafa, sérkennara og stjórnenda.

Íslenska

Unnið var jöfnum höndum að öllum þáttum íslenskunnar með fjölbreyttum verkefnum. Lögð var áhersla á upplestur og náði sú vinna hámarki í lok febrúar þegar innanhúskeppni fyrir Upphátt fór fram í Brekkuskóla þar sem góður hluti árgangsins tók þátt. Fram að því höfðum við lesið bæði laust- og bundið mál úr ýmsum áttum og æft framsögn og tjáningu jafnt og þétt yfir skólaárið. Upphátt upplestrarkeppni fyrir skóla á norðurlandi fór fram í byrjun mars. Þar landaði einn af okkar nemendum 3. sætinu. Íslenskutímarnir hófust lang flestir á yndislestri þar sem heildarstaða bekkjarins í lestri og lesskilningi er undir meðallagi. Það gekk oftast vel að fá nemendur til að nýta þann tíma sem var um 5-10 mínútur í senn. Auk yndislestrar í skólanum áttu nemendur að lesa að lágmarki 20 sinnum í viku og skila heimalestrarblaði fyrir hvern mánuð, sem síðar var merkt inn í Mentor undir ástundun. Nemendur lásu bókina *Leyndardómur ljónsins*. Bókina lásu þau í kjölfar ferðar sinnar í Reykjaskóla en söguvið hennar er einmitt skólinn og sveitin í kring. Nemendur fengu lestrarplan strax í upphafi þar sem einnig voru gefnar upp tímasetningar fyrir umræðutíma um efni bókarinnar. Bókinni var skipt í þrjá hluta og var umræðutími eftir hvern þeirra. Í kjölfar umræðutíma unnu nemendur spurningar upp úr bókinni inni á Classroom, þar var val um einstaklings- eða samvinnuverkefni. Fjölbreytt ritunarverkefni voru unnin yfir veturinn og skapandi skrif áttu sinn sess. Sú vinna fór fram inni á Classroom þar sem nemendur fengu tækifæri til þess að skrifa texta samkvæmt ítarlegum leiðbeiningum, allt að texta þar sem aðferð var algjörlega valfrjáls. Við nýttum Google umhverfið talsvert við alla ritunarvinnu og gerði það nemendum auðveldara að halda utan um sína vinnu og kennurum betra að fylgja henni eftir. Málfræði og stafsetning var þjálfuð með markvissum innlögnum og fjölbreyttum æfingum. Þar notuðum við námsefnið *Málrækt 3* og *Orðspor 3*. Auk þess nýttum við ýmsar vefsíður á borð við *Skólavefinn*, *Málið.is*, *Íslensku stafsetningarorðabókina*, *Íslensku nútímamálsorðabókina* og *beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* og æfðum þar valda þætti málfræði og stafsetningu. Reglulegt námsmat var yfir veturinn þar sem mest áhersla var á að meta stök verkefni og framlegð í tímum en fáar kannanir voru lagðar fyrir. Í vetur náðum við að halda vel utan um markmið okkar og okkur gekk vel að ljúka þeim námsþáttum sem við náðum á meðan umsjónarkennari var við vinnu. Það voru þó nokkur markmið sem vantaði upp á til þess að klára veturinn með stæl, það var aðallega vinna við heimildaöflun sem sat á hakanum.

Stærðfræði

Settar voru upp 7 lotur og unnið var eftir áætlunum þar sem stefnt var að því að nemendur áformuðu sjálfir sína vinnu að markmiðum. Aðeins 3 nemendur náðu að vinna meira en þessar 7 lotur. Í hverri námslotu voru ákveðnir námsþættir teknir fyrir og sáu nemendur á áformsblöðum hvaða markmið lágu fyrir. Kennsla var í formi innlagna á töflu og skráðu nemendur í glósubók ákveðnir reglur og formúlur sem kennari lagði fyrir og í framhaldi af því æfðu nemendur sig og þjálfuðu upp ákveðna hæfni. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð, frágang og uppsetningu, að nemendur sýndu útreikninga og færðu rétt með jafnaðarmerkið í bland við samvinnunám nemenda þar sem þeir hjálpuðust að við lausn verkefna.

Við fengumst við grunnaðgerðirnar fjórar með stórum og litlum tölum, jákvæðum og neikvæðum

sem og tugabrotum. Við æfðum aðferðir og skilning á hugtökum tengdum tölum, rúmfræði, tölfræði og líkindareikningi. Nemendur spreyttu sig á því að rýna í gagnasöfn og setja gögnin fram með töflum og myndritum bæði á blaði og með töflureikni. Við glímdum við hlutfallareikning og lærðum um forgangsröð í reikniaðgerðum, kynntumst frumtölum og samsettum tölum (fórum í Búmmtöuleikinn) og hvernig skal þátta og frumþátta tölur. Í rúmfræði æfðu nemendur sig í notkun gráðuboga og hringfara og lærðu hugtök tengd ólíkum formum. Við reiknuðum flatarmál, ummál og rúmmál og nemendur bjuggu til rúmfræðiform og sýndu útreikninga með Minecraft. Þar reyndi á sköpun þeirra og skilning á rúmfræði. Við æfðum útreikninga á tíma og vegalengd og þjálfuðum prósentureikning og skoðuðum tengsl prósentu, almennra brota og tugabrota.

Námsefnið sem við notuðum var *Stika 3a* og *b*. Við notuðum Sheets í google í vetur og nokkrum sinnum voru lögð fyrir rafræn verkefni á ThatQuiz og Plickers.

Í lok hverrar lotu var mismunandi námsmat, skriflegar og rafrænar kannanir, skil á vinnubókum og sjálfsmat. Einnig fór fram reglulegt mat á vinnu nemenda í tímum. Námsmatið hefði mátt vera fjölbreyttara s.s. með formlegu munnlegu námsmati og samvinnukönnunum. Nemendur fóru heim með skriflegar kannanir og sýndu foreldrum/forráðamönnum og þeir kvittuðu fyrir.

Nemendur sýndu framfarir í vinnubrögðum, sjálfstæði og ábyrgð varð meiri og meiri hjá langflestum nemendum. Aðeins fáir nemendur náðu þeirri hæfni að gera sínar áætlanir en flestir vildu nýta áætlun kennara fyrir hverja lotu. Búmmleikurinn var vinsæll en og alltaf áður og þyrftu fleiri leikir að vera teknir fyrir í stærðfræðináminu.

Samfélagsgreinar

Markmiðið fyrri hluta skólaársins voru að fræðast um Evrópu s.s. landslag, mótun álfunnar, auðlindir hennar, gróðurfar og loftslag. Nemendur gerðu ýmis verkefni, lærðu um áttir, gerðu áttavitarós/-stjörnu, lærðu að nota kortabók, lesa út úr mismunandi kortum s.s. hæðarlínur og um mælikvarða og finna staði eftir lengdar- og breiddargráðum. Nemendur spiluðu 10 Days in Europe til að læra um staðsetningu landa og verkefni í forritunum Nearpod-, Kahoot- og Thatquiz voru einnig unnin til að kenna og þjálfra hæfni nokkurra markmiða. Á Skólavefnum voru einnig nýtt gagnvirk verkefni um lönd og höfuðborgir. Þá var eitt verkefni um höfin unnið í moodle. Nemendur útbjuggu í sameiningu kort af löndum í Evrópu og fánakort með upplýsingum hvers lands og komu fyrir á námsveggnum. Í framhaldi af því gerðu þeir kynningarmyndband um landið sitt í Flip. Hópaverkefni um valið fjall eða fjallgarð, ár sem renna frá því og bæi við ána var unnið í Minecraft en það reyndi á sköpun, lestur korta, samvinnu og fleira.

Seinni hluta skólaársins voru markmiðin að nemendur lærðu að þekkja helstu einkenni samfélaganna á Íslandi og í Evrópu á 17. og 18. öld, fræddust orsakir og afleiðingar amerísku- og frönsku stjórnarbyltinganna ásamt því að kynnast sögu Napóleon Bonaparte. Hópurinn hlustaði saman á umfjöllunarefnið og kennari stoppaði og ræddi við nemendur þannig að umræður sköpuðust. Nokkrum spurningum og verkefnum sem fylgdu var svarað í sameiningu. Ýmis verkefni voru unnin þar sem nemendur þyrftu að vinna með sögulegar heimildir, reyna að setja sig í spor annarra eða greina upplýsingar t.d. hvort um staðreynd eða skoðun væri að ræða. Þá voru Quizlet, Nearpod- og Kahoot-verkefni einnig notuð. Stærsta verkefnið var þegar nemendur unnu í hópum að viðtalsverkefni um ákveðin umfjöllunarefni sem tengdust markmiðunum. Nemendur máttu velja um framsetningu og komu ýmsar útgáfur s.s. útvarpsviðtal, blaðagrein, myndbönd og leikrit fyrir framan bekkina. Jafningamat var notað við mat á þessu verkefni. Minecraft-verkefnið Sailing To The New World var

unnið í samvinnu allra og niðurstöður skráðar í sameiginlegt skjal. Tímaás um sögu byltinganna var útbúinn í Minecraft og mynd tekin og sett í sameiginlegt skjal og einnig voru verkefni um stafræna borgaravitund í Minecraft unnin.

Námsefni sem unnið var með var á haustönn *Evrópa lesbók og vinnubók, Kortabók handa grunnskólum* og á vorönn var *Lýðræði og tækni* og ýmis konar efni notað.

Á haustönn byggði námsmatið á verkefnavinnu nemenda en á vorönn var námsmat unnið út frá námsmatsverkefni sem var lagt fyrir í lokin þar sem nemendur máttu hafa kennslubókina og skrifaðar glósur meðferðis. Einnig var mat lagt á nokkur verkefni sem nemendur skiluðu af sér sem og jafningjamati og virkni í tímum.

Mjög gaman var að vinna að þessum markmiðum með hópunum en viðfangsefnin reyndu mismikið á nemendur. Sumum finnst mjög erfitt að vinna að kynningarefni á meðan aðrir eiga erfitt með að skilja það sem hlustað var á. Ég tel að við höfum náð meiri árangri í sögukennslunni með því að hlusta saman á kaflana frekar og svara í sameiningu en að hver og einn hefði lesið og svarað. Það spunnust líka betri umræður í framhaldinu. Áður þegar hver nemandi hefur átt að lesa þá eru þau svo misfljót og það veldur oft vanlíðan hjá þeim sem eru lengi að lesa. Nemendur voru sérstaklega áhugasamir um að vinna veggkortið og fánavinnuna og var gaman að sjá hve hjálpsöm krakkarnir eru og afraksturinn var líka mjög flottur og góður. Mesta gleði vakti þó vinna með Minecraft. Nemendur voru alltaf áhugasamir og hjálpsamir.

Náttúrugreinar

Settar voru upp 3 lotur í vetur, 2 í líffræði og 1 í efna- og eðlisfræði. Umfjöllunarefnið í líffræðinni var þroskaferli mannlíkamans, líffæri hans og virkni þeirra. Fjallað var um frumur og hlutverk þeirra, samspil beina og vöðva, hjartað og leið blóðsins um blóðrásarkerfið, öndunar- og meltingarfærin sem og næringarefnin og hvernig líkaminn vinnur úr matnum. Þá var fjallað um hreinsistöðvar líkamans, lög húðarinnar og hlutverk hennar. Í efna- og eðlisfræðinni voru markmiðin að læra um byggingarefni alheimsins, frumeindir, sameindir, frumefni, efnasambönd og efnablöndur. Fasaskipti efna, varðveisla massa og hitaþensla var einnig tekið fyrir sem og að finna rúmmál hluta með reglulega og óreglulega lögun með yfirfallskeri og mæliglasi. Samband rúmmálmælieininganna ml og cm³ var fundið með tilraun og nemendur lærðu að nota skálavog til að finna massa hluta. Þá var umræða um umhverfismál ætíð tengd inn í námið þar sem færi gafst.

Áhersla var á vísindaleg vinnubrögð og nemendur lærðu að setja fram tilgátur, skrifa skýrslur (rafrænar í Google Docs) og vinna með niðurstöður og ályktanir. Markmið var að nemendur gætu unnið í hóp við að framkvæma einfaldar tilraunir og útskýra þær. Nýsköpun og siðferðileg álitamál í vísindum var einnig tekið fyrir og unnið með í samræðuverkefnum.

Unnum var með námsefnið *Maðurinn – hugur og heilsa* lesbók og vinnubók bls. 4 – 27 og *Auðvitað – heimilið* bls. 4 - 28. Auk þess voru ýmis ljósrituð verkefni og rafrænt efni frá kennara (verkefni í PearDeck, Nearpod og Plickers, sem og að sýna myndbönd á Kvistir. Nemendur útbjuggu rafræn hugtakakort (í MindMup) í tengslum við húðina og næringarefnin.

Námsmat var eftir hverja lotu. Fyrst var skriflegt námsmatsverkefni, þá rafræn könnun á moodle.akureyri.is þar sem kennslubókin var leyfilegt hjálpargagn en vinna þurfti verkefnið á ákveðnum tíma. Eftir 3. lotu var námsmatsverkefnið paraverkefni og ekki leyfilegt að nota

námsbókina og engin tímamörk gefin. Nemendur rifjuðu upp fyrir námsmatið með því að fara yfir Quizlet-verkefni sem kennari gaf þeim aðgang að (slóðir) á Classroom.

Það var gaman að vinna þessi verkefni með nemendum en frekar krefjandi þar sem um alveg nýtt efni var að ræða fyrir þau. Sumir voru mjög áhugasamir og náðu frábærum árangir og voru til í að prófa á meðan aðrir treystu sér síður og vildu halda sér til hlés. Ýmis hugtök í efna- og eðlisfræðinni reyndust þeim erfið og einnig var spurning á tímabili hvort hægt væri að vinna með þeim í tilraunum þar sem mikillar vandvirkni og athygli er þörf (þar sem notaður er eldur við að bræða ís) en það tókst.

Danska

Markmið dönskukennslunnar var að kynna tungumálið fyrir nemendum, kenna þeim grunnorðaförða og glæða námið lífi. Við fengumst við einfaldan orðaförða tengdum nemandanum sjálfum og daglegu lífi. Við lærðum um tölurnar upp í 100, orðaförða um algengustu liti, fatnað, vikudagana, árstíðirnar, fjölskylduna, heimilið og mat. Við æfðum hlustun gegnum einfaldar hlustunaræfingar og danska tónlist, horfðum reglulega á sjónvarpsefni ætlað börnum og unglíngum og unnum verkefni tengd því áhorfi. Til vinnunnar nýttum við námsefnið *Start* lesbók og vinnubók, hluta af *Smart* lesbók og vinnubók, forritin *Kahoot*, *Quizlet* og *Quizlet live* auk ítarefnis. Nemendur unnu mikið sjálfstætt en einnig í þörum. Vel gekk að glæða áhuga á nýju tungumáli. Yfir veturinn voru lagðar fyrir tvær kannanir, aukaverkefnavinna fór fram á Classroom, auk þess sem ákveðin atriði í vinnubókum voru metin. Þá fengu nemendur einnig leiðbeiningar um notkun www.snara.is og dansk/íslenski orðabók. Í raun var farið yfir meira námsefni en venjulega þar sem verið er að pressa á að nemendur séu búnir með meira námsefni þegar upp í 9. bekk er komið.

Enska

Markmiðið var að auka orðaförða í almennum samskiptum og auka málfræðikunnáttu nemenda. Nemendur þjálfuðu sig í hlustun, glósutækni, ritun (þá bæði sögugerð og réttiritun), upplestri, framsögn og samtali. Notast var að hluta til við eina kennslubók, að öðru leyti fór vinna nemenda fram í gegnum Classroom, útprentuð verkefnahefti, áhorf og spil. Nokkur málfræðiatríði voru tekin fyrir og þjálfuð, t.d. reglulegar og óreglulegar sagnir. Reynt var að taka mið af ólíkri getu nemenda og fengu nokkrir þeirra aðlagð efni inn á milli. Námsmat var mismundandi. Nemendur tóku kannanir eða unnu ýmis verkefni sem nýtt voru til námsmats. Einnig fylgdist kennari með þegar samskipti eða hópavinna var og tók niður punkta um þátttöku og frammistöðu nemenda á meðan. Hluti nemenda flokkaðist sem lengra komnir og unnu með annað námsefni. Þessir tóku þátt í samskipta- og hópavinnu með heildarhópnum og áhorf var líka sameiginlegt með öllum hópum. Námsmat fór eins fram og á sama tíma en viðfangsefnið var ólíkt.

Upplýsinga-og tæknimennt

Markmið var að nemendur gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og gætu nýtt sér mismunandi tækniþúnað á fjölbreyttan, skapandi og skýran, hátt við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna ásamt því að beita rétttri fingrasetningu. Einnig var markmið að nemendur gætu nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við öflun upplýsinga, verið gagnrýnir á gæði upplýsinganna og geta sett fram einfalda heimildaskrá. Auk þess að geta farið eftir reglum um ábyrga netnotkun og geta tekið ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Netinu.

Kennsla fór fram á borðtölvur í tölvustofu. Verkefnin voru sett upp í lotur í Mentor og var unnið með ákveðin þemu: töflureiknir, netið, tölvusamskipti og fingrasetning. Hugbúnaður sem notaður var til að ná markmiðum var Google-umhverfið (Gmail, Drive, Forms, Sheets, Drawings, Slides, Classroom) og Typing.com. Að þessu sinni vannst ekki tími til að vinna verkefnið heimildaskráning og ábyrg netnotkun.

Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í þörum og var lögð áhersla á að nemendur hjálpuðust að við verkefnavinnuna. Nemendur fengu leiðsögn í gegnum námsferlið bæði munnlega og rafrænt skriflega í Classroom og Drive og var námsmat birt í Mentor.

Lesskilningur

Nemendur komu í 1 kennslustund í viku til að þjálfá lesskilning. Til að byrja með var unnið með útprentaða texta og spurningar. Nemendur lásu þá textann, ýmist ein eða í paralestri og svöruðu svo spurningunum. Um mitt haust fengur nemendur bókina Smellur og unnu verkefni í henni. Þar lásu þeir ýmist textana sjálfir eða kennari las fyrir allan hópinn. Nemendur unnu síðan ýmist saman eða einstaklingslega að úrlausn þeirra verkefna sem bókina bauð upp á.

Bíómyndin Benjamín dúfa var einnig sýnd og umræður áttu sér stað upp úr henni. Markmiðið var að þjálfá athygli og orðskilning og spurt var út í hluti sem sagðir voru og atburði sem áttu sér stað. Skoðað var hvort nemendur gerðu sér grein fyrir orsökum og afleiðingum. Heljarinnar lífsleikni átti sér stað auk málskilnings þar sem myndin tekur á erfiðum tilfinningum og flóknum samskiptum barna og ungmenna.

Ekkert formlegt námsmat fór fram, þessir tímar voru framlenging á íslenskunni. Snemma um haustið kom á daginn að nemendur hefðu þörf fyrir meiri og frekari stuðning í lesskilningi og málnotkun og því tilvalið að nýta þessa tíma til að gera það.

Þemaverkefni innan árgangs

- Fjölskylduverkefni í dönsku (sjá danska)
- Evrópuverkefni í samfélagsfræði (sjá samfélagsfræði)
- Bekkjarsáttmáli

Uppbrot – þemavinna – hefðir - grenndarkennsla

- Útivistardagur 7. september
- Við tókum þátt í samkeppninni um *Náttúrufræðing Brekkuskóla* á Degi íslenskrar náttúru, 16. september og fórum í ferð niður Menntavegin og á grasflötina fyrir framan Samkomuhúsið. Fórum þar í leikinn Krítarlínan nema við höfðum 4 valmöguleika og í hornum.
- Skólaferðalag að Reykjum í Hrútafirði. Dvalið var þar dagana 25. – 28. október við leik og störf.
- Árshátíð var 10. nóv. og við byrjuðum að undirbúa hana 6. okt. þar sem við fórum á Reyki tveimur vikum fyrir árshátíð.
- 16. nóvember, Dagur íslenskrar tungu. Upphát var ekki sett formlega þennan dag en undirbúningur hófst um þetta leyti.

- Föndur fyrir jólin var 7. desember og þá voru ýmis verkefni í boði fyrir krakkanna s.s. að mála á steina, búa til skreytingar og önnur verkefni þar sem nemendur létu sköpunarkrafta sína ráða.
- Tvisvar var spiluð félagsvist, 19. desember og 31. mars.
- Útivistardagur 23. mars.
- Upplestrarhátíð 7. bekkjar var haldin á sal skólans þann 21. febrúar.
- Aðalkeppni Upphátt var haldin í Hofi þann 7. mars. Brekkuskóli átti tvo fulltrúa í keppninni. Fulltrúar Brekkuskóla stóðu sig með mikilli þryði og náði annar þeirra 3. sæti. Fagnað var daginn eftir með ísveislu í boði skólans.
- Lögreglan kom með kynningu á sínum störfum og birtingarmyndum ofbeldis 13. apríl.
- Brekkuskólaleikar með vinabekk 26. apríl.
- Hinsegin fræðsla frá Félak var 25. maí.
- Heimsókn í VMA var 10. maí (sjá lífsleikni)
- Fræðsla um nikótín frá Félak 11. maí.
- Þemadagar voru dagana 15. og 16. mars
- Þann 9. maí var frjálsíþróttamót grunnskólanna. Margir tóku þátt og náðu góðum árangri.
- Plokkdagurinn 28. apríl.
- Spilastund með vinabekknunum 26. maí.
- Hjólaferð í Kjarnaskóg þar sem farið var í ýmsa leiki og strandblak spilað, 31. maí.
- Leitín mikla var 1. júní. Ratleikur um bæinn með 8. bekk þar sem að nemendur mynda lið, leysa hinar ýmsu þrautir og svara spurningum. Búningapema. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæsta liðið og liðið í bestu búningunum.
- Vorhátíð 2. júní. Hreyfistöðvar á skólalóð. Hver umsjónarhópur fór saman á milli stöðva með umsjónarkennara. Að útiveru lokinni var boðið upp á pylsur og safa fyrir framan aðalinngang skólans.
- Skólaslit 5. júní. Nemendur mættu á sal og fóru síðan með umsjónarkennurum í stofur þar sem allir sátu í hring. Kennarar kvöddu nemendur með nokkrum hvatningarorðum og ljóðalestri. Afhentar voru viðurkenningar fyrir Leitina miklu og fór 7. bekkur yfir til 8. bekkjar og þar voru úrslit kunnngjörð.

Samvinna nemenda

Nemendur unnu saman að ýmsum verkefnum í vetur sjá lýsingar í hverri námsgrein fyrir sig. Unnin voru mörg paraverkefni í íslensku, ensku, hópaverkefni í tilraunum í náttúrufræði, í dönsku, íslensku og samfélagsfræði. Þá var einnig gaman að sjá hve hjálpsamir nemendur í árganginum.

Samvinna við aðra

Á vordögum tóku 7. og 8. bekkur saman þátt í ratleiknum Leitín mikla þar sem nemendahópar fóru um bæinn og leystu þrautir. Einnig hittum við vinina okkar í 2. bekk tvisvar í vor.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs fóru fram samtöl milli kennara, foreldra og nemenda og í byrjun vorannar voru nemendastýrð samtöl þar sem nemendur stóðu sig með þryði í samtölunum. Í samtölunum gafst

tækifæri til að fara yfir námsframvindu, samskipti og líðan nemenda og ræða önnur mál eftir þörfum. Vikulegir póstar voru sendir til heimila með upplýsingum um viðburði líðandi viku og verkefni komandi viku. Við áttum reglulega og oft í hverri viku voru samtöl við foreldra símleiðis eða í tölvupósti. Einnig voru margir teymisfundir vegna barna sem þurfa meira utanumhald.

8. bekkur

Námsumhverfi og skipulag

Teymið, fjöldi kennara og stuðningsaðila og starfshlutfall , fjöldi nemenda

3 umsjónarkennarar í 100% stöðu og 1 sérkennari í 22% hlutfalli.

Nemendur:

- 8. BG 19 nemendur í stofu 309
- 8. BW 18 nemendur í stofu 310
- 8. EAÓ 18 nemendur í stofu 311

Sérkennsla og stuðningur í 8. bekk

Sérkennsla fór fram bæði inni í bekk og í sérkennsluveri. Nemendur fóru þangað ýmist í smáum hópum eða í einstaklingstíma. Þörf hefði verið fyrir fleiri sérkennslutíma og stuðningsfulltrúa innan árgangsins.

Umhverfi, lýsing á stofum - námsumhverfi

Þrjár samliggjandi kennslustofur (á milli tveggja er hægt að opna) og sérkennslustofa.

Jákvætt:

- Sjónvörp í tveimur stofum
- Hver nemandi með sína fartölvu
- Bjartar og rúmgóðar stofur
- Hægt að opna milli tveggja stofa
- Nýir nemendastólar

Neikvætt:

- Léleg hljóðeinangrun milli stofa.
- Háttalarar ekki með nægilegum hljóðstyrk eða orðnir lélegir

Sjónvarpsskjáir illa staðsettir til að þeir nýtist **Kennsluhættir:** Innlögn/töflukennsla, einstaklingsmiðuð kennsla, hópavinna, paravinna, skapandi skil, einstaklingsnám.

Íslenska

Við lögðum vinnubækur til hliðar í vetur og verkefni voru unnin í Google umhverfinu. Námsefninu var

skipt upp í lotur út frá námsframvindumarkmiðum og hver lota skipulögð með það í huga að unnið væri að málfræði og stafsetningu, ritun, bókmenntum og tjáningu. Nemendur fengu glósublöð og reglulegar innlagnir og verkefni voru sett upp með það í huga að hægt væri að nýta bjargir á borð við vefsíðu Árnastofnunar og Snöru og rafrænar æfingasíður á borð við Málið í mark, Skólavefinn og Orðil auk annars voru nýttar sem ítarefni.

Reglulegar lestrarstundir voru í stundaskrá og mikið rætt um gildi lesturs. Við lásum saman þjóðsögur, smásögur og Íslendingasögur. Hrafnkels saga Freysgoða var lesin og túlkuð og viðamikil vinna út frá henni þar sem nemendur æfðu sig í að taka saman atriði hvers kafla og skrifa útdrætti. Einnig unnu nemendur myndasöguverkefni úr bókinni á rafrænu formi sem tókst vel. Verkefni voru ýmist samvinnuverkefni eða einstaklingsverkefni og námsmat var í formi símats og metið jafnt og þétt. Nemendur með einstaklingsmarkmið unnu oft að sömu viðfangsefnum, tóku þátt í samvinnuverkefnum en unnu einnig með sérkennara.

Stærðfræði

Aðalmarkmiðin í stærðfræðinni voru að nemendur beiti nákvæmni í vinnubrögðum. Fari rétt með táknafræði stærðfræðinnar, þekki merkingu helstu stærðfræðitákna og geti beitt þeim af nákvæmni. Einnig var mikið unnið í því hvernig útreikningar eru settir upp snyrtilega og vel skipulagðir. Að nemendur læri að nota reglustiku, hringfara, vasareikni, gráðuboga og önnur verkfæri stærðfræðinnar við ýmis verkefni.

Námsþættir sem aðallega voru teknir fyrir tengdust tölum og reikningi með jákvæðum og neikvæðum tölum og brot, rúmfræði og mælingum, hnitakerfi og flutningi, hlutföllum og algebru og jöfnum.

Nemendur unnu í lotum að ákveðum verkefnum með hringfara og reglustiku. Þeir kynntust dæmum um tengsl stærðfræði og byggingarlistar og ýmis verkefni voru unnin sem snerta einkenni þríhyrninga, ferhyrninga, hornasummu og flatarmáli marghyrninga. Það sem einkum var nýtt var umfjöllun um hæðir í þríhyrningum. Líka var unnið með mynstur í tengslum við bókstafareikninginn. Að nemendur geti greint reglur í talnarunum og munstrum og sett fram stæður á þeim grunni.

Námsefni sem lagt var til grundvallar var *Skali 1A*, *Átta-10 1* og heimadæmi á moodle.akureyri.is. Margvíslegar aðferðir voru notaðar, nemendur glósuðu, unnu einstaklingslega, í pörum og hópum. Nemendur hvattir til að taka þátt í Pangea-stærðfræðikeppninni. Kennari var með sýnikennslu og öll tækifæri þar sem hægt var að nota verklega kennslu voru nýtt. Nemendur fengu áætlun um vinnu ákveðinna kafla til að ná þeim markmiðum sem lágu til grundvallar. Leikir s.s. baunaleikinn og hugarreikniskeppni voru notaðir og ýmis forrit s.s. Kahoot og Quizlet Live. Classroom var einnig notað fyrir nokkur verkefni og til að halda utan um námsefni.

Fjölbreyttar námsmatsaðferðir voru notaðar auk hefðbundinna skriflegra prófa s.s. vinnubók, svindlpróf (þar sem nemendur máttu hafa með sér sjálfútbúin glósubók eftir fyrir mælin kennara), undirbúið próf (þá fengu nemendur æfingapróf til að reikna heima). Könnun með glósubók og símat kennara á virkni í tíma og vinnubrögðum.

Ekki gekk eins vel hjá öllum að skrá glósur í upphafi ákveðinna námsþátta. Nemendur fengu reiknivél á bókasafninu en margir nemendur náðu ekki að halda vel utan um sína reiknivél. Það gekk mjög vel að nota forritið Kahoot og QuizletLive. Enda fannst nemendum mjög skemmtilegt að fara í keppni.

Nemendur sem voru með einstaklingsmarkmið í stærðfræði unnu í sína áætlun á sínum hraða og fengu einu sinni á viku séraðstoð og vinnu með sérkennara í litlum hópum. Þeir fengu áætlun og settu verkefni upp í rúðubók. Það bættist 1 nemandi við í þessum hópi þegar leið á veturinn og hins vegar fór 1 nemandi í venjulegt námsefni.

Enska:

Unnið að ýmsum markmiðum tengdum færni í málfræði, orðaforðabekkingu, ritun og munnlegri tjáningu. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í smáum hópum, þörum og einstaklingslega. Unnin voru verkefni í vinnubókum, fjölrit frá kennara, gagnvirk rafræn verkefni tengd málfræði og orðaforða. auk fjölbreyttra verkefna í google umhverfinu eins og ritunarverkefni og verkefni sem æfa orðaforða og upplýsingaöflun. Til námsins notuðum við námsefnið Spotlight 8, lesbók og vinnubók, ýmis fjölrit, gagnvirk verkefni af Quizlet, Skólavefnum og ýmis verkefni frá kennara á Google classroom. Horft var á fjölbreytt efni, svo sem kvikmynd, þætti, heimildarþætti og stutt myndbönd um enska tungu. Námsmat fór fram gegnum símat þar sem prófað var úr málfræðiatríðum og orðaforða og framvinda nemenda metin gegnum vinnu við ýmis verkefni. Framvindan var almennt góð og flestum gekk vel að vinna að sínum markmiðum.

Danska:

Unnið með kennslubókina Smart og vinnubók sem henni fylgir, áhersla lögð á orðaforða tengdum mat, dýrum og skólaumhverfinu og námsefninu skipt upp í lotur út frá námsframvindumarkmiðum. Horfðu nemendur á seríuna Skyldig 2 með dönskum texta og unnin voru verkefni í hópum úr þeim í Kahoot. Horfðum við saman á þættina og oft sköpuðust skemmtilegar umræður. Nemendur höfðu gaman af þessari vinnu. Þetta var gert til að dýpka skilning á töluðu og rituðu máli. Nemendur fengu fjölbreytt verkefni í formi eyðufyllinga, spurningaleikja milli einstaklinga, hlustunaræfinga, þjálfunaræfinga í þýðingum á Quizlet og spurningakeppnum í Quizlet og Kahoot. Nemendur prufuðu einnig að nota Duolingo og var mikil ánægja með það, þar má segja að danska og enska hafi verið samtvinnuð þar sem nemendur unnu með bæði tungumálin. Horft var á bíómyndina Vikaren og unnu nemendur verkefni eftir áhorfið. Nemendum fannst myndin spennandi og skemmtileg.

Dönskukennslan gekk vel þar sem verkefnin voru aðlöguð að nemendahópnum og notast við fjölbreyttar kennsluáferðir sem voru útfærðar í kringum verkefni upp úr Smart. Námsmat fór fram gegnum símat þar sem prófað var úr málfræðiatríðum og orðaforða og framvinda nemenda metin gegnum vinnu við ýmis verkefni. Framvindan var almennt góð og flestum gekk vel að vinna að sínum markmiðum.

Náttúrufræði:

Aðalmarkmiðin í náttúrufræðinni skiptust á milli lífvísinda og eðlívísinda. Mikil áhersla var á fræðileg vinnubrögð, sjálfstæð vinna, skapandi verkefni, nákvæmni og að læra að framkvæma tilraunir.

Í líffræðinni tengdust markmiðin því að læra um lífheiminn og hvernig honum er skipt upp. Ríki baktería og veira og dýraríkið var í forgrunni. Í eðlisfræðinni tengdust markmiðin frumeindum og rafmagnsfræðinni. Námsfernið sem stuðst var við var Lífheimurinn og Eðlisfræði 1 auk margskonar námsvefja og myndbanda. Vinnan fór fram bæði í hópum og einstaklingslega og nýttu nemendur bæði verkefni úr námsbókum sem og ýmis verkefni í Google Classroom, Quizlet og Kahoot.

Nemendur unnu hugtakakort, lærðu að nota smásjá, útbjuggu fræðilega kynningu um valda lífveru, skrifuðu fræðilegan bækling um sjúkdóm af völdum bakteríu eða veiru, gerðu tilraun með örveruræktun og líka með einangrandi og leiðandi efnun í straumrásun. Þeir skrifuðu skýrslur og unnu margvísleg verkefni.

Matskvarðar og nákvæma leiðbeiningar voru notaðir til að nemendur gætu séð fyrir fram hvaða viðmið væru gerð við námsmat og einnig til að endurgjöfin væri góð. Sjálfsmats kvarði var einnig notaður.

Mjög langan tíma tekur að fara yfir fræðileg verkefni og skýrslur og skrifa athugasemdir við þau atriði sem þarf að laga. En mjög margir tóku framförum við þessi vinnubrögð. Það gekk vel að útbúa kynningu í hópum í seinna skipti og tóku allir framförum þar. Einnig höfðu nemendur mjög gaman að setja upp einfalda straumrásir og rannsaka rað- og hliðartengingar. Mörgum krökkum þótti námið krefjandi en flestir sýndu mikinn áhuga og metnað.

Samfélagsfræði:

Markmið vetrarins sneru annars vegar að umfjöllun um uppbyggingu og mótun jarðar og hins vegar að umfjöllun um sögu hennar. Fjallað var um náttúruferla sem mynda og móta land, loftslag, veður og vindakerfi jarðar auk þess að fræðast um tilurð alheimsins og þau jarðsögutímabil sem þekkt eru. Í söguhlutanum var áhersla lögð á umfjöllun um iðnbyltinguna og áhrif hennar á þróun samfélags í Evrópu. Við yfirferðina lásúm við og hlustuðum, ræddum um innihalds námsefnisins, skoðuðum ýmis myndbönd til skýringar. Vinnan fór fram bæði í hópum og einstaklingslega og nýttu nemendur bæði verkefni úr námsbókum sem og ýmis verkefni í Google umhverfinu, Quizlet, Kahoot og Nearpod. Námsmat fór fram gegnum símat þar sem verkefnavinna nemenda var metin sem og framlegð þeirra í kennslustundum. Reynt var að virkja nemendur í að finna eigin leiðir til að skila af sér verkefnum og hvatt til skapandi skila þar sem mögulegt var. Í heildina gekk yfirferðin nokkuð vel þó misjafnlega gengi að glæða áhuga nemenda á viðfangsefninu.

Upplýsingatækni:

Upplýsingatæknin var fléttuð inn í flestar námsgreinar hjá 8. bekk og einnig fengu nemendur einn tíma á viku sem var einungis notaður í upplýsingatækni. Unnið var út frá námsframvindumarkmiðum. Nemendur fengu í byrjun skólaárs kennslu á moodle umhverfið og þar unnu þeir vikuleg skiladæmi yfir veturinn í stærðfræði og verkefni í hverri kennslulotu í íslensku. Google umhverfið var mikið notað til verkefnavinnu og upplýsingamiðlunar í öllum námsgreinum. Nemendur unnu að upplýsingaleit á netinu í tengslum við flestar námsgreinar. Unnið var með fingrafimi í völdum kennslustundum. Nemendur unnu glærुकynningu um sitt áhugasvið og gerðu myndbönd sem fjölluðu um kosti og galla Internetsins og samfélagsmiðla. Quizlet, Kahoot og Nearpod var notað í vinnu í mörgum námsgreinum. Fingrafimi og 10 fast fingers var einnig notað í og með yfir veturinn.

Kynning var á töflureikniforritinu sheets og unnu nemendur verkefni tengd því. Námsmat fór fram gegnum símat og geta nemenda metin gegnum vinnu við ýmis verkefni.

Lífsleikni:

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar. Nemendur gerðu bekkjarsáttmála og unnið var með Y og T spjöld. Bekkjarfundir voru á sínum stað og kosningar fyrir nemendaráð og skólalöng.

Hjúkrunarfræðingur skólans kom með fræðslu um hugrekki og endurlífgun.

Nemendur fengu fræðslu frá Rósenborg um vímuvarnir og sjúka ást. Ekki er formlegt námsmat í lífsleikni en unnið var út frá grunnþáttum menntunar.

Eitthvað sem var þróað í vetur og ánægja með: Nýttum rafrænt umhverfi meira en áður og færðum mörg verkefni á rafrænt form.

Byrjað á og áætlað að halda áfram: Aukin notkun Google-umhverfis og rafrænna verkefna. Nemendur hvattir til skapandi skila í auknum mæli.

Þemadagar Brekkuskóla – fjölmening í Brekkuskóla: 7. -10. bekkur vann saman í hópum. Nemendur völdu sér viðfangsefni og fjölluðu um ýmislegt tengt ólíkum löndum og þjóðum, svo sem menningu, náttúru og veðurfar, lífríki, tungumál, þjóðbúninga, tónlist og fleira. Afraksturinn var sýndur á Brúnni eftir þemadagana en foreldrum gafst kostur á að kíkja á vinnu nemenda á meðan á henni stóð.

Uppbrot

Árshátíð 2022: Við vorum stórhuga og settum upp söngleikinn Hairspray. Nemendur, léku og dönsuðu, hönnuðu sviðsmynd, skrifuðu handrit, sömdu dansa og útfærðu búninga. Vel heppnuð og skemmtileg vinna.

Leitin mikla: Ratleikur um bæinn með 7. bekk þar sem að nemendur mynda lið, leysa hinar ýmsu þrautir og svara spurningum. Liðin voru í búningum. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæsta liðið og liðið í bestu búningunum.

Fótboltamót í Boganum: Fórum í bogann með stelpulið og strákalið. Allir stóðu sig vel.

Rithöfundur í heimsókn: Ævar vísindamaður heimsótti skólann og kynnti nýjustu bókina sína, Drengurinn með ljáinn

Jólafondur: Við vorum með föndurdag fyrir jólin. Boðið upp á fjölbreyttan efnivið og nemendur höfðu frjálssar hendur við útfærslu á jólaföndri. Margt fallett skapað þann dag og gekk hann í heildina vel.

Náttúrufræðingur Brekkuskóla: Tókum þátt í samkeppninni um *Náttúrufræðing Brekkuskóla* þar sem nemendur skólans keppast við að greina fugla, plöntur og þekta staði á Íslandi.

Brekkuskólaleikarnir 2023: Unnið með vinabekkjum. Farið á hreyfistöðvar og listastöðvar.

Vorhátíð: Hreyfistöðvar á skólalóð. Hver umsjónarhópur fór saman á milli stöðva með umsjónarkennara. Að útiveru lokinni var boðið upp á pylsur og safa fyrir framan aðalinngang skólans.

Skólaslit: Byrjað var inn á sal með 7. og 9. bekk. Eftir það fórum við í stofurnar okkar og áttum notalega stund með krökkunum og spiluðum Kahoot og kvöddum svo með ósk um gott gengi á næsta skólaári.

Jákvæðir þættir: Fjölbreytni í vinnuháttum, bæði unnið sjálfstætt og í samvinnu, uppbrot frá hefðbundnu bóknámi t.d. með skemmtilegri þemavinnu.

Vettvangsferðir:

Bókasafnsferð: Fórum með umsjónarhópana í heimsókn á Amtsbókasafnið. Tilgangurinn var að gefa nemendum tækifæri til að kynnst safninu, verja tíma þar og fá aðstoð við val bóka. Sumir völdu sér lesefni og byrjuðu að lesa, aðrir spiluðu eða tefldu og flestir nutu ferðarinnar. Ánægja með ferðina og nemendur báðu um að þetta yrði gert aftur.

Útivistardagur að hausti: 7-10 bekkur hafði val um að ganga á Súlur eða ganga stífluhringinn svokallaða. Nemendur mættu á Súluplan að morgni, með nesti og góða skapið og svo var lagt af stað. Veðurbliða og í flesta staði góður dagur.

Útivistardagur á vorönn: Val um skíði eða sleða í Hlíðarfjalli, ferð í Skautahöllina eða að ganga upp að Fálkafelli.

Hvað var gefandi við ferðirnar?

Það er yfirleitt gefandi að fá að stíga inn í annað umhverfi með nemendum. Þeim gefst tækifæri til að upplifa annað en venjulega og eiga samskipti á annan hátt. Það var gefandi að njóta útiveru og hreyfingar í góðu veðri og einnig var mjög gefandi að eiga rólega stund á bókasafninu.

Vinabekkur:

Samvinna með 7. bekk: Skipulögðum leitina miklu í samstarfi við 7. bekk.

Samvinna með 3. bekk: Áttum góðan dag á Brekkuskólaleikunum með vinaárganginum okkar. Einnig fórum við á sal og sungum jólalög með þeim.

Samvinna nemenda:

Samvinna nemenda er þjálfuð hvern dag með fjölbreyttri vinnu. Sérstök verkefni sem kalla vinnu í stærri hópum voru einnig á dagskrá í ýmsum námsgreinum. Árshátíðarvinnan hentar sérlega vel til að ýta undir samvinnu nemenda.

Foreldrasamstarf: Foreldrasamtöl voru á sínum stað bæði í ágúst og janúar. Við prufuðum að vera með nemendastýrð samtöl í janúar og gekk það mjög vel. 1-3-5-8 foreldrasamstarfið var haldið um haustið. Líkt og venja er sendum við vikulega upplýsingapósta til foreldra og haft var samband aukalega eftir þörfum. Foreldrar einnig boðnir í heimsókn á þemadögum.

Grenndarkennsla

Nemendur fóru út að tína rusl og einnig var grenndarkennsla samtvinnuð við náttúrufræðikennslu. Leitin mikla felur í sér grenndarkennslu þar sem nemendur fræðast og svara spurningum um kennileiti í bænum og ýmislegt tengt sögu Akureyrar.

9. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Teymi vetrarins samanstóð af þremur umsjónarkennurum, tveimur sérgreinakennurum og einum sérkennara. Auk þess voru fimm listgreinakennarar, tveir íþróttakennarar, einn námsráðgjafi í hlutastarfi og einn hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 61.

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-316.

Sérkennsla og stuðningur í 9. bekk

9 nemendur í 9. bekk fengu sérkennslu í vetur í námsveri. Fleiri nemendur en eiginlegir sérkennslunemendur fengu stuðning af og til frá sérkennara. Tímamagn sérkennslu í námsveri, eða þar sem sérkennari vann með greinakennara var 19 tímar og skiptust á þessa nemendur frá 1 tíma á viku upp í 5 tíma á viku. Stuðningur þetta skólaárið sneri að mestu leyti að grunngreinunum þremur. Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Stuðningur í ensku snerist að miklu leyti um að auka orðaforða. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greina- og sérkennara.

Íslenska

Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan fór í þróunarvinnu í málfræðinni. Íslenskukennari og sérkennari tóku þátt í þróunarverkefni með kennurum úr Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Verkefnið kallaðist nemendamiðuð málfræðikennsla. Þróunarverkefnið var kynnt fyrir nemendum sem urðu spenntir yfir að fá að taka þátt í svona verkefni auk þess sem kynningarpóstar fóru heim til foreldra. Markmiðið með verkefningu var m.a. að auka áhuga nemenda á málfræði og möguleikum hennar, að setja málfræðina í samhengi við mál nemenda og samfélagið auk þess að auka ábyrgð nemenda á málinu og gera þá meðvitaðri um málið og notkun þess. Til að ná þessum markmiðum prófuðu kennarar ýmis ný verkefni og leiðir og þróuðu kennsluna þannig með markvissum hætti. Háskólakennararnir komu í þrjár heimsóknir í skólann og fylgdust með kennslu og námi auk þess sem þau ræddu við nemendur um þeirra upplifun af íslenskukennslunni með áherslu á málfræðiþáttinn. Að okkar mati tókst þetta verkefni mjög vel. Það skilaði sér í því að nemendur voru jákvæðir gagnvart náminu, þeir upplifðu að þeir væru góðir í íslensku og að tungumálið skipti þá máli. Hvað kennarana varðar þá var það áskorun að fara út fyrir bókina og prófa nýjar leiðir en var þó rökrétt framhald af því starfi sem unnið hefur verið undanfarin ár í íslenskukennslunni í 9. bekk. Stuðst var við námsefnið Neistar frá MMS en mikil vinna fór í að

útbúa glærur og verkefni og voru þau gögn aðalnámsefni nemenda. Sem dæmi um nýjar leiðir í verkefnum var að nota mál og ritun nemendanna sjálfra og gaf það oft góða raun. Einnig útbjuggum við málfræðispil og leiki sem vöktu mikla lukku. Námsmarkmiðin í málfræðinni voru þau sömu og áður en leiðirnar til að ná markmiðunum voru aðrar. Þó að þróunarverkefninu hafi lokið nú í vor þá munum við nýta þessar aðferðir áfram.

Skólastarfið vetrarins hófst á því að nemendur ræddu saman í hópum um eðli og tilgang íslenskunámsins, komu með hugmyndir að verkefnum og hvernig þau vildu læra. Þróunarverkefnið var einnig kynnt vel í upphafi skólaárs og við byrjuðum það á því að rifja upp ýmis málfræðihugtök með leikjum.

Mikil áhersla var lögð á tjáningu og miðlun bæði með einstaklings- og hópverkefnum. Nemendur fluttu kynningar á ýmsum verkefnum, fluttu undirbúnar ræður og bókakynningar svo nokkur dæmi séu nefnd.

Sambættingarverkefni var unnið í íslensku og samfélagsfræði og snerist það verkefni um stjórnmal og þátttöku í þeim. Íslenskuhluti verkefnisins var að skrifa stefnuræðu stjórnmalaflokks.

Í 9. bekk var mikil áhersla lögð á læsi og völdu nemendur kjörbækur til lestrar. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækurnar og lesskilningur og orðaforði jafnframt þjálfaður með textum úr bókinni Útbrot. Í vetur var prófað nýtt fyrirkomulag með eina kjörbókina sem kallaðist bókaklúbbur. Það verkefni tókst vel og verður nýtt áfram næsta vetur. Sem dæmi um verkefni sem nemendur gerðu úr kjörbókunum eru kynningar, hugtakakort, lestrardagbók og ritgerð. Auk þess má nefna að nokkrir hópar gerðu myndbönd og sendu inn í Siljuna sem er myndbandasamkeppni á vegum Barnabókaseturs Íslands og Borgarbókasafnsins og hópar úr 9. bekk hlutu þar 2. og 3. sæti. Ein fornsaga var lesin í vetur, Gunnlaugs saga ormstungu, og voru nemendur upp til hópa hrifnir af henni. Sagan var m.a. notuð til að þjálfva hlustunar- og lesskilning og í lokin unnu nemendur skapandi verkefni að eigin vali. Sem dæmi um verkefni má nefna borðspil, kahoot og stuttmynd.

Nokkur áhersla var lögð á ritun og skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni auk þess sem ritunarpátturinn kom meira inn í málfræðikennsluna en verið hefur.

Hvað námsefni og áætlanir varðar þá var það að finna á Google Classroom. Þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Skil á verkefnum fóru alla jafna fram á Google Classroom. Google Classroom umhverfið hentar mjög vel til að halda utan um nám og kennslu. Þar er auðvelt að setja inn einstaklingsmiðuð verkefni og áætlanir. Eini gallinn við þetta umhverfi er að foreldrar hafa ekki aðgang að því nema í gegnum börnin sín en foreldrar fá þó yfirlitspóst um hvort nemendur hafi skilað verkefnum eða ekki. Nemendur fengu námsmat á einstökum verkefnum inni á Google Classroom þar sem notaðir voru matskvarðar auk þess sem nemendur fengu umsagnir um verkefni. Auk þess var merkt við hæfnikort nemenda á Mentor. Mentorkerfið hentar illa til að koma upplýsingum um heimanám og áætlanir til nemenda þar sem kerfið gerir ekki ráð fyrir einstaklingsmiðuðu námi og það væri einfaldlega of tímafrekt að skrá þessar upplýsingar þar inn. Google Classroom umhverfið gerir hins vegar ráð fyrir þessum möguleika á einfaldan og skýran hátt.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með mjög líttli áherslu á prófin sem voru lögð fyrir á Google Classroom. Lögð var áhersla á að nemendur fengu leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinnu og reynt að leggja þá áherslu að ábyrgð hvers og eins á náminu og verkefnunum skipti miklu máli. Mikið var um skapandi verkefni bæði þar sem nemendur höfðu val um útfærslu og viðfangsefni og einnig þar sem verkefnum var meira stýrt. Dæmi um skapandi skil voru verkefni tengd Gunnlaugs sögu og ýmis ritunarverkefni. Í vinnu nemenda og námsmati var bæði um einstaklings- og samvinnu að ræða, sem dæmi um samvinnu má nefna ýmis málfræðiverkefni og verkefni tengd kjörbókunum. Nemendum tókst alla jafna vel að vinna saman í hópum þó auðvitað hafi komið upp einstaka samskiptavandamál. Með auknum þroska læra nemendur þó að það skiptir miklu máli að geta unnið með hverjum sem er og að sýna samnemendum sínum virðingu og kurteisi svo allir njóti sem mestrar velferðar í skólalastarfinu

Nemendur nota tölvur í því sem næst hverri kennslustund í íslenskunni þar sem námsefnið er að mestu hluta rafrænt. Það eru þau gögn sem kennarar útbúa en rafrænt námsefni frá MMS er af skörnum skammti. Námsbækur eins og Neistar og Útbrot eru þó til sem rafrænar en nemendur hafa einnig aðgang að prentuðu bókunum. Það sem þarf að bæta í upplýsingatækni nemenda er t.d. að kenna þeim að skipuleggja og flokka gögnin sín á drive.

Heildarmat á kennslunni og námi nemenda er að veturinn hafi gengið vel. Mikill tími fór í málfræðiþróunarverkefnið og var það á kostnað yfirferðar um ljóð. Næsta vetur búum við að þessari vinnu, getum þróað hana áfram og munum þá hafa tíma til að taka ljóðlistina fastari tökum. Þróunarverkefnið tókst mjög vel og mun sú vinna sem unnin var í vetur verða grunnur að áframhaldandi starfi.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, fjármál, almenn brot og tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma og við námsmat í vissum þáttum. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimaæmi á netinu og að miðla efni til æfinga fyrir nemendur. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 3 og 4, Skali 2A og 2B. Einnig var notast við heimaæmi í forritinu Moodle. Námsefni sem notað var í sérkennslu var aðallega Stærðfræði 8+ og Stærðfræði 9+ ásamt Almenn stærðfræði I og II. Alls voru átta nemendur sem voru með þetta aðlagða námsefni. Þar að auki voru þrír nemendur sem stefndu á að fara ári fyrir í MA. Þeir unnu námsefni 9. bekkjar fyrir áramót og námsefni 10. bekkjar eftir áramót. Allir þessir nemendur útskrifuðustu úr námsefni 10. bekkjar að vori með góða einkunn. Til viðbótar við þetta var einn nemandi í 8. bekk að vinna námsefni 9. bekkjar. Nemandinn mætti í einn til tvo tíma með á viku með 9. bekk en vann að öðru leyti efnið í sínum bekkjartímum. Kennari 9. bekkjar sá um námsmat fyrir nemandann. Einn nemandi var erlendis í rúma tvo mánuði í vetur. Kennari bjó til áætlun fyrir þennan nemandann og sendi efni, myndir af innlögnum og námsmat reglulega. Með þessu móti fylgdi nemandinn bekknum í námi og var á áætlun þegar hann sneri til baka.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, vinnubrögð, skil á heimadæmum og kaflapróf.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Við kennarar erum nokkuð að flakka á milli í námsefni en það er gert til að nýta það besta úr hverjum bókaflakki fyrir sig.

Enska

Í ensku skiptast markmiðin í sex flokka: Hlustun, ritun, lesskilningur, málfræði, frásögn og samskipti. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mest var áherslan á lestur.

Í hlustun var unnið m.a. með tónlist, stuttmynd, kvikmyndir og að nemendur hlustuðu á hvert annað flytja verkefni.

Í ritun skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni m.a. kjörbókarskýrslu, smásögu, og rökfærsluritanir. Ritunarverkefnum var skilað á Google Classroom

Nokkur áhersla var á lesskilning og unnu nemendur t.d. með fréttatexta, smásögur, paralestur og kjörbækur. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur og smásögur.

Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Gagnvirk verkefni á netinu voru notuð til að styðja við kennsluna.

Nemendur kynntu verkefni sín fyrir bekkjarfélögum til að æfa frásögn. Nemendur fengu tækifæri á að tala í minni hópum fyrst á árinu og kynna síðan fyrir öllum bekknum.

Nemendur voru hvattir til að nota ensku í kennslustundum og sérstaklega í hópverkefnum.

Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópvinna. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 9 les- og vinnubók, smásögur, bókmenntir, fréttagreinar frá Guardian, breakingnewsenglish.com, lyricstraining.com, readtheory.org, storyboardthat.com, canva.com, google classroom, google forms, wordwall, Blooket og ljósrituð verkefni frá kennara. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum, með meiri áherslu á verkefni af ýmsu tagi. Meirihluti af námsefninu var inni á Google Classroom. Próf voru lögð fyrir í Google Forms og hljóðskrár notaðar fyrir þá sem þurftu þess.

Veturinn gekk vel. Við vorum með áskrift að Classroom screen og það hjálpaði til við að gera markmið og fyrirlagnir sýnilegri og aðgengilegri. Það var farið yfir færri málfræðiatríði en efni stóð til en meiri áhersla á ritun og lesskilning í staðinn. Classroom umhverfið var notað bæði til að birta áætlanir, setja inn verkefni og skila verkefnum jafnt fyrir nemendur með aðlagð efni og þá sem voru það ekki. Nemendur voru með glósubók inn á Classroom þar sem þeir unnu með nýjan orðaforða. Nemendur fengu lestrardagbók í tengslum við kjörbók inn á Classroom til að auðvelda þeim að muna um hvað þeir voru að lesa og áætla hvað þyrfti að lesa mikið í hverri viku. Í upphafi kjörbókarvinnu var byrjað á forspá byggða á bókakápum. Nemendur unnu nokkur hópverkefni þar sem þeir þurftu að leysa þrautir saman og það gekk yfirleitt mjög vel og nemendum fannst það skemmtilegt. Í upphafi vetrar byrjuðu nemendur á að vinna með þjóðsögur og ævintýri til að æfa lesskilning og vinna með ný bókmenntahugtök, greina texta og vinna með málfræði. Unnið með orð og hvernig orð

verða til. Nemendur bjuggu síðan til nýyrði. Gekk vel og verður endurtekið. Storyboardthat notað til að túlka lykilatriði úr kvikmynd.

Danska

Hæfniviðmiðin í dönskukennslunni skiptast í sex flokka; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlesi og námshæfni. Unnið var að öllum viðmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun.

Kennsluhættir einkenndust af einstaklings- og hópavinnu og félagakennslu með námsefnið bæði á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt. Nemendur unnu með námsefnið í forritunum Kahoot, Quizlet, Quizzizz, Flipgrid, Nearpod og Padlet. Lestur, hlustun, áhorf, leikir og tjáning; munnlegt og skriflegt.

Námsefnið sem var mest notað var: TAK - lesbók og vinnubók A og B. , Bordbombe, Rafrænar kennslu- og æfingavefir s.s. dr.dk/ligetil - herognu.dk - <http://fjern-uv.dk/>, lingohut.com. Horft á myndina. Horft var á þættina Akavet 1-9 og Skyldig. Fylgst með fréttum á dr.dk , efni frá kennara s.s. smásögur, ljóð, dönsk tónlist af youtube.com, krossgátur, orðaleit o.fl.

Námsmat var einkum þannig að tekin voru 4 kaflapróf (mest rafræn í google forms) , alls kyns verkefni með TV seríum, danskt jólaþema, nemendur gerðu matreiðsluþátt, lesin smásaga, auk símats á verkefnum, munnleg/skrifleg einstaklings- og hópaverkefni og m.a. heimapróf að vori.

Eitthvað sem var þróað í vetur og ánægja með: Nemendum fannst gaman að vinna með og þjálfa nýjan orðaforða í forritum sem buðu upp á margskonar þjálfun eins og Quizlet, Nearpod, Quizzizz og Kahoot og nýttum forritið: lingohut.com þar sem nemendur geta æft framburð og sent svo til kennara. Alltaf er þörf á breytingum og þróun, alltaf í öllu!

Veturinn gekk í heildina vel nema ég þurfti í sex vikna veikindaleyfi í okt. og nóv. Og það setti aðeins strik í reikninginn. Við gerðum meira af því að vera með munnlegar samkiptaæfingar í tímum til að þjálfa orðaforða ýmist í formi leikja eða uppsettra talæfinga á blaði.

Náttúrugreinar

Markmið vetrarins skiptast í líffræði og eðlisfræði. Markmið líffræðinnar snúa að þekkingu á líkama mannsins allt frá minnstu frumum upp í flóknustu líffærakerfi. Fléttað var inn markmiðum um hollar lífsvenjur varðandi næringu, hreyfingu og hvíld og tæpt á helstu sjúkdómum sem herjað geta á líkamann. Í eðlisfræði snúa markmiðin að krafti og hreyfingu, massa og þyngd.

Grunnefni náttúrufræðinnar var bókin Mannslíkaminn en einnig stuðst við myndefni og upplýsingavefi á netinu. Í eðlisfræðinni var grunnbókin Eðlisfræði 2 auk efnis af neti.

Kennslan var að einhverjum hluta verkleg í líffræðinni þar sem gerðar voru tilraunir, skrifaðar skýrslur, smásjár og víðsjár notaðar, krufin brjóstholslíffæri úr svínum og augu úr stórgripum. Í eðlisfræðinni voru einnig gerðar tilraunir, notast við tölvu forrit eins og Nearpod og nánasta umhverfi nýtt til skoðunar á eðlisfræðilegum fyrirbærum. Námið var kennt í lotum og fóru markmið og áætlanir inn á google classroom.

Námsmat var mjög fjölbreytt. Próf voru í lágmarki, hópavinna, einstaklingsverkefni, sjálfsmat, jafningjamat og einnig var gerð tilraun með skapandi skil í náttúrufræði.

Veturinn gekk mjög vel að flestu leyti en tækifæri til úrbóta felast í útfærslu á verkefnum með skapandi skilum.

Samfélagsgreinar

Markmið vetrarins skiptast í þekkingarmarkmið og vinnumarkmið. voru flest opin og víðtæk og lá margt að baki hverju markmiði. Þau tóku til stórra viðburða heimssögunnar eins og heimsstyrjaldanna, orsaka, afleiðinga og stjórnmalastefna sem ríkjandi voru.

Grunnefni sem stuðst var við eru bækurnar Styrjaldir og Kreppa annars vegar og Frelsi og velferð hins vegar. Einnig var notast við efni af neti.

Kennslan var að stærstum hluta þematengd og unnu nemendur að stórum hluta í hópum. Lögð var áhersla á fjölbreytni í vinnuaðferðum og úrlausn verkefnanna svo sköpunargleðin fengi að njóta sín. Allar upplýsingar og áætlanir voru settar inn á google classroom og markmiðin fylgdu hverju þemaverkefni. Þema um stjórnmalaflokka var samþætt íslensku.

Gerðir voru sóknarkvarðar fyrir þemun sem kennari lagði til grundvallar og mat verkefni út frá en einnig var um sjálfsmat og jafningjamat að ræða auk samtals milli nemenda og kennara um matið.

Veturinn gekk vel en ekki tókst að ljúka öllum markmiðum. Áskorunin var sú tilraun að kenna flest í þemum og gefa nemendum mögulega of rúman tíma. Afraksturinn var þó glæsilegur. Samþættingarverkefnið við íslensku gekk mjög vel.

Lífsleikni

Markmið vetrarins voru að vinna með hugtök tengd kynvitund og kynlífi, jafnrétti, sjálfsmynd og siðferði. Kennsla fór fram með fyrirlestur, samtölum, hópavinnu, skriflegum verkefnum og spurningar tímum.

Námsefni sem lagt var til grundvallar var bókinn *Um stelpur og stráka* og nokkur verkefni upp úr námsefninu *Lífsgildi og ákvarðanir*. Einnig var stuðst við kynningarefni af neti og efni frá landlækni.

Að stærstum hluta fór fram umræða um hin ýmsu mál sem brenna á nemendum. Umræður sköpuðust um þjóðfélagsmál og það sem var í fréttum varðandi málaflokkinn hverju sinni. Nafnlausar spurningar gefa nemendum færi á að spyrjast fyrir um það sem þeir vilja ekki segja upphátt og fá leiðbeiningar um hvert þeir geti leitað í framhaldinu. Fræðslumyndbönd og leikið efni gefa tilefni til umræðu og vöktu upp spurningar. Stórt verkefni um hinseginleikann var unnið í samstarfi við 10.bekk og afraksturinn settur á heimasíðu skólans. Hjúkrunarfræðingur kom að fræðslunni og einnig voru einstaka fyrirlestur á vegum Rósenborgar og fyrirlestur um líðan og ofbeldi á vegum Háskólans á Akureyri.

Ekki er formlegt námsmat í lífsleikni en unnið var út frá grunnþáttum menntunar. Vel tókst til með flesta þætti námsefnisins, sér í lagi var samstarfsverkefnið með 10.bekk vel heppnað.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust, dyggðir og gildi. Á alþjóðlegum degi gegn einelti sýndum við þáttaröð sem nefnist *Myndin af mér*. Eftir myndina voru umræður. Gerður var bekkjarsáttmáli, Y og T spjöld og farið var yfir hlutverkaskipan. Haldnir voru bekkjarfundir.

Það sem betur mætti fara í utanumhaldi uppbyggingarstefnu er að skipaður væri verkefnastjóri sem heldur utan um uppbyggingarstefnuna innan skólans og fylgja eftir því sem ákveðið er að taka fyrir yfir veturinn.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagar voru haust og vor og tókust með ágætum eins og endranær. Í ferðunum höfðu nemendur val og var það mjög jákvætt. Enn vantar þó skemmtilegan möguleika fyrir þá sem minnsta þrekið hafa.

Námsráðgjafar komu frá VMA, MA og Laugum og kynntu framhaldsnám sinna skóla.

Brekkskólaleikar voru haldnir með vinabekkjum og tókst það mjög vel.

Vettvangsferðir

Farið var í starfamesu í HA þar sem nemendur fengu fræðslu og kynningu á ýmsum störfum og fyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu. Á vormánuðum fóru nemendur í starfskynningar í fyrirtæki og héldu kynningu á kjölfarið þar sem foreldrum var boðið.

Farið var í vettvangsferð á Amtsbókasafnið þar sem nemendur fengu fræðslu og kynningu um starfsemi safnsins.

Nemendur fóru í leikhús á Góðan daginn faggi og unnu verkefni í kjölfarið.

Allar ferðirnar voru áhugaverðar og tókust mjög vel.

Samvinna nemenda

Þemavinna, unnið var með fjölmenningu í Brekkuskóla í samvinnu 7. - 10. bekkjar. Var það samdóma álit þeirra sem tóku þátt að vel hafi til tekist. Afraksturinn var sýndur á Brúnni eftir þemadagana en foreldrum gafst kostur á að kíkja á vinnu nemenda á meðan á vinnunni stóð.

Samvinna við aðra

- Brekkuskólaleikar voru haldnir með vinabekknunum.
- Bekkurinn söng jólalög með vinabekknunum sínum.
- Mikil og góð samvinna var við nemendur 10. bekkjar og teymi kennara 9. og 10. bekkjar.

Foreldrasamstarf

Hefðbundin viðtöl voru í byrjun skólaárs en í janúar voru þau nemendastýrð og tókst það mjög vel til. Stefnt er að því að halda þessu fyrirkomulagi næsta skólaár. Foreldrar voru boðnir í heimsókn á þemadögum og á starfskynningum.

Grenndarkennsla

Nemendur fóru út að tína rusl og einnig var grenndarkennsla samtvinnuð við náttúrufræðikennslu.

10. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Teymi vetrarins samanstóð af tveimur umsjónarkennurum, þremur sérgreinakennurum, einum sérkennara og einum stuðningsfulltrúa. Auk þess voru fjórir listgreinakennarar, tveir íþróttakennarar, einn námsráðgjafi í hlutastarfi og einn hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 45.

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-316.

Sérkennsla og stuðningur í 10. bekk

13 nemendur í 10. bekk fengu sérkennslu í vetur í námsveri. Auk þess starfaði stuðningsfulltrúi með bekknum. Fleiri nemendur en eiginlegir sérkennslunemendur fengu stuðning af og til frá sérkennara eða stuðningsfulltrúa. Tímamagn sérkennslu í námsveri var 12 tímar og skiptust á þessa nemendur frá 1 tíma á viku upp í 5 tíma á viku. Stuðningsfulltrúi var með bekknum 27 tíma á viku. Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Stuðningur í ensku, samfélagsfræði og náttúrufræði fór að mestu fram í kennslustofu. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greinakennara og sérkennara.

Íslenska

Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan fór í þróunarvinnu í málfræðinni. Íslenskukennari og sérkennari tóku þátt í þróunarverkefni með kennurum úr Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Verkefnið kallaðist nemendamiðuð málfræðikennsla. Þróunarverkefnið var kynnt fyrir nemendum sem urðu spenntir yfir að fá að taka þátt í svona verkefni auk þess sem kynningarpóstar fóru heim til foreldra. Markmiðið með verkefninu var m.a. að auka áhuga nemenda á málfræði og möguleikum hennar, að setja málfræðina í samhengi við mál nemenda og samfélagið auk þess að auka ábyrgð nemenda á málinu og gera þá meðvitaðri um málið og notkun þess. Til að ná þessum markmiðum prófuðu kennarar ýmis ný verkefni og leiðir og þróuðu kennsluna þannig með markvissum hætti.

Háskólakennararnir komu í tvær heimsóknir í 10. bekk og fylgdust með kennslu og námi auk þess sem þau ræddu við nemendur um þeirra upplifun af íslenskukennslunni með áherslu á

málfræðiþáttinn. Að okkar mati tókst þetta verkefni mjög vel. Það skilaði sér í því að nemendur voru jákvæðir gagnvart náminu, þeir upplifðu að þeir væru góðir í íslensku og að tungumálið skipti þá máli. Hvað kennarana varðar þá var það áskorun að fara út fyrir bókina og prófa nýjar leiðir en var þó rökrétt framhald af því starfi sem unnið hefur verið undanfarin ár í íslenskukennslunni í 10. bekk. Stuðst var við námsefnið Loga og Neista frá MMS en mikil vinna fór í að útbúa glærur og verkefni og voru þau gögn aðalnámsefni nemenda. Hluti af efninu var sá sami og hjá 9. bekk og var þá notaður til upprifjunar og farið hraðar yfir en aðrir hlutar voru einungis fyrir 10. bekk svo sem setningafræði og flóknari atriði í málfræðinni. Sem dæmi um nýjar leiðir í verkefnum var að nota mál og ritun nemendanna sjálfra og gaf það oft góða raun. Einnig útbjuggum við málfræðispil og leiki sem vöktu mikla lukku. Námsmarkmiðin í málfræðinni voru þau sömu og áður en leiðirnar til að ná markmiðunum voru aðrar. Þó að þróunarverkefninu hafi lokið nú í vor þá munum við nýta þessar aðferðir áfram.

Skólastarf vetrarins hófst á því að nemendur ræddu saman í hópum um eðli og tilgang íslenskunámsins, komu með hugmyndir að verkefnum og hvernig þau vildu læra. Þróunarverkefnið var einnig kynnt vel í upphafi skólaárs og við byrjuðum það á því að rifja upp ýmis málfræðihugtök með leikjum auk þess sem málfræðin var nýtt sem verkfæri í vinnu með bekkjarsáttmálann.

Mikil áhersla var lögð á tjáningu og miðlun bæði með einstaklings- og hópverkefnum. Nemendur fluttu kynningar á ýmsum verkefnum, fluttu undirbúnað ræður og bókakynningar svo nokkur dæmi séu nefnd.

Í 10. bekk var mikil áhersla lögð á læsi og völdu nemendur kjörbækur til lestrar. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækurnar og ljóð auk þess sem lesskilningur og orðaforði var þjálfaður með vefefni frá Skólavefnum. Í vetur var prófað nýtt fyrirkomulag með eina kjörbókina sem kallaðist bókaklúbbur. Það verkefni tókst vel og verður nýtt áfram næsta vetur. Sem dæmi um verkefni sem nemendur gerðu úr kjörbókunum eru kynningar, lestrardagbók, bókabitar (book bento) og hlaðvarpsþættir. Auk þess má nefna að einn hópur gerði myndband og sendi inn í Siljuna sem er myndbandasamkeppni á vegum Barnabókaseturs Íslands og Borgarbókasafnsins og hlaut hópurninn 1. sæti í keppninni. Ein fornsaga var lesin í vetur, Gísla saga Súrssonar, og voru nemendur upp til hópa hrifnir af henni. Sagan var m.a. notuð til að þjálfa hlustunar- og lesskilning og í lokin unnu nemendur skapandi verkefni að eigin vali. Sem dæmi um verkefni má nefna borðspil, kahoot og stuttmynd.

Mikil áhersla var lögð á ritun og unnu nemendur fjölbreytt verkefni auk þess sem ritunarþátturinn kom meira inn í málfræðikennsluna en verið hefur. Í upphafi skólaárs var mikil áhersla lögð á skapandi og frjálsa ritun og stuðst við Ritunarbókina. Í framhaldi af þeirri vinnu skrifuðu nemendur verkefni af ýmsu tagi, t.d. smásögur, pistla og ljóð. Seinni hluta vetrar unnu nemendur heimildaritgerð og skrifuðu einnig bæði rökfærsluverkefni og skapandi texta. Skil á ritunarverkefnum fóru fram í gegnum Google Classroom.

Upplýsingar um námsefni og áætlanir var að finna á Google Classroom. Þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Skil á verkefnum fóru alla jafna fram á Google Classroom. Google Classroom umhverfið hentar mjög vel til að halda utan um nám og kennslu. Þar er auðvelt að setja inn einstaklingsmiðuð verkefni og áætlanir. Eini gallinn við þetta umhverfi er að foreldrar hafa ekki aðgang að því nema í gegnum börnin sín en foreldrar fá þó yfirlitspóst um hvort nemendur hafi skilað verkefnum eða ekki.

Nemendur fengu námsmat á einstökum verkefnum inni á Google Classroom þar sem notaðir voru matskvarðar auk þess sem nemendur fengu umsagnir um verkefni. Auk þess var merkt við hæfnikort nemenda á Mentor. Mentorkerfið hentar illa til að koma upplýsingum um heimanám og áætlanir til nemenda þar sem kerfið gerir ekki ráð fyrir einstaklingsmiðuðu námi og það væri einfaldlega of tímafrekt að skrá þessar upplýsingar þar inn. Google Classroom umhverfið gerir hins vegar ráð fyrir þessum möguleika á einfaldan og skýran hátt.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með mjög lítilli áherslu á prófin sem voru lögð fyrir á Google Classroom. Lögð var áhersla á að nemendur fengu leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinnu og reynt að leggja þá áherslu að ábyrgð hvers og eins á náminu og verkefnunum skipti miklu máli. Einnig fengu nemendur skriflegar athugasemdir við ritunarverkefni og gafst færi á að leiðrétta, bæta verkefni og skila aftur. Sú aðferð skilaði mjög góðum árangri en er hins vegar mjög tímafrek og því gefst ekki tækifæri til að sinna þessum þætti eins mikið og æskilegt væri. Mikið var um skapandi verkefni bæði þar sem nemendur höfðu val um útfærslu og viðfangsefni og einnig þar sem verkefnum var meira stýrt. Dæmi um skapandi skil voru verkefni tengd Gísla sögu, kjörbókum og ýmis ritunarverkefni. Í vinnu nemenda og námsmati var bæði um einstaklings- og samvinnu að ræða, sem dæmi um samvinnu má nefna ýmis málfræðiverkefni og verkefni tengd kjörbókunum. Á þessum vetri var mun meira um samvinnuverkefni sem tengdust málfræði og tókust þau vel. Nemendum tókst alla jafna vel að vinna saman í hópum þó auðvitað hafi komið upp einstaka samskiptavandamál en alla jafna voru þau auðleyst.

Nemendur nota tölvur í því sem næst hverri kennslustund í íslenskunni þar sem námsefnið er að mestum hluta rafrænt. Það eru þau gögn sem kennarar útbúa en rafrænt námsefni frá MMS er af skörnum skammti. Námsbækur eins og Logar og Neistar eru þó til sem rafrænar en nemendur hafa einnig aðgang að prentuðu bókunum. Það sem þarf að bæta í upplýsingatækni nemenda er t.d. að kenna þeim að skipuleggja og flokka gögnin sín á drive. Mikið var um leyfi nemenda og fjarvistir vegna veikinda. Nemendur geta þó alltaf fylgst með áætlunum og verkefnum á Google Classroom en mikilvægt er að leggja áherslu á það strax í upphafi skólaársins.

Heildarmat á kennslunni og námi nemenda er að veturinn hafi gengið vel. Þróunarverkefnið tókst mjög vel og mun sú vinna sem unnin var í vetur verða grunnur að áframhaldandi starfi.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Auk þess var efni dagsins sett inn á Classroom jafnt og þétt. Þannig gátu þeir sem misstu af tímum fylgt hópnum og þeir sem vildu æfa sig enn frekar gátu nýtt sér þetta efni. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma og við námsmat í vissum þáttum. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimadæmi á netinu og að miðla efni til æfinga fyrir nemendur. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 5 og 6. Einnig var notast við heimadæmi í forritinu Moodle og töflureiknir lítillaga notaður. Sérefni fyrir nokkra nemendur voru valdir kaflar úr Almenn stærðfræði I og II. Alls voru níu nemendur sem unnu í þessu námsefni. Auk þess voru tveir nemendur í enn léttara námsefni og unnu þeir eftir einstaklingsnámskrá.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, vinnubrögð, skil á heimadæmum, kaflapróf og vorpróf.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Nemendur sýndu jafnar og góðar framfarir og ættu flest að vera vel undirbúin undir nám á framhaldsskólastigi.

Enska

Í ensku skiptust markmiðin í sex flokka: Hlustun, ritun, lesskilningur, málfræði, frásögn og samskipti. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var á lesskilningi.

Í hlustun var unnið m.a. með stuttmynd, tónlist, fræðslumyndbönd, kvikmyndir og að nemendur hlustuðu á hvert annað flytja verkefni.

Í ritun skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni m.a. 5 mínútna ritun, kjörbókarskýrslu, ljóð og rökfærsluritanir. Sérstaklega vel var farið í að kenna hvernig ætti að byggja upp sögur og efnisgreinar. Einnig var lögð áhersla á að nemendur gætu fært rök fyrir máli sínu. Ritunarverkefnum var skilað á Google Classroom.

Í lesskilningi unnu nemendur t.d. með fréttatexta, smásögur og kjörbækur. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur.

Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Gagnvirk verkefni á netinu voru notuð til að styðja við kennsluna.

Nemendur kynntu verkefni sín fyrir bekkjarfélögum til að æfa frásögn t.d. fluttu þeir bókakynningu og frumsamið ljóð fyrir allan bekkinn.

Nemendur voru hvattir til að nota ensku í kennslustundum og sérstaklega í hópverkefnum til að æfa samskipti á ensku.

Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópvinnum. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 10 les- og vinnubók, bókmenntir, fréttagreinar frá Guardian, breakingnewsenglish.com, ted-ed, write and improve, wordwall.com, learnenglishteens.co.uk, readtheory.org, canva.com, google classroom, google forms og ljósrituð verkefni frá kennara, Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi, með áherslu á verkefni umfram próf. Meginhluti námsefnisins var inni á Google Classroom. Próf voru lögð fyrir í Google Forms og hljóðskrár notaðar fyrir þá sem þurfa þess.

Veturinn gekk vel. Classroom umhverfið var notað bæði til að birta áætlanir, setja inn verkefni og skila verkefnum jafnt fyrir nemendur með aðlagað efni og þá sem voru það ekki. Við vorum með áskrift að Classroom screen og það hjálpaði til við að gera markmið og fyrirlagnir sýnilegri og aðgengilegri. Nemendur voru með glósubók inn á Classroom þar sem þeir unnu með nýjan orðaforða. Einnig voru nemendur með stílabók inn á Classroom. Nemendur unnu nokkur hópverkefni

Þar sem þeir þurftu að leysa þrautir saman og það gekk yfirleitt mjög vel og nemendum fannst það skemmtilegt. Í upphafi vetrar byrjuðu nemendur tímana á 5 mínútna ritunum sem undirbúning fyrir stærri ritun og þetta kom vel út. Nemendur glímdu við rannsóknarvinnu þar sem lögð var áhersla á að búa til góðar rannsóknarspurningar og undirspurningar, glósutækni, víða að sér upplýsingum af mismunandi vefsíðum og reyna að meta áreiðanleika þeirra, og hvernig væri best að koma þessu til skila fyrir lítinn hóp. Í umræðum var nýtt aðferð Spider Web Discussion, það reyndist ágætlega og verður unnið meira með það á næsta ári. Nemendur fengu í stað þess að lesa kjörbók og nota lesskýrslu, nokkur minni skapandi verkefni til að leysa í sambandi við kjörbókin og fengu bókamerki til að skrá lestraráætlun sína á. Almennt kom þetta vel út. Aðeins bar á að gervigreind hafi verið notuð gagnrýnislaut við ritunarverkefni. Unnið með orð og hvernig orð verða til. Nemendur bjuggu síðan til nýyrði. Gekk vel og verður endurtekið.

Danska

Markmiðin í dönskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og áhorf, ritun/málfræði og menningarlæsi. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun.

Í töluðu máli og hlustun kynntu nemendur sér danska tónlistarmenn, íþróttamenn, fréttir o.fl. og fluttu kynningar eða lásu inn á Flipgrid/screencastify. Horfðu á kvikmyndir og þætti. (The Rain, Midsommer og Drømmen) og hlustuðu svo á kynningar hjá hvert öðru í sumum tilfellum eftir áhorf. Þá var farið í samskiptaleiki og leikræna tjáningu til að þjálfar nemendur í töluðu máli.

Töluverð áhersla var lögð á lestur og lásu nemendur mest valda texta í námsbókinni Smil og Ekko sem og ljóð, smásögur o.fl. og unnu verkefni, einstaklingslega eða í hópi. Einnig var netið óspart notað til að finna lesefni. Próf eða kannanir voru lagðar fyrir, ýmist munnleg, á stafrænu formi eða skrifleg.

Ritun var mest stunduð í tengslum við orðaforða hvernar lotu bæði í formi svara úr texta eða skapandi og frjáls ritun. Teknar voru lotur í að skrifa t.d. um veðrið, árstíðir, tölur og klukku til að viðhalda grunnorðaforða. Einnig unnu nemendur ýmis skapandi verkefni í tengslum við kvikmynda- og þáttaáhorf, þá unnu nemendur stórt ritunarverkefni í vor sem var skilað á Classroom sem hét: Mine år i Brekkuskóli.

Málfræðikennsla fór fram í textavinnu, með innlögnum og verkefnavinnu. Stuðst var við Grammatik og ýmsa málfræðivefi og verkefni á netinu, ásamt efni og verkefnum héðan og þaðan. Einnig unnið með málfræði í gegnum texta úr námsefninu.

Menningarlæsi: Nemendur fylgdust með fréttum á dr.dk og unnu af og til með fréttir. Þeir kynntu sér lýháskóla í Dk og útbjuggu kynningu um skólana sem þeir völdu. Þá kynntu nem. sér áfram danska jólasíði m.a. um tilurð „æbleskiver“ og fengu að smakka danske æbleskiver fyrir jólin, sem alltaf veður jafn mikla hrifningu og er jólalegt uppbrot í desember.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi. Hluti af námsefninu var inni á Google Classroom. Heimavinnuáætlun var birt á classroom og skil inni á classroom. Próf voru lögð fyrir með rafrænum prófum í Google Forms. Einnig munnlegt í formi kynninga og annarra skila.

Kennsluaðferðir: Kennslan fer fram á dönsku að hluta til. Mikilvægt er að hlusta á og lesa dönskuna, svo auðveldara sé að skrifa og tala hana þegar þess er krafist. Nemendum eru kenndar helstu reglur og undantekningar í málfræði og framburði og þeir byggja upp orðaforði, sem gerir þeim kleift að skrifa lengri ritun, halda kynningar af öryggi og geta unnið eðlileg samtöl. Auk þess á nemandinn að tileinka sér atriði um Danmörk og Danina.

Í heildina gekk vel í vetur nema ég þurfti í sex vikna veikindaleyfi í okt. og nóv. og það setti aðeins strik í reikninginn. Við gerðum meira af því að vera með munnlegar samskiptaæfingar í tímum til að þjálfra orðaforða og undir vorið var sú nýnging að nemendur kynntu sér lýðháskóla í DK og gerðu verkefni sem fól m.a. í sér að hafa samband við nemendur í þeim skóla sem þeir völdu sér og spyrja þá ákveðinna spurninga. Gafst þetta í heildina vel og einn nemandi mun hefja nám við lýðháskóla í haust. Einnig gerðum við af og til ýmsa hreyfileiki og heilabrotsæfingar af danska

Náttúrugreinar

Helstu markmið vetrarins tengjast ljóstillífun, mengun, loftslagsmálum, orkunotkun, erfðum og þróun mannsins, grunn efnafræði og himingeimnum.

Námsefni sem lagt var til grundvallar er annars vegar *Maður og náttúra* og hins vegar *Eðlisfræði 3* auk efnis af netinu. Ýmsar fræðslumyndir voru sýndar sem ýmist voru útgefnar eða á youtube.

Unnið var ýmist einstaklingslega eða í hópum. Vísinda síður á netinu voru nýttar ýmist sem heimildir í verkefnavinnu eða til almennrar fræðslu. Hluti námsefnisins var unnin í Nearpod forritinu. Námið var kennt í lotum og fóru markmið og áætlanir inn á google classroom. Aukalega fengu nemendur að kryfja brjóstholslíffæri úr svínum og augu úr stórgripum en þessi verkefni höfðu fallið niður árið á undan.

Símat var í gangi allan veturinn. Formlegt uppgjör fór fram eftir hverja lotu, ýmist í formi prófa, verkefna, hópavinnu, kynninga eða á annan einstaklingsmiðaðan hátt. Nemendur fengu áætlanir inn á google classroom fyrir hverja lotu þar sem fram kom hverju þyrfti að ljúka til að klára lotuna og hvaða markmið lágu til grundvallar.

Veturinn gekk í heild mjög vel. Verkefni sem buðu upp á skapandi skil hefðu sum mátt skila betri afrakstri og tækifæri til úrbóta felast í útfærslu á þeim verkefnum.

Lífsleikni

Helstu markmið vetrarins voru að vinna með góð samskipti, sjálfstraust, heilbrigði, fjármálalæsi, réttindi og skyldur, barnasáttmálann og almenn mannréttindi.

Grunn bækurnar voru *Fyrstu skref í fjármálum*, *Kynlega klippt og skorið* og *Margt er um að velja*. Einnig voru ýmis blöð og verkefni fengin héðan og þaðan þegar tilefni var til.

Fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi í lífsleikni tímum og reynt á ýmsa hæfni nemenda. Umræður, upplestur, hreyfing og heimsóknir frá sérfræðingum einkenndi þessa tíma. Stórt verkefni um hinseginleikann var unnið í samstarfi við 9.bekk og afraksturinn settur á heimasíðu skólans. Einnig var samstarf um starfsfræðslu milli kennara og námsráðgjafa varðandi kynningar á

störfum tengdum námi sem hægt er að velja. Námsráðgjafi kynnti námsframboð og heimasíður um áhugasvið. Góðgerðarverkefni var unnið í samstarfi við heimilin þar sem fötum var safnað og haldinn fatamarkaður á vordögum. Ágóði af sölu varningsins var gefinn til UNICEF.

Ekki er formlegt námsmat í lífsleikni en unnið var út frá grunnþáttum menntunar. Vel tókst til með flesta þætti námsefnisins, sér í lagi var samstarfsverkefnið með 9.bekk vel heppnað. Fatamarkaðurinn gekk ekki sérlega vel og spurning hvort hann hafi verið nægilega auglýstur eða hvort tímasetningar hafi ekki hentað.

Samfélagsfræði

Unnið var í bókunum Þjóðfélagsfræði - Á ferð um samfélagið og Um víða veröld - heimsálfurnar.

Unnið var samkvæmt markmiðum í námskránni Markmið samfélagsgreinar 10. þrep (frá 2020) sem er inni á mentor. Byrjað var á þjóðfélagsfræðinni. Vetrinum var skipt upp í 4 lotur. Fyrstu 3 voru upp úr þjóðfélagsfræðinni en síðasta lotan fjallaði um heimsálfurnar.

Bæði í þjóðfélagsfræðinni og landafræðinni unnu nemendur mörg ólík verkefni og reynt var að efla þá í skapandi skilum sem gekk ekki eins vel og vonast var til. Oftast völdu nemendur að svara einfaldlega spurningum í skjal inni í Classroom, nokkrir kepptust við að gera glærukynningar sem voru misgóða, nokkrar framúrskarandi. Einn nemandi teiknaði svörin og litaði samhliða skýringatexta. Nokkur dæmi voru um að nemendur læsu svörin inn á upptöku eða myndband og skiluðu inn. Það var mjög skemmtilegt skilaform því ósjálfrátt urðu svörin nákvæmari og dýpri, sérstaklega þar sem nemendur þekktu vel til. 2 sinnum yfir veturinn fóru nemendur í ljósmyndamaráðun sem reyndist vel og allir tóku þátt. Eitt myndbandaverkefni var unnið og þar voru flestir virkir. Umræðuhópar voru settir saman þar sem nemendur áttu að finna rök með og á móti eldfimur málefnum, það gafst misvel en var góð reynsla fyrir alla. Nemendur unnu einnig verkefni í google forms, Nearpod, Quizlet og Quizizz. Nokkrum sinnum var farið í spurningakeppni inni á Kahoot um efni viðkomandi lotu.

Það fór símat fram og í lok hvernar lotu var sett inn í hæfnikort nemenda. Nemendum gafst tækifæri til að bæta einkunn sína en það er hægt að telja á höndum annarra handar hve margir nýttu sér það.

Uppbygging sjálfsgaga / lífsleikni

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í íslensku og lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust, dyggðir og gildi. Á alþjóðlegum degi gegn einelti sýndum við mynd sem heitir *Hip hip hora!* Eftir myndina voru umræður. Gerður var bekkjarsáttmáli, farið yfir hlutverkaskipan og haldnir voru bekkjarfundir.

Það sem betur mætti fara í utanumhaldi uppbyggingarstefnu er að skipaður væri verkefnastjóri sem heldur utan um uppbyggingarstefnuna innan skólans og fylgja eftir því sem ákveðið er að taka fyrir yfir veturinn.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagar voru haust og vor og tókust með ágætum eins og endranær. Í ferðunum höfðu nemendur val og var það mjög jákvætt. Enn vantar þó skemmtilegan möguleika fyrir þá sem minnsta þrekið hafa.

Námsráðgjafar komu frá VMA, MA og Laugum og kynntu framhaldsnám sinna skóla.

Brekkskólaleikar voru haldnir með vinabekkjum og tókst það mjög vel.

Vettvangsferðir

- Nemendur fóru í heimsókn í VMA og MA þar sem þeim var kynnt framhaldsnám að loknum grunnskóla.
- Farið var í starfamesu í HA þar sem nemendur fengu fræðslu og kynningu á ýmsum störfum og fyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu. Nemendur fóru í leikhús á Góðan daginn faggi og unnu verkefni í kjölfarið.
- Allar ferðirnar voru áhugaverðar og tókust mjög vel.

Samvinna nemenda

Þemavinna, unnið var með fjölmenningu í Brekkuskóla í samvinnu 7. - 10. bekkjar. Var það samdóma álit þeirra sem tóku þátt að vel hafi til tekist. Afraksturinn var sýndur á Brúnni eftir þemadagana en foreldrum gafst kostur á að kíkja á vinnu nemenda á meðan á vinnunni stóð.

Samvinna við aðra

- Brekkuskólaleikar voru haldnir með vinabekknunum.
- Mikil og góð samvinna var við nemendur 9. bekkjar og teymi kennara 9. og 10. bekkjar.

Foreldrasamstarf

Hefðbundin viðtöl voru í byrjun skólaárs en í janúar voru þau nemendastýrð og tókst það mjög vel til. Stefnt er að því að halda þessu fyrirkomulagi næsta skólaár. Foreldrar voru boðnir í heimsókn á þemadögum.

Grenndarkennsla

Nemendur fóru út að tína rusl og einnig var grenndarkennsla samtvinnuð við náttúrufræðikennslu.

Íþróttir og sund

Jóhannes Gunnar Bjarnason, Kári Ellertsson og Sigfríð Einarsdóttir kennarar í 100% stöðu. Ólafur Pétur Eypórsson stuðningsfulltrúi.

Námsumhverfi og skipulag

Í íþróttum kom allur árgangurinn saman í Íþróttahöll og tóku 2 kennarar og stuðningsfulltrúi á móti þeim. Í ár höfðum við allan salinn frá mánudegi til fimmtudags. Stundarskráin í vetur var að mörgu leiti góð þar sem árgangar komu nokkurn vegin í aldursröð sem gerði íþróttakennurum kleift að setja upp stöðvar miðaðar að hreyfifærni hvers aldurshóps.

Stærð sundhópa var hæfileg og kennsla fór fram í innilaug og í báðum útilaugum. Aðstaða til sundkennslu er góð. Upp komu tilvik þar sem nemendur gátu ekki verið í innilaug vegna öndunarerfiðleika og farið var í að kanna loftgæði í innilauginni. Allar mælingar komu vel út og gott samstarf var við sundlaugarforstjóra. Huga þarf að úrræðum fyrir nemendur sem ekki geta verið í innilaug. Fyrst á haustin og á vorin er oft þröngt um sundkennslu vegna ásóknar almennings.

Kennsluhættir

Íþróttir

- 1.-6. bekkur var í stöðvaþjálfun á mánudögum og seinni tímann var þeim skipt í 3 bil Íþróttahallar.
- 7. – 8. bekkur var í 3 bilum tvisvar í viku 40 mín í senn.
- 9. og 10. bekkur var einu sinni í viku í 80 mínútur.

Til að uppfylla markmið Aðalnámskrár um íþróttakennslu var unnið með ákveðið þema í hverri viku. Fyrstu þrjár og síðustu þrjár vikur skólaársins vorum við með útiþróttir. Við nýttum vel svæði í nágrenni skólans t.d. Hamarkotstún, Sundlaugargarðinn og MA túnið.

Að okkar mati ættu að vera 3 íþróttakennarar þar sem eru 3 umsjónarhópar. Tveir kennarar með 60 nemendur er of mikið að okkar mati. Mikil ábyrgð er lögð á stuðningsfulltrúa í þessum aðstæðum þar sem hann þarf að hafa umsjón með 20 nemendum í einu bili Hallarinnar. Einnig hamla þessir stóru hópar ákveðnum þáttum t.d. í útiþróttum.

Íþróttaval: Nemendum í 8. – 10. bekk stóð til boða íþróttaval, í vetur voru 2 hópar í 80 mínútur í senn. Valgreinin var vel sótt, sérstaklega af drengjum.

Samval: Grunnskólar Akureyrar buðu upp á fjölbreyttar íþróttir innan samvals grunnskólanna t.d. spaðaíþróttir, hjól og crossfit. Undanfarin ár hefur einnig verið í boði að velja skíðaíþróttir sem hefur verið vinsælt valfag en í vetur sá bærinn sér ekki fært um að hald þeirri valgrein úti vegna kostnaðar. Þetta þykir okkur miður í Heilsueflandi samfélagi.

Sund

1.-3. bekkur var í innisundlaug en eldri árgangar í útilaugum. Betra væri að 4. bekkur væri í innlaug eða þá a.m.k. hluti þess bekkjar þar sem þau hafa ekki öll öðlast þá hæfni eða líkamlegan þroska til að vera í útilaugunum. Stjórnendur tóku þá ákvörðun að færa þennan aldur í útilaugina fyrir fjórum árum og eftir það hefur okkur reynst erfiðara að uppfylla markmið sundkennslunnar hjá 4. bekk.

Aðstaða til kennslu eldri nemenda er góð í Sundlaug Akureyrar og samstarf við starfsfólk laugarinnar hefur verið farsælt.

Unnið var eftir kennsluáætlun sem gerð var í byrjun vetrar og ákveðið þema (sundgreinar) tekið markvisst fyrir. Við reyndum að einstaklingsmiða kennsluna eins og hægt var því geta nemenda var mismunandi innan hvers hóps. Við nýttum okkur leiðsagnarmat við kennsluna. Við teljum nauðsynlegt að það séu 2 tímar á viku áætlaðir til stuðningssundkennslu þar sem nýjum nemendum hefur fjölgað sem engan sundbakgrunn hafa.

Við notuðum leiðsagnarmat í bæði íþróttum og sundi og námsmat fór fram jafnt og þétt yfir árið. Hæfniviðmiðin voru unnin út frá Aðalnámsskrá. Þar sem hreyfingaleysi barna er sívaxandi vandamál höfum við lagt mikið upp úr því að þau fái mikla hreyfingu samhliða jákvæðri upplifun í íþróttatímum.

Útivistardagar og vettvangsferðir

Útivistardagar og aðrir uppbrotisdagar skipuðu stóran sess í skólastarfinu og voru mjög mikilvægir til að brjóta upp hefðbundið skólastarf og læra nýja hluti.

Haust (Sept): Útivistardagur var í upphafi skólaársins sem var skipulagður af stjórnendum. Fyrsti bekkur fór í Lystigarðinn og róló í Suðurbyggð, 2. bekkur tók strætó í Naustahverfi og gengu um Naustaborgir. 3. bekkur tók upp kartöflur sem þau settu niður síðasta vor, 4. bekkur gekk upp að Jaðri og fór í golf, 5.- 6. bekkur fór upp að Hraunsvatni, 7. – 10. bekkur bekkur gat valið um að ganga á Súlur eða að ganga Stífluhringinn.

Blakmót

Blaksambandið stóð fyrir blakmóti í Boganum fyrir 4. – 6. bekk og það gekk mjög vel. Fyrir mótið fengum við blakmenn frá KA í heimsókn til að kynna íþróttina fyrir nemendum í sömu árgöngum.

Fótboltamót 8. – 10. Bekkur

Fótboltamótið fór fram í Boganum eins og undanfarin ár.

Hlíðarfjall /útivistardagur

Í ár var ekki í boði að fara með alla nemendur í Hlíðarfjall þar sem einkaaðilar sjá um skíðaleiguna.

1.- 3. bekkur fór með rútu í Kjarnaskóg með sleða, 4.- 6. bekkur gat valið um að fara í Kjarnaskóg, Braggaparkið eða á skíði (þau sem áttu búnað), 7. – 10. bekkur gat valið um að fara í Hlíðarfjall, ganga í Fálkafell, gönguferð að skautahöll og fara á skauta og hjólaferð.

Brekkskólaleikar

Brekkskólaleikar fóru fram í apríl og fóru nemendur á milli 5 stöðva. Dans vestan við skóla, þrautastöð á neðri skólalóð, listastöð (mandökur á steina) innanhúss, eltingaleikur á MA-túni og ratleikur á Hamarkotstúni. Vinabekkir voru saman á stöð og dagurinn tókst vel.

Frjálsíþróttamót

Frjálsíþróttamótið var með eðlilegum hætti fyrir 4. – 7. bekk. Skólarnir og UFA sáu um skipulagningu og mönnun mótsins. Í ár aðstoðuðu 8. bekkingar Brekkuskóla einn daginn. Það gekk mjög vel alla dagana og hefur þetta skapað sér sess í skólahaldi á Akureyri.

Vorgrill

Samkvæmt hefðinni var Vorgrillsdagur með leikjastöðvum. Hefð hefur skapast um þennan leikjadag og fer hver hópur í yngra holti fór á 13 stöðvar, 5 mínútur á hverri stöð, eldri nemendur fóru á 10 stöðvar, 6 mínútur á hverri stöð. Dagurinn gekk vel í alla staði og veðrið lék við okkur, sól og blíða.

Samstarf

Foreldrasamstarf gekk vel og vorum við bæði í samskiptum við foreldra í gegnum umsjónarkennara og í sumum tilfellum beint við foreldra. Eitthvað var um að foreldrar kæmu í íþróttatíma til að fylgjast með og fögnum við því að faginu sé sýndur áhugi.

Íþróttakennarafélag grunnskóla Akureyrar. Gott samstarf er milli íþróttakennara í grunnskólunum á Akureyri og hittumst við nokkrum sinnum á vetri, einnig var samstarfssíða vel nýtt.

- UFA stóð fyrir frjálsíþróttamóti að venju.
- KA knattspyrnudeildin kom og var með kynningu fyrir 1. – 4. bekk.
- Skákfélagið bauð nemendum upp á skákkennslu.
- SA (Skautafélag Akureyrar) bauð 1. – 2. bekk upp á skautakennslu.

Nauðsynlegt er að halda góðu samstarfi við íþrótt- og tólmstundafélög í nærumhverfinu því flestir nemenda okkar hafa tengsl við félögin utan skólatíma.

Samantekt

Í heild hefur veturinn gengið vel fyrir sig. Nemendur voru yfirleitt glaðir og virkir í tímum og ágætlega hefur tekist að halda aga á hópunum þótt stórir séu. Gott skipulag hefur verið á kennslunni og hefur gefist vel að vera með stöðvar á mánudögum þar sem nemendur vinna í litlum hópum. Fastir útvistadagar og aðrir íþróttadagar gengu vel fyrir sig og ekki annað að sjá en nemendur njóti þessara daga.

Mikilvægt er að við höfum allan íþróttasalinn til afnota fyrir íþróttatímana hjá öllum árgöngum og að nemendur fái góða þjónustu frá starfsfólki Íþróttahallarinnar t.d. í búningasklefum.

List- og verkgreinar

Teymi: Anna Guðný Sigurgeirsdóttir 73,08%, Brynhildur Kristinsdóttir 100%, Ágústa Karlsdóttir 100%, Rúnar Már Þráinsson 100%, Joris Rademaker 73,08%, Sigrún Héðinsdóttir 18,5%, Hjörtur Snær Jónsson 61,5%.

- Okkur finnst samstarf okkar hafa gengið mjög vel í vetur við fengum nýjan og góðan tónlistarkennara sem var frábært. Samræður um einstaka nemendur voru mikilvægar og gagnlegar í þeim tilgangi að mæta mismunandi þörfum þeirra og okkar leið til að leitar stöðugt leiða til að leyfa hverjum nemanda að njóta sín og taka framförum. Okkur finnst þó að stundum skorti okkur upplýsingar um nemendur til dæmis veikindi þeirra og aðstæður í fjölskyldu.
- Okkur fannst að leiðsagnanámið skilaði sér í bættri kennslu og samræður um það gagnlegar.
- Hóparnir í list- og verkgreinum voru flestir hæfilega stórir en 3. bekkja hóparnir voru heldur stórir, æskilegt að þeir séu ekki stærri en 12 nemendur í hverjum hópi. Heilt yfir gekk kennslan vel.
- Vorum sammála um að kennsla 8, 9 og 10 bekkjar hafi gengið mjög vel. Nemendur voru til fyrirmyndar og unnu vel.
- Þemadagar fannst okku ganga mjög vel, tímasetning góð. Mikilvægt að hópar séu ekki of stórir.
- Brekkuskólaleikar frábærir og verkefnið mandölur á vina-steina hitti í mark.
- Okkur finnst ánægjulegt hversu vel hefur gengið með samstarf við nemendur sem hafa fengið aukatíma í list- og verkgreinum í vetur og veltum fyrir okkur hvort ekki mætt þróa nám og kennslu með þessum hætti í auknum mæli.
- Okkur finnst að oft skorti okkur upplýsingar um stuðningsfulltrúa. Hvert er hlutverk þeirra gagnvart nemendum sem þurfa aðhald og stuðning?
- Hjörtur talar um að á næsta ári væri tilvalið að tónlistin væri í takt við hinar list- og verkgreinarnar, það er á sama tíma.
- Okkur finnst að stjórnendur mættu vera duglegri að ræða við teymið okkar um starfið og t.d. árskýrsluna og líta við í kennslustund.
- Teymisverkefnið (heimsóknir í kennslu hjá hvert öðru) gekk mjög vel og var ánægjuleg reynsla fyrir alla, viljum gjarnan endurtaka. Fengum hrós fyrir góða vinnu í teyminu.
- Á starfsdegi þar sem við lögðum okkar af mörkum bæði með leirmótun og garðyrkjufraeðslu var mjög skemmtileg og gagnleg reynsla. Starfsdagurinn var frábær!
- Joris þakkar fyrir frábært, farsællt samstarf í 30 ár!!

Endurnýjun tækja

- Leirbrennsluofn
- Smáhlutir og áhöld í heimilisfræði
- Tölvu í myndmenntastofu
- Ipad í stofur
- Tvær saumavélar

List- og verkgreinakennsla í 1., 2. og 3. Bekk, heimilisfræðival á unglíngastigi, umsjón með ræktunarverkefnum í skólanum.

Kennari: Sigrún Héðinsdóttir

1. bekkur

Ég kenndi fjórar kennslustundir í 1. bekk á þessu skólaári. Fyrstu kennslustund á mánudögum þar sem kennd var stærðfræði og var það hluti af almennri stærðfræðikennslu í 1. bekk. Auk þess kenndi ég þrjár kennslustundir í 1. bekk á fimmtudögum og var sund- og stærðfræðikennsla einnig á þeim tíma. Árganginum var skipt í þrjá tíu barna hópa og rúlluðu hóparnir á milli þessara þriggja viðfangsefna, stærðfræði, sund, textílmennnt.

Ég sá um kennsluna í textílmennnt og voru markmiðin samkvæmt námsframvindumarkmiðum í mentor að nemendur gætu haldið rétt á skærum, gætu þrætt spor í stífan pappa, gætu beitt skærum á pappír, gætu þæft einfaldan hlut og gætu þrætt saman tvo efnisbúta með þræðispori.

Verkefnin sem nemendur unnu voru ýmist tengd byrjendalæsisverkefnum eða árstíðabundnum verkefnum s.s. jólum eða páskum. Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga. Einnig voru efni úr náttúrunni nýtt svo sem afklippur af runnum, trjágreinar og fleira.

Verkefnin vetrarins voru: saumuð mynd í pappa, ofin fígúra, þæfður túlípani, saumaður páskaungi með þræðispori og klippiverkefni.

Það gekk vel að vinna verkefnin og voru nemendur glaðir að fást við verklega vinnu. Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau, nemendum leiðbeint eftir þörfum og leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Símat var unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

2. bekkur

Ég kom inn í 2. bekk á föstudögum í tvær og hálfu kennslustund og var með árganginum í stöðvavinnu. Nemendahópnum var yfirleitt skipt í þrjá hópa og tók ég að mér að kenna textílmennnt í stöðvavinnunni.

Markmiðin í textílmennnt, samkvæmt námsframvindumarkmiðum í mentor, voru að nemendur gætu klippt pappír eftir línunum og eftir grófum formum, gætu saumað þræðispor í efni, saumað hálf trosssaumsspor og gengið frá endum í útsaum. Jafnframt að nemendur gætu þæft einfaldan hlut og þrjónað puttaprjón.

Verkefnin sem nemendur unnu voru útsaumað bókamerki þar sem útsaumssporin voru krosssaumur og þræðispor, þæfður páskaungi, fleiri gerðir af klippimyndum og þrjónaðar puttaprjónslengjur þar sem gerð voru armbönd eða hálsfestar.

Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga.

Textílmennntaverkefnin gengu vel og voru nemendur yfirleitt glaðir í þessari vinnu. Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau og nemendur fengu aðstoð og leiðbeiningar við vinnuna eftir þörfum og var leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Oft var stuðningsfulltrúi til aðstoðar og var það mjög gott. Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

3. bekkur

Nemendum í 3. bekk var skipt í þrjá hópa í list- og verkgreinum og voru 13 – 15 nemendur í hverjum hópi. Hver hópur var í 21 skipti á hverju list- og verkgreinasvæði, var í eina klukkustund tvisvar í viku í myndmennt og list- og verkgreinakennslu hjá mér en einu sinni í viku í heimilisfræði og textílmennt. Þar sem nemendur fóru í myndmennt, heimilisfræði og textílmennt ákvað ég í samráði við stjórnendur og aðra list- og verkgreinakennara að nemendahópurinn sem ég var með hverju sinni færi aðra kennslustund vikunnar í smíðastofuna en hina í list- og verkgreinastofu Brynhildar.

Verkefnin sem nemendurnir unnu voru því sambland af smíðaverkefnum, útsaumi og myndmenntaverkefnum.

Samkvæmt námsframvindumarkmiðum í mentor voru markmiðin að nemendur gætu valið liti í eigin verkefni, gætu klippt pappír eftir flóknum formum og klippt flókin form í mismunandi efni, gætu saumað einfalda krosssaumsmynd, gætu unnið með einfalda vinnuteikningu og unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. Jafnframt að nemendur gætu sagað einföld form með útsögunarsög, gætu pússað með sandpappír, þekktu smíðæfnin sem unnið væri með, þekktu smíðastofuna og vissu hvar öll helstu verkfæri væru geymd, kynnu að nota pensil og málningu og gætu gengið frá eftir sig.

Kennslan gekk yfirleitt vel og fannst nemendum mjög gaman að geta unnið fjölbreytt verkefni og var smíðastofan sérstaklega vinsæl. Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afgang. Einnig voru efni úr náttúrunni nýtt svo sem afklippur af runnum, trjábútar, greinar og fleira.

Verkefnin vetrarins voru: krosssaumsmynd, perlusaumaður myndarammi með klippimynd inn í, töfrasproti þar sem þurfti að saga með útsögunarsög, pússa með sandpappír og mála og lítill bíll úr trékubbum. Auk þess unnu nemendur verkefni tengd jólum og páskum úr pappa og trékubbum.

Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau og nemendur fengu aðstoð og leiðbeiningar eftir þörum og var leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Það gekk ágætlega að ná markmiðunum en nemendahóparnir voru fjölmennir þannig að stundum þurftu nemendur að bíða dálítið eftir aðstoð. Með sumum hópunum var stuðningsfulltrúi og var það mjög gott

Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

8. 9. og 10. bekkur valgrein - Matur og bakstur

Í heimilisfræðivalinu Matur og bakstur er blandaður hópur úr þremur elstu árgöngum skólans. Nemendur eru eina önn og koma þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og hætta því fyrr á hvorri önn. Þetta fyrirkomulag gefur möguleika á að gera tímafrekari og flóknari viðfangsefni.

Markmiðin í Mat og bakstri eru að nemendur kynnist ýmsum íslenskum matarhefðum s.s. að baka laufabrauð, steikja kleinur o.fl. kynnist matarmenningu nokkurra annarra landa, þjálfist í mismunandi aðferðum við að elda og baka rétti sem vinsælir eru hverju sinni auk þeirra hefðbundnu. Einnig að

nemendur fræðist um fæðuofnæmi og óþol fyrir matvælum og mismunandi val á lífsstíl tengdum mat.

Á haustönn taka allir þátt í að baka umtalsvert magn af brauði og kökum fyrir árhátíð skólans.

Kennslustundirnar eru nánast eingöngu verklegar en ýmsu fræðilegu efni s.s. næringar- og matvælafræði, góðum umgengnisvenjum, hreinlæti og umhverfisvernd er blandað inn í.

Nemendur vinna tveir til þrír saman og nemendahópurinn skiptir með sér verkum. Oft elda einn til tveir hópar aðalrétt, einn hópur bakar brauð og gerir salat og einn til tveir hópar búa til eftirrétt. Stundum eru allir hóparnir að elda það sama en í mismunandi útfærslum eins og t.d. að baka pizzur með mismunandi aðferðum.

Lögð er áhersla á að nýta allt hráefni til matargerðar vel og er allur úrgangur flokkaður. Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í allri vinnu í heimilisfræðistofunni.

Kennslan í þessum valáfanga gekk vel og voru nemendur yfirleitt glaðir og ánægðir með verkefni sem í boði voru hverju sinni.

Í lok hverrar kennslustundar settust nemendur og kennari saman og borðuðu það sem eldað var. Kappkostað var að allir ættu notalega stund saman. Á meðan borðhaldi stóð var spjallað bæði um daglegt líf og eins ýmsa fróðleiksmola tengda því sem verið var að gera.

Námsmatið var símat og var það gert jafnt og þétt yfir önnina. Lokamatið var hæfni á námssviði og framvinda námsins hjá nemendum.

Við vinnu á símati var horft til markmiða, ástundunar, vinnubragða og áhuga.

Ræktunarverkefni í Brekkuskóla 2022 - 2023

Skólaárið 2022 – 2023 voru tvö ræktunarverkefni í gangi í skólanum.

4. bekkur ræktaði salat og radísur í kennslustofunum sínum með aðstoð ræktunarljóss. Einnig fengu nemendur í árganginum lítil stjúpublóm sem búið var að sá fyrir í Litlu garðyrkjustöðinni. Þeir settu stjúpunar í blómapotta, létu þær vaxa og dafna í skólanum og allir nemendur fóru heim með sína stjúpu þegar þær voru að því komnar að að springa út.

Markmiðið með ræktunarverkefninu var að nemendur fengju að sjá hvernig fræ verður að plöntu og fylgjast með hvernig þarf að hugsa um plöntur til að þær geti vaxið. Einnig að nemendur fengju að kynnast hvernig þeir geta stuðla að sjálfbærni með því að rækta sjálfir.

Nemendur voru ánægðir að taka þátt í þessu verkefni og fengu að sjálfsögðu góða aðstoð frá kennurum sínum.

Samkvæmt venju settu nemendur í 2. bekk niður kartöflur í maílok í Matjurtagörðum Akureyrar með kennurunum sínum. Áður en farið var að setja niður kartöflurnar voru nemendur búnir að fræðast um kartöfluræktun og vinna verkefni tengt því.

Markmið með kartöfluræktuninni voru að að nemendur fengju að kynnst hvernig kartöflur eru ræktaðar og hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum til sjálfbærni með því að rækta sitt eigið grænmeti.

Í haust fara nemendurnir og taka kartöflurnar upp og allir fá þá að fara heim með sínar kartöflur.

Það heppnaðist mjög vel að setja kartöflurnar niður og allir voru glaðir með þetta verkefni. Það er því tilhlökkunarefni að taka kartöflurnar upp í haust.

Hönnun og smíði

Kennari: Rúnar Már Þráinsson
Nemendur í 4.-10. bekk

Húsnæði og aðbúnaður

Kennsla í hönnun og smíði fór fram í smíðastofu Brekkuskóla. Stofan er búin þeim kostum að vera þægilega stór og björt. Í henni eru góðir skápar, skrifstofa, efnisgeymsla og tækjaherbergi. Í tækjaherberginu er góð fjölnota trésmíðavél af gerðinni SCM Lab 300n. Í henni er borðsög, afréttari, þykktarhefill og yfirfræsari. Einnig er þar gömul bandsög og gamall trérennibekkur. Ný bandsög var keypt í ár. Í stofunni sjálfri er ein nothæf tifsög til afnota fyrir nemendur. Þar eru einnig ein gömul súluborvél og góð pússivél. Nemendur hafa aðgang að 10.8V Makita bor- og skrufvélum sem nýttust afar vel. Þær voru valdar sérstaklega til að vera léttar og meðfærilegar í höndum nemenda en hafa samt nægan kraft til að bora og skrúfa í allt timbur. Þetta eru vélar af hæsta gæðaflokki sem gert er ráð fyrir að hafi mjög langan endingartíma. Ný súluborvél var versluð fyrir veturinn. Hún uppfyllir gæða- og öryggiskröfur og hefur komið sér afar vel.

Kennsluhættir

Skipulag kennslustundar og kennsluaðferðir

Kennt var í 2x40 mínútna lotum í öllum árgöngum. Í öllum árgöngum var uppsetning kennslustundar keimlík. Í upphafi settust allir nemendur við sama borð, ég tók mætingu og fór yfir hvert markmið kennslustundarinnar væri og hvernig nemendur skyldu vinna að því. Þetta tók stundum stutta stund og en stundum var tekinn góður tími í að ræða við nemendur um tilgang og markmið. Hér voru verkfæri leiðsagnarnáms oft notuð. Til að mynda vaxandi hugarfar, áhersla á samvinnu og námshringurinn. Þegar ný verkefni lágu fyrir fór ég yfir það lið fyrir lið með sýnikennslu á verkfærin. Þar næst hófu nemendur vinnu og ég fylgdist með og aðstoðaði þar sem þurfti. Þegar ég lagði eitthvað fyrir sem nemendur þurftu sérstaklega mikla aðstoð við (t.d. saga út með laufsög), skipti ég hópnum upp og hluti hans fékk auðveldara verkefni á meðan ég aðstoðaði hinn hlutann. Þetta átti aðallega við í 3. og 4. bekk. Þegar um það bil 10 mínútur voru eftir af kennslustundinni hættu allir vinnu og hjálpuðust að við að ganga frá í stofunni. Þá settust allir niður og ég tók stöðuna hjá þeim til að auðvelda undirbúning fyrir næsta tíma. Flest verkefni voru einstaklingsverkefni þar sem nemendum var leyft að leita aðstoðar hver hjá öðrum. Það er hentugt við uppsetningu stofunnar að tveir hefildykkir liggja saman og yfirleitt voru tveir til þrjú nemendur að vinna á sama svæði. Það gaf gott tækifæri fyrir þá að hjálpast að. Bæði við úrlausn verkefna og þegar einfaldlega vantaði auka hendur, til dæmis til að halda einhverju föstu. Þannig gátu nemendur lært hversu gagnlegt það er að vinna saman, þó það sé jafnvel unnið að einstaklingsverkefni. Í sjöunda bekk unnu nemendur að verkefni í litlum hópum þar sem reyndi á færni þeirra til að skipuleggja hópavinnu.

Yfirleitt var notast við einfaldar og hefðbundnar kennsluaðferðir. Fyrirlögn og útskýringar voru notaðar til að kynna viðfangsefni fyrir nemendum og það svo endurtekið eftir þörfum. Helsta kennsluaðferðin var einhvers konar blanda af lausnaleit, „læra-með-því-að-framkvæma“, handleiðslu og þjálfun. Þó að lausnaleit sé ekki markvisst kennd eru verkefni þá fjölbreytt og margvísleg að í hverjum tíma kemur upp eitthvað „vandamál“ sem þarf að leysa. Það getur verið hvernig á að gera við þegar flísast úr spýtu við sögun, hvernig er best að búa til mastur og segl á bát eða í hvaða röð er best að skrúfa saman mismunandi hluti í stærra verkefni. Reynt var að fá nemendur til að finna svör við þessum spurningum frekar en að mata þá í sífellu. Þess háttar lausnaleit er háð því að nemendur þekki ágætlega til verkfæra og aðferða en þess vegna er öll handleiðsla og þjálfun mikilvæg. Yfirleitt fengu nemendur til skiptis verkefni þar sem flóknari og flóknari aðferðir voru markvisst þjálfaðar og verkefni þar sem hægt var að beita sömu aðferðum í eigin hönnun. Þetta fór þó eitthvað eftir því hversu marga tíma nemendur fengu í faginu

Kennsla út frá markmiðum

Rauði þráðurinn í smíðakennslunni var að búa til umhverfi þar sem nemendur gætu annars vegar, lært og tileinkað sér aðferðir til að gera hugmyndir sínar að veruleika og hins vegar fengið tækifæri til að nýta sköpunargáfu sína.

Í upphafi skyldi endinn skoða. Skipulagning skólaársins var miðuð við aðalnámsskrá grunnskóla frá 2011 og þeim hæfnikortum sem hafa verið unnin upp úr henni. Eins og segir á blaðsíðu 152 er menntagildi verkgreina þrjúþætt. Það á að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir daglegt líf og búa þá undir frekara nám á sviði verkgreina. Þessi þrjú atriði voru alltaf höfð til hliðsjónar.

Til þess að stuðla að alhliða þroska nemenda var lögð áhersla á góða umgengni, snyrtilegt umhverfi og kennslu í þrífum og frágangi. Í anda uppbyggingar sjálfsgaga var tekin umræða um hlutverk nemenda og kennara. Bekkjarsáttmálar hvers árgangs voru festir upp á munaskápa þar sem þeir voru öllum nemendum vel sýnilegir. Í hverjum hópi var tekin umræða um létt gott andrúmsloft og tillit til samnemenda. Jákvæð endurgjöf var gefin þegar nemandi hafði unnið fyrir hrósi eða þurfti á hughreystingu. Kennari talaði um eigin mistök, hvernig hann tók á þeim og lét nemendur vita að svo lengi sem þeir raunverulega legðu sig fram hefðu þeir tækifæri til að prófa sig áfram og læra þannig af reynslu og mistökum. Framfarir væru mikilvægari en núverandi hæfni. Þannig var lögð áhersla á það ferli að þegar nemandi byrjar að læra á nýtt verkfæri eða nýja aðferð býr hann ekki yfir mikilli leikni en með reynslunni kemur leiknin. Sömuleiðis var lögð áhersla á dugnað en um leið að finna tempó í vinnu sem hægt er að viðhalda án þess að ofgera sér. Markmiðið var að nemendur yrðu þannig læsari á eigin andlega og líkamlega styrk. Vinnan okkar með leiðsagnarnám var góð stoð í þessari vinnu og augljóst sóknartækifæri að gera þetta markvissara í anda hennar. Það helsta sem kom inn nýtt á þessu ári var námshringurinn. Það reyndist vera afbragðs leið fyrir nemendur að átta sig á því hvað gerist þegar viðfangsefni er of auðvelt, passlega krefjandi eða of erfitt.

Til þess að búa nemendur undir daglegt líf var kennt á helstu verkfæri sem finnast á heimilinu og aðferðir sem tryggja góða niðurstöðu. Til dæmis hvernig á að nota málband og blýant á réttan hátt í merkingum og teikningum, hvernig á að beita handsög, hvernig á að nota borvél og hvernig á að undirbúa efni undir lakk.

Til þess að búa nemendur undir frekara verknám fóru fleiri þættir að bætast inn í námið á efsta stigi sem gott er að kunna á grunndeild byggingargreina í verknámi. Þar má nefna nákvæmari niðurefnun

með sög, hvernig á að nota vinkil, hvernig á að meðhöndla bæs og lakk, hvernig á að lesa teikningar og hvernig á að beita trélími í flóknari samsetningum. Þetta átti sérstaklega við nemendur í valhópnum sem kynntust því hvernig á að búa til límtrésplötur með handverkfærum, hefla þær og pússa og smíða einföld húsgögn frá grunni.

Við val á verkefnum, efnivið og kennsluaðferðum voru hæfniviðmið aðalnámskrár, eins og þau birtast í hæfnikortum, höfð að leiðarljósi. Þau eru í þremur flokkum: Handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Út frá þessum hæfniviðmiðum höfðu hæfnikort verið búin til. Sum viðmiðin voru mjög víð, svo sem að geta valið aðferð, efni og verkfæri við hæfi á meðan önnur voru þröng, svo sem að kunna að nota borvél og geta skipt um bor. Þetta gaf mér tækifæri til að útbúa fjölbreytt verkefni sem innihéldu þá ákveðna verkþætti.

Á yngsta stigi voru nemendur kynntir fyrir flestum einföldum verkfærum og teikniaðferðum. Nemendur fengu þjálfun í að saga út í krossvið og MDF, efna með handsög, líma með trélími, nota vatnsmálningu á ábyrgan hátt og negla nagla. Þeir æfðust í að teikna grunnmynd, draga upp form með kalkíppappír og mæla einfaldar stærðir í niðurfrenu.

Á miðstigi bættist við meiri teikning og sjálfstæð hönnun. Sömuleiðis bættist meiri tenging við stærðfræði. Nemendur lærðu að finna miðju á efni og búa til 45° horn með vinkli, hliðsetja línu til að gera ramma, nota málband og vinkil til að gera nákvæma skurði með handsög og saga línur á ská. Nemendur fengu frjálsari hendur til að hanna sín eigin verkefni. Til dæmis bjó 5. bekkur til módel af bæ eftir eigin höfði, nemendur í 6. bekk hönnuðu sinn eigin bát og í 7. bekk hönnuðu nemendur hús og teiknuðu það upp áður en vinna hófst. Ásamt því að fá flóknari verkefni með einfaldari verkfærum kynntust nemendur nýjum verkfærum og fengu að nota tifsög og pússivél. Í 6. bekk fengu nemendur kennslu í samsetningu með skrúfum. Þeir lærðu að nota bæði bor- og skrúfvél og allt það helsta sem þarf að vita til að geta skrúfað saman efni með árangursríkum hætti og þurftu að sína fram á þá hæfni í verkefni.

Á efsta stigi héldu nemendur áfram að teikna upp verkefni sín. Kistur, myndarammar og hillur urðu til í ýmsum stærðum. Einnig fengu nemendur verkefni þar sem þeir þurftu lesa teikningar til að ljúka verkefninu á réttan máta. Meiri áhersla var sett á nákvæm og vönduð vinnubrögð og reynt var að bjóða upp á verkefni sem nýttust á heimilinu. Nemendur kynntust flóknari samsetningum sem eru mikið notaðar í smíðavinnu eins og geirungsskurði. Einnig kynntust nemendur flóknari efnismeðferðum svo sem bæsi og lakki.

Námsmat

Nemendur voru metnir reglulega yfir það tímabil sem þeir sóttu tíma. Þeir voru metnir eftir frammistöðu í tímum og eftir gæðum þeirra verkefna sem þeir skiluðu. Í námsmati var það haft til hliðsjónar að meta hvern nemenda út frá hans eigin persónulegu vegferð í gegn um námið. Framfarir og persónulegir sigrar vógu meira en hlutbundinn árangur. Í sjöunda bekk var sjálfsmat hluti af námsmatinu en annars var allt námsmat í höndum kennara. Engin próf voru haldin.

Samstarf

Nemandi í 10. bekk var aðstoðarmaður smíðakennara allt skólaárið. Annars vegar aðstoðaði hann í undirbúningi kennslu og hins vegar aðstoðaði hann í kennslustundum hjá þriðja bekk. Það var gagnlegt að fá aðstoð hans varðandi undirbúning og flýtti fyrir þegar kom að því að útbúa efnivið fyrir

nemendur. Samstarfið gekk þó best í kennslustundum í 4. bekk. Þar kom í ljós að nemandinn bjó yfir þeirri nærgætni sem er nauðsynleg til að vinna með börnum ásamt því að hann var áhugasamur um verkefni þeirra og hjálpfús. Nemendur voru fljótir að fatta að það var hægt að biðja hann um aðstoð og hann varð vinsæll meðal þeirra. Í fjórða bekk þurfa nemendur meiri hjálp með ýmislegt smáræði eins og skammta málningu, festa verkefni sín með þvingu og þess háttar og því var afar gagnlegt að hafa aðstoðarmann. Þetta var farsælt samstarf og þroskandi fyrir alla sem komu að því.

Starfsmenn skólans báðu af og til um aðstoð með lítil verkefni í vetur. Reynt var að bregðast vel við öllum óskum svo hlutir voru límdir saman, skáphurðar festar upp á nýtt og leikmunir voru smíðaðir fyrir litlar leiksýningar til að nefna eitthvað.

Heimilisfræði

Kennari: Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Starfshlutfall: 73,08

Nemendahópar: 3. 4. 7. 8. 9. og 10. bekkur. Valhópar blandað úr 8. 9. og 10. bekk.

Hópastærð: u.þ.b. 10-15 nemendur.

Öll kennslan fer fram í heimilisfræðistofu. Hún er stór, björt og vel tækjum búin. Aðstaðan öll mjög góð. Skrifstofa fyrir kennara og gott búr fyrir hráefni og annað tengt kennslunni. Flatskjár er í kennslustofunni.

3. bekkur

Nemendur eru í heimilisfræði 1 klst. í senn einu sinni í viku og miðað var við u.þ.b. 10 skipti.

Fjöldi nemenda í hópum er 13-15 sem að er of stór hópur, sérstaklega þar sem hver kennslustund er bara 60 mín og einn kennari. Þetta er styttri tími en aðrir árgangar hafa.

Í fyrstu kennslustundunum er unnið með öllum hópnum við stóra kennsluborðið þar sem að þau eru þjálfuð í að mæla hráefni, vinna deig o.fl. Einnig er unnið með skrifleg verkefni.

Þegar þau eru orðin nokkuð þjálfuð fara þau að vinna á vinnusvæðunum 2-3 saman. Þar er áhersla lögð á verklega hlutann. Einfaldan bakstur og eldamennsku. Samvinnu, hreinlæti, umgengi og frágang.

Æskilegt væri að fá aðstoð inn í þennan fjölmenna og krefjandi hóp og þá jafnvel frá eldri nemendum. Nemendum finnst það gaman og það er líka mjög lærdómsríkt og þroskandi fyrir eldri nemendur að aðstoða þau yngri. Hef góða og jákvæða reynslu af þessu.

Notast er við námsmarkmiðin í kennslunni og nemendur metnir jafnt og þétt í formi símats.

4. bekkur

Nemendur eru 2 kennslustundir í senn tvisvar sinnum í viku. Miðað er við að skiptin séu u.þ.b. 13 hjá hverjum hóp. Fjöldi nemenda 10-13 í hóp.

Þau vinna í blönduðum hópum 2-3 saman. Áhersla er á verklega hlutann, bakstur og eldamennsku en fræðsla sem tengist verkefnum hverju sinni er að sjálfsögðu líka. Rætt er um t.d. hollustu og

heilbrigði, hreinlæti, umhverfismál o.fl. meðan að þau eru að vinna og borða það sem að þau hafa útbúið.

Notast er við námsmarkmiðin í kennslunni og nemendur metnir jafnt og þétt í formi símats.

7. bekkur

Nemendur eru 2 kennslustundir í senn, tvisvar sinnum í viku og miðað var við 12 skipti hjá hverjum hóp. Fjöldi nemenda u.þ.b. 9-12 í hóp.

Þau vinna í blönduðum hópum 2-3 saman. Áhersla er lögð á verklega hlutann, bakstur og eldamennsku og fræðsla sem tengist verkefnum hverju sinni er að sjálfsögðu líka. Rætt er um t.d. hollustu og heilbrigði, hreinlæti, umhverfismál o.fl. á meðan þau vinna og borða það sem að þau hafa útbúið.

Notast er við námsmarkmiðin í kennslunni og nemendur metnir jafnt og þétt í formi símats.

8. 9. og 10. bekkur. Þessir árgangar koma í lotur þ.e. 2 kennslustundir í senn í u.þ.b. 6-8 skipti. Fjöldi nemenda u.þ.b. 10-13 í hóp.

Þau vinna saman 2-3 í blönduðum hópum . Þetta eru verklegir tímar þar sem er bakað og matbúnir léttir og fljótlegir réttir.

Unnið er eftir kennsluáætlunum og markmiðum. Lögð er áhersla á mikilvægi hreinlætis, fljölbreyni og hollustu í matargerð. Flokkun og umhverfisvernd almennt.

Tekið er mið af vinnusemi, jákvæðni og samvinnu þegar metið er jafnt og þétt samkvæmt símati.

8. 9. og 10. bekkur valgrein - Matur og bakstur

Í heimilisfræðivalinu er blandaður hópur úr þremur elstu árgöngum skólans. Nemendur eru eina önn og koma þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og hætta því fyrr á hvorri önn. Þetta fyrirkomulag gefur möguleika á að gera tímafrekari og flóknari viðfangsefni.

Markmiðin í Mat og bakstri eru að nemendur kynnist ýmsum íslenskum matarhefðum s.s. að gera laufabrauð frá grunni, steikja kleinur o.fl. Kynnist matarmenningu annara landa, þjálfist í mismunandi aðferðum við að elda og baka. Útbúa rétti sem vinsælir eru hverju sinni auk þeirra hefðbundnu. Einnig að nemendur fræðist um fæðuofnæmi og óþol fyrir matvælum og mismunandi val á lífsstíl tengdum mat.

Á haustönn taka allir þátt í að baka umtalsvert magn af brauði og kökum fyrir árs hátíð skólans.

Kennslustundirnar eru nánast eingöngu verklegar en ýmsu fræðilegu efni s.s. næringar- og matvælafræði, góðum umgengnisvenjum, hreinlæti og umhverfisvernd er blandað inni.

Nemendur vinna 2-3 saman og nemendahópurinn skiptir með sér verkum. Oft elda einn til tveir hópar aðalrétt, einn hópur bakar brauð og gerir salat og einn til tveir hópar búa til eftirrætt. Stundum

eru allir hóparnir að elda það sama en í mismunandi útfærslum eins og t.d. að baka pizzur með mismundandi aðferðum.

Lögð er áhersla á að nýta allt hráefni til matargerðar vel og er allur úrgangur flokkaður.

Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í allri vinnu í heimilisfræðistofunni.

Í lok hverrar kennslustundar setjast nemendur og kennari saman og borða það sem eldað var. Kappkostað er að allir eigi notalega stund saman. Á meðan á borðhaldi stendur er spjallað bæði um daglegt líf auk ýmissa fróðleiksmola tengda því sem verið var að gera.

Námsmatið er símat og er það gert jafnt og þétt yfir önnina. Lokamatið er hækni á námssviði og framvinda námsins hjá nemendum.

Í vinnu á símati er horft til markmiða, ástundunar, vinnubragða og áhuga.

Myndmennt

Kennari: Joris Rademaker

Myndmenntakennsla í 3. – 10. bekk fór fram í myndmenntastofu Brekkuskóla. Stofan er vel útbúin með fjölbreyttum myndlistargögnum. Jafnframt er leirbrennsluofni í litlu sérherbergi. Myndmenntakennari var í 73 % starfi.

3. bekkur

3. bekk var skipt í þrjá hópa í list- og verkgreinum og voru 13 - 15 nemendur í hóp. Hver hópur kom í 21 skipti í myndmennt og var í eina klukkustund, tvisvar í viku.

Markmið í myndmennt í 3. bekk voru að nemendur gætu skilgreint grunnlitina þrjá, kynnu sjálfstæð vinnubrögð, hefðu kunnáttu í leirmótun og gætu unnið með mismunandi aðferðir, gætu skilgreint grunnformin þrjú, þekktu ýmis hugtök t.d. landslags- og andlistmyndir, þekktu hugtakið skapandi skrift, æfðust í teikna stóra stafi, gætu klippt og límt einföld form, kynnu að vinna með hluti úr náttúrunni og þekktu hlutverk safna.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

Allir hóparnir fóru í heimsókn á Listasafnið. Kennslan gekk vel með þessum hópum og nemendurnir voru áhugasamir en hóparnir voru frekar stórir.

4. bekkur

4. bekk var skipt í fimm hópa í List- og verkgreinum og voru 10 - 12 nemendur í hóp. Hver hópur kom í þrettán skipti í myndmennt og var tvær kennslustundir í einu, tvisvar í viku.

Markmið í myndmennt í 4. bekk voru að nemendur gætu notað grunnform til að búa til nýtt form t.d. bíl, mann eða hús, gætu notað hugtökin kaldir og heitir litir, öðluðust næmni í leirmótun og

tilfinningu fyrir hlutfalli og hreyfingu, gætu blandað andstæða liti úr grunnlitum, gætu skilið hugtökin lóðrétt, lárétt og á ská,

gætur teiknað figúrur og form, klippt út og límt á flöt svo úr verði þrívídd, gætu túlkað árstíðirnar með tilheyrandi litavali, gætu tjáð sig í litum og formum og þekktu hlutverk safna.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn. Mikil áhersla var lögð á að vinna með dýr með mismunandi efnum og aðferðum. Kennslan gekk vel með þessum hópum og nemendurnir voru áhugasamir.

5. bekkur

5. bekk var skipt í fjóra hópa í list- og verkgreinum og voru 10 - 12 nemendur í hóp. Hver hópur kom í 16 skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, tvisvar í viku.

Markmið í myndmennt í 5. bekk voru að nemendur gætu skilgreint mismunandi efni t.d. málningu, krítar, blýanta og tússpenna, gætu búið til grímur úr pappamassa, gætu teiknað fólk og dýr með smáatriðum og gætu gert athuganir á umhverfinu og unnið úr því. Einnig að nemendur gætu blandað andstæða liti úr grunnlitum og málað t.d. landslagsmynd og gætu unnið og gengið frá mismunandi efnum.

Kennslan gekk mjög vel með þessum hópum og nemendurnir voru áhugasamir.

7. bekkur

7. bekk var skipt í fimm hópa í list- og verkgreinum og voru 7 – 13 nemendur í hóp. Hver hópur kom í 17 skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, tvisvar í viku.

Markmiðin í 7. bekk voru að nemendur gætu tjáð og túlkað eigin hugmyndir og valið efni við hæfi, gætu notað mismunandi verkfæri til að búa til ólíkar áferðir í málningu, gætu teiknað andlit og figúru í réttum hlutföllum á einfaldan hátt, gætu teiknað rétt hlutfall mannlíkama og hreyfingu hans, gætu notað sirkil og búið til flókin munstur, gætu lýst og dekkst með hvítu og svörtu og búið til mismunandi gráa tóna. Þekktu vegglist og áhrif hennar á list og hönnun, gætu málað íslenskt landslag, gætu teiknað bíla og tæki í þrívídd og gætu skrifað stafi eða orð í þrívídd. Gætu búið til þrívíddarletur og þekktu hlutverk safna og kynntust ýmsum stílum listasögunnar.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn. Talsverð áhersla var lögð á að vinna með hlutföll í hlutbundinni og óhlutbundinni myndbyggingu. Það var kynjaskipt í hópana. Flestir nemendur voru duglegir að vinna en svolítill órói var í samskiptum á milli sumra nemenda í strákahópnum. Stelpuhóparnir voru mun minni og það gekk ljómandi vel í þeim. Það hefði verið betra að hafa blandaða hópa. Stuðningsfulltrúi fylgdi með einum strákahóp og stóð hann sig mjög vel.

8. bekkur

8. bekk var skipt í fimm hópa í list- og verkgreinum og voru 11 - 13 nemendur í hóp. Hver hópur kom í sjö skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, einu sinni í viku.

Markmið í myndmennt í 8. bekk voru að nemendur gætu skilgreint mismunandi aðferðir, gætu teiknað mynd með geometrískum formum, gætu tileinkað sér túlkun í myndmáli s.s. lógó, app, fána o.fl. gætu nefnt helstu listamenn í myndlistarsögu Íslands, þekktu listasöfn og tilgang þeirra í menningu okkar, kynntust ýmsum stílum listasögunnar, gætu gert klippimyndir á súrrealískan hátt, gætu útfært og unnið hugmynd sína frá grunni.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

Ekki var hægt að ná öllum markmiðum sem áætluð voru vegna þess hve nemendur komu í fáar kennslustundir. Kennslan gekk mjög vel og nemendur voru duglegir og áhugasamir.

9. bekkur

9. bekk var skipt í fimm hópa í list- og verkgreinum og voru 13 nemendur í hóp. Hver hópur kom í 7 skipti í myndmennt og var í tvær kennslustundir, einu sinni í viku.

Markmiðin í 9. bekk voru að nemendur gætu skilgreint mismunandi aðferðir, verkfæri og efni, gætu nefnt helstu listamenn í myndlistarsögu Íslands, gætu skilgreint hugtökin hlutbundið og óhlutbundið, gætu útfært og unnið hugmynd sína frá grunni og gætu málað með akrýl og bleki.

Nemendur unnu fjölbreytt einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn. Sérstök áhersla var lögð á íslenska landslagsmálara og að teikna andlit í réttum hlutföllum. Þessir hópar unnu mjög vel og voru áhugasamir.

Textílmennt

Kennari Ágústa Karlsdóttir
Starfshlutfall 100%
Nemendur í 3-10 bekk.

Kennsla fór fram í textílstofunni hjá öllum árgöngum. Stofan er rúmgóð og vel búin og nýttist hún vel ásamt geymslu/blautrými (með vöskum og þvottavél). Blautrými er á milli textíl og myndmenntastofunnar og er þar samnýtt. Í stofunni eru tvö sníðaborð, góð tölva, flatskjár, færanleg tafla, mátunarklefi og 11 saumavélar. Einnig eru góðar hirslur bæði fyrir nemendur og kennara þ.e.a.s. skápar fyrir alla hópa og góðar hirslur undir allt efni, tól og tæki. Textílstofan er einnig notuð sem búningageymsla. Stofan er björt og rúmgóð en loftgæði stofunnar eru ekki nógu góð þar sem loftið er mjög þurr.

Hóparnir eru sumir hverjir of stórir en það eru frá 8-15 nemendur í hóp.

3. bekkur fékk 1 klst. á viku í textílmennt og voru þau í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum og fékk hver hópur 11 skipti. Nemendur unnu nokkur verkefni t.d. að vefa á geisladisk (endurnýting) telja út í krossaum og sauma saman tvo hluti með þræðispori og tunguspori. Einnig notuðu þau taubrykk og tauliti til skreytingar á hlut og fengu að nota saumavélina með aðstoð kennara. Nemendur velja sjálf liti og mynstur í öll verkefni. Nemendur voru almennt mjög spenntir fyrir allri textílvinnunni og lögðu sig almennt fram. Hópurinn var of stór til að sinna þeim sem skyldi.

4. bekkur fékk 2x2 kennslustundir á viku og voru þau í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum og fékk hver hópur 13-14 skipti. Nemendur læra að prjóna garðaprynjón og að sauma bangsa og bangsaföt í saumavélinni. Í bangsafötin endurnýttum við efni og notum efnisafganga og ýmislegt sem til fellur. Nemendur gera bangsaverkefnið eftir sínu höfði og hanna á þá ýmislegt, nefna hann svo og gera hann að sínum. Þessi verkefni gengu mjög vel og voru nemendur sérlega spenntir fyrir bangsaverkefninu.

5. bekkur fékk 2x2 kennslustundir á viku og voru þau í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum og fékk hver hópur 14-15 skipti. Nemendur gerðu krosssaumsverkefni þar sem þau hönnuðu og saumuðu sjálfsmynd fyrir krossaum og saumuðu litla púða. Einnig rifjuðu þau upp prjónakunnáttu og lærðu að fitja upp og fella af prjóni og náðu mörg hver að prjóna lítinn hlut. Þessi verkefni gengu mjög vel og nemendur voru sérlega spenntir fyrir sjálfsmyndinni sinni.

6. bekkur fékk 2x2 kennslustundir á viku og voru þau í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum þar sem hver hópur fékk 20-22 skipti. Nemendur hönnuðu sinn eigin púða með ákveðnum grunnþáttum, völdu liti og form og saumuðu bæði með hand og vélsaum. Einnig lærðu þau grunninn í hekli og náðu mörg hver að gera lítinn kaktus. Einhverjir nemendur náðu að gera aukaverkefni að eigin vali, krossaum, hekl eða prjón. Þessi verkefni vel og nemendur voru almennt jákvæðir.

7. bekkur fékk 2x2 kennslustundir á viku og voru þau í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum þar sem hver hópur fékk 14-16 skipti. Nemendur saumuðu sér náttbuxur, ýmist úr endurnýttum efnum (sængurverum) eða lituðu efnið sjálf. Sumir nemendur lituðu boli í stíl við náttbuxurnar. Flestir nemendur náðu að gera aukaverkefni að eigin vali. Þessi verkefni gengu almennt vel en tveir

drengjahópar voru mjög krefjandi, sérstaklega í byrjun. Flestir nemendur virtust spennir fyrir þessu verkefni.

8. bekkur fékk 2 kennslustundir á viku og voru þau í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum og fékk hver hópur 6-7 skipti. Nemendur rifjuðu upp saumavélakunnáttu og fengu svo val um að sauma svuntu eða fóðraðan poka eftir eigin útfærslu og litavali. Ef tími vannst til fengu þau að velja sér aukaverkefni s.s. útsaum, þrjón eða hekl. Almennt gekk vel í þessum hópum og voru nemendur oftast áhugasamir.

9. bekkur fékk 2 kennslustundir á viku í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum og fékk hver hópur 5-6 skipti. Nemendur rifjuðu upp prónakunnáttu sína og gerðu einn hlut. Flestir gerðu tusku en nokkrir eyrnaband eða húfu. Þetta voru fáir tímar fyrir verkefni en góð upprifjun og flestir virtust sáttir við að sitja í rólegheitum og spjalla saman.

10. bekkur fékk 2 kennslustundir á viku og voru þau í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum og fékk hver hópur 9 skipti. Nemendur lærðu mismunandi aðferðir við litun á textíl og saumuðu stóran púða úr efninu. Þau skreyttu púðana með aftursting og völdu sér liti og mynstur í verkið. Flestir nemendur náðu að gera aukaverkefni og fengu þau að velja það sjálf. Þetta verkefni gekk sérlega vel og nemendur virtust sáttir við það.

Fatahönnun -val var fyrir nemendur voru í 8-10 bekk Nemendur voru einu sinni í viku fyrir eða eftir áramót og fengu 3 kennslustundir á viku eða 30 kennslustundir alls. Á þennan hátt nýtist tíminn betur og eru nemendur þá búnir fyrr á önninni sem því nemur. Í þessum hóp eru nemendur mjög mismunandi langt komin í fatahönnun þar sem sumir hafa verið áður en aðrir eru að koma í fyrsta sinn. Nemendur vinna ólík verkefni í samráði við kennarann allt frá því að laga, breyta og bæta flikur upp í endurnýta efni eða kaupa efni í verkið. Verkefnin í vetur voru fjölbreytt og gengu almennt mjög vel.

Í öllum hópum er einstaklingsvinna og áhersla lögð á að ganga vel um og að við berum sameiginlega ábyrgð á hlutunum. Nemendur eru ávallt hvattir til að hjálpast að og leiðbeina hvert öðru ef þau geta. Almennt eru nemendur duglegir að hjálpast að og hrósa hvert öðru.

Þessi vetur var góður í kennslu og nemendur almennt jákvæðir og duglegir að vinna.

Listasmiðjur og samþætting námsgreina

Brynhildur Kristinsdóttir 100% starfshlutfall. Ég kenndi 4.-10. bekk og var með val tvisvar í viku auk þess sem nemandi í 6. bekk kom til mín á miðvikudögum frá 11.20 -12.30 en þeir tímar voru fyrir utan 26 tíma kennsluskylduna.

Aukaverkefni í vetur:

- Sýning nemenda á Listsafninu á Akureyri
- Þemadagar; Grímur og stopmotion í samstarfi við Dagbjört og fjórða bekk. Góð samvinna!!
- Brekkuskólaleikar: Mandölu- og vinasteinar, góð samvinna og verkefnið gekk vel!
- Jólakötturinn: samvinna með miðstigi. Jólagjafir
- Leirmótun á starfsdegi: Í samstarfi við Joris, mjög skemmtilegur og gefandi dagur!!

Í vetur hef ég leitast við að samþætta námsgreinar við sjónlistir og notað til þess fjölbreyttar aðferðir auk þess sem ég hef kynnt fyrir nemendum nýja miðla við nám og kennslu í listgreinum. Ég lít svo á að ekki sé lengur hægt að byggja námskrá skóla eingöngu á hefðbundnum námsgreinum sem eru tiltölulega óháðar hver annari heldur verður að leitast við að samþætta námsgreinar og skapa úr þeim samstæða heild. Ég tel afar mikilvægt að búa til tengsl námsgreinar og viðfangsefni í námi við lífið sjálft og nánasta umhverfi. Eitt af mikilvægustu hlutverkum kennarans er að hvetja nemendur til að vinna á sem fjölbreytilegastan hátt og kenna þeim það í gegnum námsefni sem gefur nemendum svigrúm til að velja mismunandi leiðir. Samhliða kennslunni hef ég þróað námsvefinn namsverkefni.is sem er leið fyrir mig til að halda utan um áhugaverð verkefni og þróa þau áfram. Því má segja að verkefni séu aldrei fullkláruð heldur í stöðugri þróun. Ég hef unnið öll verkefni með nemendum mínum að einu undanskildu sem ég vann upp á eigin spýtur. Verkefnunum fylgir ítarleg kennsluáætlun

Námsvefurinn gerir mér kleift að deila hugmyndum mínum og námsverkefnum með öðrum. Sjá hér:

<https://sites.google.com/view/namsefnimyndlist/home>

Hér má auk þess sjá stopmotion sem þau Hekla, Grétar og Ari unnu að hluta í vali veturinn 2022. Gott dæmi um nýja miðla í námi :

<https://www.youtube.com/watch?v=Z-l7iEyg7zM>

Dæmi um verkefni sem nemendur unnu í vetur því að myndir segja meira en 1000 orð:



Einstaklingsverkefni unnið af nemanda í 6. bekk




Hjólhestur eftir nemanda í 5. bekk



Mynd 3 Saumuð dúkka eftir nemanda í 4. bekk



Grimugerð með 5. bekk



Mynd 5 Móna Lísu eftir nemendur í 9-10. bekk



Leirmótun, bolli eftir nemanda í 7. bekk



Verk eftir nemendur í vali, verkin voru sýnd á sýningunni Sköpun Bernskunnar í Listasafninu á Akureyri



Verk eftir nemanda í 4. bekk



Bangsinn er eftir nemanda í 4. Bekk



Uglan er úr leir og eftir nemanda í vali.

Hæfnimarkmið í listasmiðju

Að nemendur geti:

- Unnið með mismunandi efni svo sem leir, pappamassa, dúkristur og timbur
- Unnið með mismunandi liti og áferð svo sem vatnsliti, akrílliti og poscapenna
- Útfært tvívítt verk í privítt form frá skissu yfir í privítt verk
- Sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í verkefninu
- Valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefninu eins og að þekkja muninn á tvívíðu og þrívíðu formi, þekki frumlitina og grunnformin.
- Geti unnið með fjölbreytilega áferð og skala - nálægð og fjarlægð, forgrunn og bakgrunn og miðrými, kyrrð og hreyfingu í byggingu myndverka
- Geti unnið myndverk á fjölbreytilegan hátt í ýmis efni með margvíslegum áhöldum í gegnum teiknun, málun, mótun, klippimyndir, þrykk
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- Fjallað um eigin verk og verk annara í virku samtali við aðra nemendur

Ég er stolt af því að vera kennari og mig langar að leitast við að verða betri kennari. Á síðustu árum er farið að viðurkenna í æ ríkara mæli að samfélagið þarf á skapandi fólki að halda. Þessi viðurkenning birtist meðal annars í því að í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla er nú talað um sköpun sem einn af grunnþáttum menntunar. Mikilvægi skapandi hugsunar og getu til skapandi athafna kemur einnig skýrt fram í því að nú á tímum er kallað eftir nýsköpun. Ákallið um sjálfbæra þróun krefst þess að fólk hafi ræktað hæfileika sína til skapandi hugsunar og aðgerða til að geta leyst vandamál og mætt þörfum heimsins.

Ég hef mikið frelsi innan veggja skólans, kennslustofunnar, og fyrirmynd mín að spennandi námsumhverfi er öðru fremur vinnustofa listamanns. Ég legg áherslu á að nemendur fái frelsi til að fara sínar leiðir rannsaka og kanna, finna sköpunargleði og síðast en ekki síst að staldra við og dvelja með hugsunum sínum og læra leiðir til að útfæra hugmyndir sínar. Ég trúir því að þar sem er frelsi þar er orka, að þegar horft er með frjálsum huga þá verði allt nýtt!

Sérkennsla

Teymið skipaði Erna Kristín Kristjánsdóttir, Guðrún Íris Valsdóttir, Halla Kristín Tulinius, Margrét Helgadóttir, Margrét Ingimundardóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir og Rósa Mjöll Heimisdóttir. Stella Gústafsdóttir var verkefnastjóri sérkennslu.

Fundir í sérkennsluteymi voru annan hvern mánudag kl. 15 - 16. Byrjaði teymið á að útbúa starfsáætlun með þeim verkefnum sem leggja átti áherslu á í vetur.

Sameiginleg fræðsla

1. Utis Online 23. – 24. september 2022
2. Ráðstefna Bugl, janúar 2023
3. Eyrún Ingvadóttir var með fræðslu um málþroskaröskun þann 20. mars 2023.

Verkefni sem unnið var að á fundum í vetur:

Megináherslan í vetur var á málþroskaröskun.

Rætt var um aukna áherslu og vitund um nemendur með málþroskaröskun. Kennarar horfðu flestir á rafrænan fyrirlestur sem Málefli hélt um málþroskröskun DLD, einnig fór Íris á málþing um málþroskröskun (Fræðsludagur FÍS 28. nóvember 2023) og miðlaði í framhaldinu glærum og glósum til annarra meðlima teymisins. Eyrún talmeinafræðingur kom svo til okkar á vordögum með góðan fyrirlestur um málþroskarsökun þar sem við fengum hagnýtar upplýsingar og verkfæri til að aðstoða börn með málþroskaröskun.

Eitt af málefnum vetrarins sem tekið var fyrir í teyminu var hegðunarvandi og tengsl við uppbyggingarstefnuna. Við veltum fyrir okkur hver væru okkar skýru mörk, hvernig tókum við á óæskilegri hegðun í skólanum og hvernig getum við sérkennarar miðlað því sem við kunnum í hegðunarstjórnun til annarra kennara. Úrræði vegna hegðunar - Hvernig getum við unnið frá byrjun skólagöngu og upp úr?

Hægt er að nýta:

- a. verkfæri Uppbyggingarstefnunnar - hvernig notum við þau? Hver eru skýru mörkin?
- b. að foreldrar koma í skólann
- c. að utanaðkomandi aðilar komi og aðstoði við að greina vandann og finna leiðir.

Annað sem við ræddum var lestur og lestrarlag.

- a. Hvernig á að meta lestrarlag? Nota matsramma mms fyrir lesfimi.
- b. Hverjir eiga að meta það? Sá sem lestrarprófar metur lestrarlag skv. matsramma fyrir lesfimi.
- c. Hvar og hvernig á að skrá það? Lausnin er að umsjónarkennarar setji það inn sem athugasemd inn í Mentor námsmatinu í hæfnikortið.

Við ræddum nýtt fyrirkomulag umsókna um greiningar sem eru alfarið orðið rafrænar.

Í kjölfarið ræddum við um lesgreiningar. Ef nemendur hafa farið í lesgreiningu í 4. bekk og eru hæglæs þarf að greina þau aftur í 7. bekk þannig að þau sem ná viðmiðum LOGOS fái fyrir aðgang að hljóðbókasafninu.

Rætt um einstaklingsnámskrár, form, útlit og markmið. Umræður um hvort væri hægt að hafa eitt form sem hentaði öllum og niðurstaðan var sú að við yrðum að vera með nokkur form í gangi en samvinna við kennara væri alltaf lykillinn. Umræður um að kennarar, aðrir en umsjónarkennarar þyrftu að vera hluti að þessari markmiðsgerð og einnig hluti af framkvæmdinni, þegar það á við.

Stjórnendur komu eitt skipti á fund með teyminu. Miklar og gagnlegar umræður voru um hvernig stuðningi og sérkennslu sé best háttað.

Hugleiðingar á vordögum

Við erum allar sammála um að nauðsynlegt er fyrir okkur að hittast reglulega, ræða saman og vinna að verkefnum þannig að við þróum starf okkar. Einnig er mikilvægt að vera í virku samtali við stjórnendur og umsjónarkennara.

Að hafa farið á sameiginlega fræðslu hefur nýst okkur vel. Við gátum í leiðinni tengt upplýsingar við okkar starf og aukið þekkingu okkar. Það er mikilvægt fyrir okkur að halda áfram að fræðast um þær áskoranir sem margir nemendur skólans þurfa að takast á við og undirbúa okkur til að veita þeim faglega kennslu og koma til móts við þarfir þeirra.

Umræður og fræðsla um málproskaröskun var mjög gagnleg og mun nýtast okkur áfram í vinnu með nemendur næsta vetur.

Sérkennsla á miðstigi- 4. 5. og 6. bekkur

Í sérkennsluteyminu á miðstigi skólaárið 2022-2023 voru Margrét Helgadóttir og Ragnheiður Ólafsdóttir, báðar í skertu stöðuhlutfalli.

Teymið hafði tvær stofur til umráða — stofu 201 og 204 sem báðar eru kallaðar námsver. Alls nutu 54 nemendur í 4. — 6. bekk stuðning- eða sérkennslu í vetur, 23 í 4. bekk, 15 í 5. bekk og 16 í 6. bekk. Margir nemendur komu daglega í námsver allan veturinn, aðrir nokkrum sinnum í viku og svo komu hópar á stutt námskeið til þess að þjálfa færni í sérstökum þáttum.

Nokkrir nemendur sem sóttu tíma í námsveri eru með skilgreinda námsörðugleika, dyslexíu, einhverfu, málproskaröskun, eða ADHD. Í vetur hafa einnig verið margir nemendur sem koma frá öðrum löndum og tala litla eða enga íslensku. Þeir fengu allir málörvun í gegnum leik, spil og tjáningu.

Nemendur komu í misstórum hópum, flestir tíu, fæstir tveir. Sumir þurftu lestrarþjálfun, aðrir markvissa lestrar- og lesskilningskennslu og stór hópur kom í endurinnlögn í stærðfræði og vinnu tengda henni. Vinnan í námsverinu fór töluvert fram í gegnum leik, spil og tjáningu. Þeir nemendur sem eru með skilgreinda námsörðugleika og fleiri greiningar vinna eftir einstaklingsnámskrá.

Nemendur komu ýmist í námsver eða sérkennarar voru inni í bekkjunum eftir þörfum nemenda, kennara og viðfangsefnum hverju sinni.

Sérkennarar funduðu vikulega með umsjónarkennurum þar sem farið var yfir stöðu nemenda, markmið og skipulag. Samvinna milli umsjónarkennara og sérkennara gekk vel. Í námsveri voru opnir tímar svokallaðir hjartatímar, þrír í viku hverri, og geta allir nemendur á miðstigi nýtt sér þá. Þeir voru fyrst og fremst hugsaðir fyrir nemendur sem þurfa að hvíla sig á stórum bekkjarhópi, þurfa ró og næði eða einhvern til að spjalla við.

Hjartatímarnir voru vel nýttir í ár og þar áttu nokkrir nemendur sitt fasta athvarf.

Aðalkennslugreinar voru íslenska og stærðfræði og megináhersla lögð á lestur, aukinn orðaforða, lesskilning, grunnþætti í málfræði auk stærðfræði. Unnið var út frá námskrá hvers bekkjar eða einstaklingsnámskrá nemenda. Nemendur í námsveri unnu sérsniðin verkefni og námið fór oft fram í gegnum leiki og spil. Nemendur með annað tungumál en íslensku þjálfuðu málið með málörvun og tjáningu. Nemendum gekk í flestum tilfellum vel í námsveri og voru ánægðir með veru sína þar.

Bekkjarsáttmálar 4., 5., og 6. bekkjar voru sýnilegir á veggjum í námsveri og þeim fylgt í hverjum árgangi fyrir sig.

Stuðst var við leiðsagnarnám og margir þættir teknir inn í kennsluna eins og t.d. að það er í

lagi að gera mistök, að maður þarf að æfa sig til að ná tökum á náminu, að vinna með námsfélaga, að hrósa, t.d. fyrir framfarir, að leggja sig fram, að vinna með námsfélaga og takast á við áskoranir, að mæta fjölbreyttum þörfum, að nota nafnspýtur (engar hendur upp) og nota spurningaskeljar.

Sérkennarar á stiginu tóku þátt í og skipulögðu þemavinnu, útivistardaga og hefðir innan skólans með kennurum og nemendum.